


Gildandi deiliskipulag Nauthólsvíkur, samþykkt 23.03.18. Kvarði 1:1000, með síðari breytingum; 5. september 2000, 3. júní 2003, 21. janúar 2004, 6. júní 2008, 21. nóvember 2008, 5. október 2009, 7. júlí 2010, 30. ágúst 2013, 23. mars 2018.



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur í nóvember 2019. Kvarði 1:1000

Breytingar - samantekt:


- Deiliskipulagsmörk Nauthólsvíkur færast til vesturs, yfir ódeiliskipulag svæði, að mörkum nýs deiliskipulags brúar yfir Fossvog, Öryggisgirding flugvallarins færast til vesturs og verður girðingin ný deiliskipulagsmörk flugvallarins. Deiliskipulagsmörk Nauthólsvíkur verða færð að nýjum deiliskipulagsmörkum Reykjavíkurflugvallar (öryggisgirðingunni). Suð-vestur horn deiliskipulagsmarka Háskólans í Reykjavík færast til norðurs um u.þ.b. 50 m vegna nýrn gatnamóta Borgarlínu og Nauthólsvégar.
- Nýr tveggja akreina tengivegur fyrir almenningssamgöngu á milli Nauthólsvégar og nýrrar brúar yfir Fossvog er færður inn á deiliskipulagið. Tengivegurinn, yfir vegamót Nauthólsvégar og tengivegar og aðliggjandi stigakerfi eru sýnd til skýringar á uppdrætti, en nákvæmlega borgarlínu og endanleg hönnun gatna- og stigakerfis í kring liggur ekki fyrir.
- Svæði fyrir landfyllingu vegna lagningar akbrautar fyrir almenningssamgöngu er bætt inn á uppdrætt. Settur eru skilmálar um að umfangi landfyllingar skuli haldin í hámarki þar sem hún hefur innan hverfisverndarsvæðis, og að rask og sjónræn áhrif á svæðið skuli lágmarkuð með vandaðri aðlögun að landi og vönduðum frágang. Lokaft skal við raska sem minnstu af áður órókusöm hluta strandlínunnar við framkvæmdina. Skal þess gætt sérstaklega við framkvæmdir við landfyllinguna að minjar sem finna á svæðinu (minjar 220-117, hermíjar yngri en 1940 - skotbyrgi við Kyrhamar) verði ekki fyrir raski. Stærð landfyllingar verður að hámarki 0.4 ha.
- Breytingu sem gerð var á deiliskipulagi Nauthólsvíkur 8. júní 2009 (samþykkt 5. nóvember 2009) voru löðarmörk Nauthólsvégar 100 (byggingar á svæði C, lóð a7) færð til og endurskilgreind. Var lóðin samkvæmt þeirri breytingu 4924 m². Á löðarblöðum úttefnum af Reykjavíkurborg 17.12.2009 er lóðin hins vegar sýnd vera 4958 m². Löðarmörk Nauthólsvégar 100 (a7) eru nú samræmi við þetta, svo öll lóð a7 falli innan þess. Byggingarreitir a6 fyrir spennistöð, sem áður var á milli deiliskipulagsmarka flugvallarins og svæðis C, vörk fyrir nýjum tengivegi fyrir almenningssamgöngu. Er reiturinn fluttur norður fyrir reit a7, þar sem fyrir er 4m kvæð OR um jarðstrengi og gróft, skv. mæliblaði Reykjavíkurborgar 1.688.4 frá árinu 2010. Staðsetning innskyrsu á bilastaði á reit a7 við Nauthólsvög 100 er lagðar eftir loftmynd í samræmi við núverandi legu og fjöldi bilastaða sýndur allt að 20. Bilastaðirnir eru teiknað eftir teikningu DID Design sem sá um löðarhönnun og eru þau í samræmi við aðaluppdrætt Nauthólsvégar 100 - skýringarmynd m/úmsök um niðurtöku braga frá 2016, eins og hann lítur út á vef Reykjavíkurborgar.
- Svæði B fyrir bilastaði innan löðarmarkna Nauthólsvíkur (Nauthólsvégar 106, reitur a4) er afmarkað á uppdrætti (svæðismörk bilastaða við Nauthól voru felld niður í breytingu sem gerð var 15.09.2009).
- Löðarmörk Nauthólsvégar 99 (reitur a5) eru leiddrétt í samræmi við löðarblá úttefni af Reykjavíkurborg bann 2. október 2008. Stærð löðarinnar er leiddrétt í samræmi við það, fer úr 2439 m² í 2699 m².
- 40 hjólastæðum og skýringum fyrir þau er bætt inn á uppdrætt, sbr. breytingu 21. maí 2003. Svæðismörkin B er tekin af svæði milli a1 og a2, þar sem gerð var ráð fyrir fjórum bilastaðum fyrir hefhamálaða, þar hefur verið lokað fyrir umferð skandi og bilastaðirnir eru því færð af því svæði og á almenn bilastaði á svæði B.
- Svæði I fyrir snúningshaus vegna almenningsvagna og fólksflutningabíreiðar - samtals 4 bilastaði og innan svæðisins var gert ráð fyrir byggingarreit fyrir bíðskýli, var bætt inn á uppdrætt í breytingu á deiliskipulaginu sem samþykkt var 5. september 2000. Svæði I var felt niður á þessum stað og fært að norð-vestur mörkum deiliskipulagsins í breytingu sem samþykkt var í Borgarráði 10. apríl 2008. Textinn: „Löðarstærð 587 m² var færður inn á uppdrætt og passar það við stærð svæðis I. Í þeirri breytingu var byggingarreit a3 fyrir strætisvagnskýli einnig færður inn á svæði I fyrir snúningshaus, að austurmörkum skv. breytingartexta en er sýndur við vestrúðir á uppdrætti, og er stærð hans sýnd 25 m². Á sama tíma er þó skilmálatexta fyrir byggingarreit a3 breytt í „a3 Byggingarreitir fyrir bíðskýli – felt út 2007“. Í næstu breytingu stendur enn í skilmálu fyrir byggingarreit: „a3 Byggingarreitir fyrir bíðskýli – felt út 2007“, en reiturinn er eftir sem áður sýndur á uppdrætti á svæði I við vestrúðir deiliskipulagsvæðisins. Þarna er því ósamræmi milli skilmálatexta og breytingartexta. Hefur þarna löst að breyta skilmálu fyrir reitinn í samræmi við færslu

- hans. Þannig hefur þetta verið í gegnum þær breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu síðan. Í síðustu breytingu, sem gerð var 7. nóvember 2017 var snúningshaus vegna almenningsvagna og fólksflutningabíreiða felldur úr skipulaginu, en reitur a3 var enn sýndur á uppdrætti. Hér er því felt af uppdrætti: Svæði I, texti: „Löðarstærð 587 m²“ sem átti við um svæði I, og byggingarreitir a3 fyrir bíðskýli. Í skilmálu fyrir byggingarreit stendur enn til gloggvarnar á brúnn skipulagsins „a3 Byggingarreitir fyrir bíðskýli – felt út 2007“.
 - Núverandi skúr á byggingarreit a2 fyrir bátanaust er færður inn á uppdrætt, en hann skal fjarlægður.
 - Svæði F - Baðströnd, svæði ætlað til sólabá, laugarsvæði, heitir pottar og laugar, með sírennslí og svæði til leikja og íþróta, möguleg uppsetning leiktækja, blakvallar o.fl. er stækkað til að ná yfir svæði vestan við sjóbaðarsvæðið, þar sem sjósuðsfolk gengur á land vestan við grjótaröð. Þá er núverandi stíga fyrir sjósuðsfolk bætt á uppdrætt austan megin við svæði F.
 - Göngustígakerfi er uppfært í samræmi við legu þess. „Mögulegt flugmínjasafn“ sem sýnt er á svæði vestan deiliskipulagsmarka í skipulaginu og utan skipulagsins fellur við stækking deiliskipulagsvæðis innan þess og er felt út.
 - Deiliskipulagið er fært úr Reykjavíkurninum yfir í ÍSNET og við það kann eitthvað að hlífðarstílaleggja.
 - Minjaskráning er uppfærð skv. núgildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands. 15 m verndarsvæði er afmarkað í kringum minjar og gæta skal fylst varúð við framkvæmdir í nánunda við þær.
 - Afmrökun hverfisverndar ST4. Nauthólsvík er bætt inn á uppdrætt í samræmi við gildandi aðalskipulag á svæðinu.
 - Kvaðir um lagnir á uppdrætti hafa verið endurskilgreindar í samræmi við Veitur samkvæmt athugasemdum þeirra við auglsta tillögu. Sjá nánar uppfærðar kvaðir á uppdrætti. Gera þarf ráð fyrir færslu útrásar regnvatns til vesturs við endurhönnun lagna á svæðinu.
 - Víð framkvæmdir innan skipulagsvæðisins skal fylgja leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla.
- Sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð með deiliskipulagsbreytingu.


Tillaga að legu Borgarlínu á svæðinu var sýnd af Verkefnastofu Borgarlínu með tilliti til hindranaflata flugvallar og þeirra hönnunarforseða sem rúð er við í undirbúningi að gerð frumdragarskýrsu fyrir Borgarlínuverkefni, sjá minnisblað Verkefnastofu Borgarlínu, dags. 30. apríl 2020. Forsendur miða við að hæðarleiga áktaðar leitar minnst 5 m undir hindranaflati flugvallar og jafnvel neðar. Frekari útfærsla og hönnunarviðmið aksturleiðir Borgarlínu að Fossvogsbrú verða hér eftir sem hingað til unnar í samræmi við Ísavia




Skýringarmynd 1: Allar skráðar minjar á skipulagsvæðinu og verndarsvæði þeirra.



Skýringarmynd 2: Hæðartakmarkanir (m.y.s.) vegna hindranaflata Reykjavíkurflugvallar og helgurnarsvæðis oflugsbúnaðar við flugbrautarenda.



Skýringaruppdrættir sem sýnir afmrökun breytinga. Kvarði 1:1500



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 SKÝRINGAR

---	Mörk skipulagsvæðis
---	Mörk skipulagsvæðis felld niður
---	Svæðisafmrökun A-I
---	Byggingareitir
---	Löðarmörk
---	Aðliggjandi deiliskipulagsmörk
---	Hverfisverndarsvæði ST4. Nauthólsvík.
---	Stærð byggingarreit (m ²)
---	Fjöldi bilastaða
---	Akstursakoma/vegir
---	Svæði fyrir borgarlínu / Stoppistöð - leiðbeiningar um löglaustafestning
---	Hjólastígar - leiðbeiningar um staðsetningu
---	Göngu-/hjólástígar - leiðbeiningar um staðsetningu
---	Upplýsingaskilti
---	Hjólastæði - fjöldi
---	Kvæð um lagnir
---	Núv. bygging sem stendur áfram
---	Núv. bygging fjarlægð
---	Landfylling fyrir akbraut
---	Landfylling - víðbótarlönd
---	Skráðar forn-/herminjar
---	Skráðar forn-/herminjar - hornar
---	15 m verndarsvæði forn-/herminja
---	Afmrökun og númer breytinga

- SKILMÁLAR FYRIR SVÆÐI:
- A Svæði innan flugvallar, ætlað til útivistar skv. deiliskipulagi
 - B Almenn bilastaði, alls um 200 staði
 - C Svæði fyrir veitingareitur, þjónustu eða aðra starfsemi
 - D Leikvöllur með boltastaðstöðu
 - E Svæði fyrir fjöldi eða léttar byggingar sem stenda tímabundi
 - F Baðströnd, svæði ætlað til sólabáa, laugarsvæði, heitir pottar og laugar með sírennslí og svæði til leikja og íþróta, möguleg uppsetning leiktækja, blakvallar o.fl
 - G Svæði til sjóbaða, heitt vatn notað til uppíttunnar.
 - H Afmrökun frá Fossvoginum með flötgirðingum og grjótaröð
 - I Nauthólsvík fyrir siglingar og segbretti.
 - J Flotbyrggur fyrir siglingaklúbba og gestagjafara
 - I Svæði fyrir veitingareitur og þjónustu

- SKILMÁLAR FYRIR BYGGINGAR
- Byggingarreitir fyrir þjónustu húðs, (baðhúð og starfsmannastaða).
 - Byggingin er ein hæð með einhalla þaki
 - Efnisnotkun, steyptrir veggir og steyptr þak
 - Byggingarreitir fyrir bátanaust
 - Núverandi bygging fjarlægð
 - Mænishæð að hámarki 6.5 m
 - Mænisskefna frjáls en þök hallandi
 - Stærð byggingar allt að 1500 m²
 - Bygging verði umhverfis aflokað port
 - Byggingar falli að umhverfinu og aðliggjandi byggingu
 - Bilastaði samnýtt með almennum staðum
 - Byggingarreitir fyrir bíðskýli - felt út 2007
 - Byggingarreitir fyrir veitingahús
 - Bygging verði á einni hæð
 - Mænishæð að hámarki 5 m
 - Stærð byggingar allt að 300 m² - 600 m²
 - Allir meginhlutar timburpalla skulu vera innan byggingarreit
 - Ekki er leyflegt að staðsetja auglýsingaskilti á löðinni
 - Raska skal sem minnst umhverfi og aðlaga núverandi
 - Bilastaði eiga að vera samnýtt með almennum staðum
 - Núverandi félagsheimili
 - Tveir braggar frá seinni heimstyrjöldinni á einni hæð
 - Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stærð og útliti bygginganna
 - Ekki er leyflegt að staðsetja auglýsingaskilti á löðinni
 - Bilastaði samnýtt með almennum staðum
 - Löð dreifistöðvarinnar
 - Stærð lóðar er 16 m² og byggingarreitir 13 m².
 - Staðsetning dreifistöðvarinnar er frjáls innan byggingarreitins.
 - Dreifistöðin er 5 m² að stærð og er byggð úr forsteypum einingum.
 - Heildarhæð er allt að 1.8 m.
 - Löð fyrir veitingastað eða aðra starfsemi og þjónustu sem fellur að nýtingu útivistarsvæðis og starfsemi í Nauthólsvík.
 - Fyrir á löðinni eru byggingar á einni hæð tilheyrandi „Transit Camp“ flutningsbúðunum, sem voru byggðar 1942-1944.
 - Byggingarreitir eru skilgreindar umhverfis núv. hús og þau sem hafa verið rifin. Leyfleg er endurbýgging núv. byggingunum sem tekur mið af upprunalegri stærð og útliti. Mögulegt er að byggja ný hús sem taka mið af fyrirkomulagi, stærð og útliti húsa, sem hafa verið rifin.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt _____ þann _____ 20____ og _____ þann _____ 20____.

Tillagan var auglöst frá _____ 20____ með athugasemdafrest til _____ 20____.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórntíðinda þann _____ 20____.

Uppdrættir þessum fylgja greinargerð dags. 11. nóvember 2019, m. s. br.

NAUTHÓLSVÍK DEILISKIPULAG

Mkv. 1:1000 A0 Breyting dags. 11. nóvember 2019 Teikn. MÓ. KÚS



Nauthólsvík



GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

dags. 11. nóvember 2019
br. 15.05.2020



LANDMÓTUN®

Margrét Ólafsdóttir og Kristín Una Sigurðardóttir

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 575 5300



Efnisyfirlit

1.	VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR	3
2.	SKIPULAGSSVÆÐIÐ – NÚVERANDI LANDNOTKUN OG FORSENDUR	7
3.0.	FORNMINJAR.....	8
3.	UMHVERFISSKÝRSLA	8
3.1.	AÐFERÐIR OG FRAMSETNING	8
3.2.	MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	11
3.3.	NIÐURSTAÐA.....	16
3.4.	VERKLAG OG TÍMAÁÆTLUN	17
4.	KYNNING OG SAMRÁÐ.....	17
5.	HEIMILDASKRÁ.....	18

Myndaskrá

Mynd 1.	Deiliskipulagssvæðið með fyrirhugaðri stækkun til vesturs.	3
Mynd 2.	Úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar sem sýnir strandlínuna um aldamótin 1900 og strandlínuna í dag.	7
Mynd 3.	Yfirlitsmynd sem sýnir umrætt deiliskipulagssvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. ..	7
Mynd 4.	Úr landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar sem sýnir strandlínuna um aldamótin 1900 (græn lína) og strandlínuna í dag. Þarna sést hve lítið er eftir af náttúrulegri standlínu í Reykjavík.	9

Töfluskrá

Tafla 1.	Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.	11
Tafla 2.	Matsspurningar sem notaðar eru til að meta umhverfisþætti sem notaðir eru í umhverfismati Aðalskipulags Reykjavíkur.	11
Tafla 3.	Umhverfisviðmið úr stefnu stjórnvalda, lögum og reglugerðum sem höfð eru til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu.....	12
Tafla 4.	Samanburður við núllkost.	16



Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið með fyrirhugaðri stækkun til vesturs.

1. VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Gerð er breyting á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna um 350 m kafla nýrrar tveggja akreina akbrautar fyrir almenningssamgöngur sem fellur innan deiliskipulagsins. Vegkaflinn er hluti af stærri framkvæmd sem er brú yfir Fossvog fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur. Deiliskipulag brúar yfir Fossvog tók gildi þann 29. mars 2019 og var það háð umhverfismati skv. 3. gr laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Markmið þess deiliskipulags er að bæta samgöngur milli Reykjavíkur og Kópavogs, tengja aðliggjandi byggð og jafnframt efla vistvæna samgöngukosti á svæðinu ásamt því að stytta ferðaleiðir og dreifa umferðarálagi á fleiri leiðir og ferðamáta. Vegkaflinn sem hér um ræðir tengir nýja brú við núverandi Nauthólsveg, og er deiliskipulagssvæði Nauthólsvíkur stækkað til vesturs til að vegkaflinn, sem nær frá nýju deiliskipulagi brúar yfir Fossvog að Nauthólsvegi, auk hjóla- og göngustígatenginga, falli innan deiliskipulagsins. Fellur vegkaflinn í B flokk skv. 10.09 gr. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um lög um mat á umhverfisáhrifum og er háður ákvörðun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum (10.09 – *Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.*) Í flokki B og C eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt sömu lögum, sbr. einnig 2. viðauka. Möguleg sammögnunaráhrif með framkvæmdum við brú yfir Fossvog eru fyrir hendi. Í umhverfisskýrslu er lagt mat á umfang og vægi mögulegra umhverfisáhrifa af framkvæmdinni og lagðar til mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir umhverfisáhrif ef þörf krefur.

Tillaga að legu Borgarlínu á svæðinu var rýnd af Verkefnastofu Borgarlínu með tilliti til hindranaflata flugvallar og þeirra hönnunarforsenda sem stuðst er við í undirbúningi að gerð frumdragarskýrslu fyrir Borgarlínuverkefnið, sjá minnisblað Verkefnastofu Borgarlínu, dags. 30. apríl 2020. Forsendur miða við að hæðarlega akstursleiðar Borgarlínu verði minnst 5 m undir hindranaflati flugvallar og



jafnvel neðar. Frekari útfærsla og hönnunarviðmið akstursleiðar Borgarlínu að Fossvogsbrú verða hér eftir sem hingað til unnar í samráði við Isavia

Eftir auglýsingu breytingartillögunnar var kvöðum vegna lagna á uppdrætti breytt í samræmi við athugasemdir Veitna Ohf. við tillöguna. Uppfærð fornleifaskráning barst eftir að tillagan var auglýst og var minjaskráning á uppdrætti uppfærð til samræmis. Þá var ákvæði um að fylgja skuli leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla við framkvæmdir á svæðinu bætt við, í samræmi við innsendar athugasemdir íbúaráðs Miðborgar og Hlíða.

Samhliða breytingu vegna nýs vegar eru gerðar fleiri breytingar á deiliskipulaginu og það uppfært miðað við núverandi ástand, sjá eftirfarandi lista:

1. Deiliskipulagsmörk Nauthólsvíkur færast til vesturs, yfir ódeiliskipulagt svæði, að mörkum nýs deiliskipulags brúar yfir Fossvog. Öryggisgirðing flugvallarins færist til vesturs og verður girðingin ný deiliskipulagsmörk flugvallarins. Deiliskipulagsmörk Nauthólsvíkur verða færð að nýjum deiliskipulagsmörkum Reykjavíkurflugvallar (öryggisgirðingunni). Suð-vestur horn deiliskipulagsmarka Háskólans í Reykjavík færist til norðurs um u.þ.b. 50 m vegna nýrra gatnamóta Borgarlínu og Nauthólsvegar.
2. Nýr tveggja akreina tengivegur fyrir almenningssamgöngur á milli Nauthólsvegar og nýrrar brúar yfir Fossvog er færður inn á deiliskipulagið. Tengivegurinn, ný vegamót Nauthólsvegar og tengivegar og aðliggjandi stígakerfi eru sýnd til skýringar á uppdrætti, en endanleg hönnun liggur ekki fyrir.
3. Svæði fyrir landfyllingu vegna lagningar akbrautar fyrir almenningssamgöngur er bætt inn á uppdrátt. Settir eru skilmálar um að umfangi landfyllingar skuli haldið í lágmarki þar sem hún fellur innan hverfisverndarsvæðis, og að rask og sjónræn áhrif á svæðið skuli lágörkuð með vandaðri aðlögun að landi og vönduðum frágangi. Leitast skal við að raska sem minnstu af áður óröskuðum hluta strandlengjunnar við framkvæmdina. Skal þess gætt sérstaklega við framkvæmdir við landfyllinguna að minjar sem finnast á svæðinu (minjar 220-117, herminjar yngri en 1940 - skotbyrgi við Kýrhamar) verði ekki fyrir raski. Stærð landfyllingar verður að hámarki 0,4 ha.
4. Í breytingu sem gerð var á deiliskipulagi Nauthólsvíkur 8. júní 2009 (samþykkt 5. nóvember 2009) voru lóðarmörk Nauthólsvegar 100 (byggingar á svæði C, lóð a7) færð til og endurskilgreind. Var lóðin samkvæmt þeirri breytingu 4924 m². Á lóðarblöðum útgefnum af Reykjavíkurborg 17.12.2009 er lóðin hins vegar sýnd vera 4968 m². Lóðarmörk Nauthólsvegar 100 (a7) eru nú samræmd lóðarmörkum á samþykktum lóðarblöðum útgefnum af Reykjavíkurborg, en lóðin er einnig minnkuð að norð-vestan til að koma fyrir akbraut fyrir almenningssamgöngur, miðað við nýja staðsetningu öryggisgirðingar Reykjavíkurflugvallar. Lóðarstærð er uppfærð til samræmis við það, og er nú 4707 m². Byggingarreitur er lagfærður til samræmis við þetta, svo að hann sé allur innan lóðarmarkna. Mörk svæðis C hliðrast í samræmi við þetta, svo öll lóð a7 falli innan þess.
Byggingarreitur a6 fyrir spennistöð, sem áður var á milli deiliskipulagsmarka flugvallarins og svæðis C, vikur fyrir nýjum tengivegi fyrir almenningssamgöngur. Er reiturinn fluttur



norður fyrir reit a7, þar sem fyrir er 4m kvöð OR um jarðstrengi og gröft, skv. mæliblaði Reykjavíkurborgar 1.688.4 frá árinu 2010.


Staðsetning innkeyrslu á bílastæði á reit a7 við Nauthólsveg 100 er lagfærð eftir loftmynd í samræmi við núverandi legu og fjöldi bílastæða sýndur allt að 20. Bílastæðin eru teiknuð eftir teikningu DLD Design sem sá um lóðarhönnun og eru þau í ósamræmi við aðaluppdrátt Nauthólsvegar 100 - skýringarmynd m/umsókn um niðurtöku bragga frá 2016, eins og hann lítur út á vef Reykjavíkurborgar.

5. Svæði B fyrir bílastæði innan lóðarmarka Nauthóls (Nauthólsveggar 106, reitur a4) er afmarkað á uppdrætti (svæðismörk bílastæða við Nauthól voru felld niður í breytingu sem gerð var 16.09.2009).
6. Lóðarmörk Nauthólsvegar 99 (reitur a5) eru leiðrétt í samræmi við lóðarblað útgefið af Reykjavíkurborg þann 2. október 2008. Stærð lóðarinnar er leiðrétt í samræmi við það, fer úr 2439 m² í 2699 m².
7. 40 hjólastæðum og skýringum fyrir þau er bætt inn á uppdrátt, sbr. breytingu 21. maí 2003. Svæðismerkingin B er tekin af svæði milli a1 og a2, þar sem gert var ráð fyrir fjórum bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Þar hefur verið lokað fyrir umferð akandi og bílastæðin eru því færð af því svæði og á almenn bílastæði á svæði B.
8. Svæði I fyrir snúningshaus vegna almenningsvagna og fólksflutningabifreiðar -samtals 4 bílastæði og innan svæðisins var gert ráð fyrir byggingarreit fyrir biðskýli, var bætt inn á uppdrátt í breytingu á deiliskipulaginu sem samþykkt var 5. september 2000. Svæði I var fellt niður á þessum stað og fært að norð-vestur mörkum deiliskipulagsins í breytingu sem samþykkt var í Borgarráði 10. apríl 2008. Textinn: „lóðarstærð 587 m²“ var færður inn á uppdrátt og passar það við stærð svæðis I. Í þeirri breytingu var byggingarreitur a3 fyrir strætisvagnaskýli einnig færður inni á svæði I fyrir snúningshaus, að austurmörkum skv. breytingartexta en er sýndur við vesturmörk á uppdrætti, og er stærð hans sýnd 25 m². Á sama tíma er þó skilmálatexta fyrir byggingar a3 breytt í „a3 Byggingarreitur fyrir biðskýli – felld út 2007“. Í næstu breytingu stendur enn í skilmálum fyrir byggingar: „a3 Byggingarreitur fyrir biðskýli- felld út 2007“, en reiturinn er eftir sem áður sýndur á uppdrætti á svæði I við vesturmörk deiliskipulagssvæðisins. Þarna er því ósamræmi milli skilmálatexta og breytingartexta. Hefur þarna láðst að breyta skilmálum fyrir reitinn í samræmi við færslu hans. Þannig hefur þetta verið í gegnum þær breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu síðan. Í síðustu breytingu, sem gerð var 7. nóvember 2017 var snúningshaus vegna almenningsvagna og fólksflutningabifreiðar felldur úr skipulaginu, en reitur a3 var enn sýndur á uppdrætti. Hér er því felld af uppdrætti: Svæði I, texti: „lóðarstærð 587 m²“ sem átti við um svæði I, og byggingarreitur a3 fyrir biðskýli. Í skilmálum fyrir byggingar stendur enn til glöggvunar á þróun skipulagsins „a3 Byggingarreitur fyrir biðskýli – felld út 2007“.
9. Svæði þar sem bygging a4 er staðsett (Nauthóll, Nauthólsvegi 106) fær merkinguna I (sem áður var svæði fyrir snúningshaus vegna almenningsvagna). Svæði I er, líkt og svæði C, fyrir veitingarekstur og þjónustu.



10. Afmörkun svæðis A er breytt til að reitur a5 sé allur utan svæðisins og vegna legu nýrrar akbrautar fyrir almenningssamgöngur. Í skilmálum fyrir a5 stendur:
„Núverandi félagsheimili
- Tveir braggar frá seinni heimstýrjöldinni á einni hæð
- Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stærð og útliti bygginganna.“
Skilmálar eru óbreyttir og ekki er skilgreindur byggingarreitur á svæðinu þar sem ekki er gert ráð fyrir breytingum á byggingunum.
11. Núverandi skúr á byggingarreit a2 fyrir bátanaust er færður inn á uppdrátt, en hann skal fjarlægður.
12. Svæði F - Baðströnd, svæði ætlað til sólbaða, laugarsvæði, heitir pottar og laugar, með sírennsli og svæði til leikja og íþróttar, möguleg uppsetning leiktækja, blakvallar o.fl. er stækkað til að ná yfir svæði vestan við sjóbaðssvæðið, þar sem sjósundsfólk gengur á land vestan við grjótgarð. Þá er núverandi stiga fyrir sjósundsfólk bætt á uppdrátt austan megin við svæði F.
13. Göngustígakerfi er uppfært í samræmi við legu þess. „Mögulegt flugminjasafn“ sem sýnt er á svæði vestan deiliskipulagsmarka í skipulaginu og utan skipulagsins fellur við stækkun deiliskipulagssvæðis innan þess og er fellt út.
14. Deiliskipulagið er fært úr Reykjavíkurnitum yfir í ÍSNET og við það kann eitthvað að hliðrast lítillaga.
15. Minjaskráning er uppfærð skv. núgildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands. 15 m verndarsvæði er afmarkað í kringum minjarnar og gæta skal fyllstu varúðar við framkvæmdir í námunda við þær.
16. Afmörkun hverfisverndar ST4. Nauthólsvík er bætt inn á uppdrátt í samræmi við gildandi aðalskipulag á svæðinu.
17. Kvaðir um lagnir á uppdrætti hafa verið endurskilgreindar í samráði við Veitur samkvæmt athugasemdum þeirra við auglýsta tillögu. Sjá nánar uppfærðar kvaðir á uppdrætti. Gera þarf ráð fyrir færslu útrásar regnvatns til vesturs við endurhönnun lagna á svæðinu.
18. Við framkvæmdir innan skipulagssvæðisins skal fylgja leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla.

2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ – NÚVERANDI LANDNOTKUN OG FORSENDUR



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir umrætt deiliskipulagssvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er skipulagssvæðið skilgreint sem strandsvæði ST4 Nauthólsvík og er hverfisverndað (HV). Í aðalskipulaginu er stefnt að því að halda hverfisverndarsvæðum sem mest óbreyttum frá náttúrunnar hendi, en stærstur hluti þess lands sem stækkun deiliskipulagssvæðisins nær til er landfylling vegna Reykjavíkurflugvallar. Nauthólsvík hefur verið vinsælt útivistarsvæði frá því eftir síðari heimstyrjöld og eru þar í dag stundaðar alls kyns vatnaíþróttir. Megin stefna fyrir skipulag svæðisins í gildandi

Aðalskipulagi Reykjavíkur er að halda, styðja við og styrkja núverandi nýtingu svæðisins. Svæðið liggur að haf- og strandsvæði fyrir sérstök not (SN1). Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er gert ráð fyrir brúarmannvirki yfir Fossvog milli Kársness og vestan við Kýrhamar. Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999, en friðlýsingarsvæðið nær að austurmörkum deiliskipulags Nauthólsvíkur og hefur breytingin sem hér um ræðir því ekki áhrif á friðlýsingarsvæðið. Við Fossvogsbakka er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, sem lýsa ástandi í lok ísaldar fyrir 11.000 árum.



Mynd 3. Úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar sem sýnir strandlínuna um aldamótin 1900 og strandlínuna í dag.



3.0. FORNMINJAR

Innan deiliskipulagssvæðisins hafa minjar verið skráðar í tvígang. Í deiliskipulagi Nauthólsvíkur frá árinu 1998 er vísað í minjauppdrátt K. Mogensen frá maí 1996 og minjar sem hann skráði eru merktar inn á uppdrátt. Árið 2013 var gerð byggðakönnun með fornleifaskrá og húsakönnun fyrir Vatnsmýri – Seljamýri og Öskjuhlíð (Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2013). Byggðakönnunin var gerð samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en síðar tók Minjastofnun Íslands upp nýja staðla um fornleifaskráningu og skil á gögnum. Í umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24. mars 2017 vegna matslýsingar brúar yfir Fossvog er fjallað um skýrsluna Vatnsmýri – Seljamýri- Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun. Segir í umsögninni að í skýrslunni sé gerð grein fyrir skráningu fornleifa, herminja og annarra minja á flugvallarstæðinu og í nágrenni þess, og að engar minjar eru skráðar þar sem nýja brúin muni tengjast landi Reykjavíkur megin. Gerði Minjastofnun ekki athugasemdir við aðal- og deiliskipulagslýsingu fyrir brú yfir Fossvog frá Kársnesi í Kópavogi og í land vestan Kýrhamra í Reykjavík. Í umsögn Minjastofnunar við tillögu á vinnslustigi að deiliskipulagi vegna lagningu brúar yfir Fossvog með Landfyllingum undir báða brúarenda, dags. 20. júní 2018, kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi vegna brúar yfir Fossvog. Minjastofnun tók ákvörðun um að fornleifaskrá skyldi svæðið sem breyting þessi nær til að nýju samkvæmt nýjum stöðlum. Eftir auglýsingu deiliskipulagsbreytingarinnar barst uppfærð fornleifaskráning svæðisins og hafa minjar á uppdrætti og verndarsvæði þeirra verið uppfærð í samræmi við niðurstöður skráningarinnar. Nokkuð er af fornleifum á skipulagssvæðinu og mikið um herminjar. 15 m verndarsvæði er afmarkað í kringum minjar og gæta skal fyllstu varúðar við framkvæmdir í námunda við þær (Anna Lísu Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, 2019). Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Strandlínan innan deiliskipulagssvæðisins er að mestu manngerð landfylling. Finnist minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn, eins og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar gerir ráð fyrir.

3. UMHVERFISSKÝRSLA

3.1. AÐFERÐIR OG FRAMSETNING

Þar sem brú yfir Fossvog og veltengingar að henni falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 fylgir umhverfisskýrsla með breytingartillögu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna veltengingar við nýja brú yfir Fossvog. Framkvæmd við veltengingar á milli brúar yfir Fossvog og núverandi vegakerfis er nátengd framkvæmdum við brú yfir Fossvog og því er miðað við skipulags- og matslýsingu brúar yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og almenningsvagna í umhverfisskýrslu þessari. Í umhverfisskýrslu vegna deiliskipulags fyrir Fossvogsbrú er fjallað um áhrif sem snúa að hönnun og útliti brúar og aðliggjandi svæða.¹

Í umhverfismatinu er unnið með sömu umhverfispætti og í umhverfismati Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og tekið er mið af umfjöllun í því mati við mótun matsspurninga hér. Þannig er umhverfismat fyrir tengiveg brúarinnar unnið á sömu forsendum og umhverfismat brúarinnar sjálfrar, og umhverfisáhrif breytingarinnar borin saman við núllkost, þ.e. að engin brú verði byggð

¹ Brú yfir Fossvog. Greinargerð deiliskipulagstillögu. Tillaga til auglýsingar, 1. október 2018. Alta, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær.



yfir Fossvog. Lagning 350 m tveggja akreina tengivegar fyrir almenningssamgöngur er þó mun umfangsminni framkvæmd en bygging brúar yfir Fossvog og möguleg umhverfisáhrif af hennar völdum því minni. Tekið er tillit til þess í umhverfisskýrslu fyrir breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru skilgreindir fjórir flokkar umhverfisþátta:

Náttúrufar - lífríki, vatnafar, sjór og strandlengja, jarðfræði og jarðmyndanir, náttúruminjar

Andrúmsloft - loftgæði, losun gróðurhúsalofttegunda

Samfélag - lýðheilsa, menningarminjar, öryggi, félagslegt umhverfi, yfirbragð byggðar, útivistarsvæði

Auðlindir - landrymi og landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, orku- og jarðefnanotkun, sorpförgun, vatnsbúskapur.

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem eru skilgreind í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga umsvif og nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Matsvinnan fer fram samhliða áætlanagerð til að tryggja að horft verði til umhverfissjónarmiða við breytingu á deiliskipulaginu í því skyni að stuðla að umhverfisvernd og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum byggðarþróunar. Það er einnig gert til að umhverfisáhrif mismunandi valkosta um byggðarþróun séu metin og þannig er stuðlað að upplýstri og gegnsærri ákvarðanatöku við mótun skipulags. Matið byggir á helstu áhrifaþáttum sem felast í framkvæmd skipulagsbreytingarinnar og umhverfisþáttum sem kunna að verða fyrir áhrifum af breytingunni. Lagt er mat á umfang og vægi mögulegra umhverfisáhrifa og lagðar til mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir umhverfisáhrif þar sem við á.

Matsvinnan byggir á fyrirbyggjandi gögnum. Tafla 3. gerir grein fyrir helstu gögnum sem notuð eru í matsvinnunni, matsspurningum og stefnum stjórnsvalda sem litið er til við mat á vægi áhrifa.



Mynd 4. Úr landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar sem sýnir strandlínuna um aldamótin 1900 (græn lína) og strandlínuna í dag. Þarna sést hve lítið er eftir af náttúrulegri standlínu í Reykjavík.



Gera þarf ráð fyrir stækkun landfyllingar sem gerð var fyrir Reykjavíkflugvöll vestan við svokallaðan Kýrhamar sem undirbyggingu fyrir nýjan veg og er svæði fyrir hana afmarkað á deiliskipulagsupprætti. Sú framkvæmd mun óhjákvæmilega valda raski á öröskuðum kafla strandlengjunnar á mótum landfyllingar fyrir flugbraut 01-19 á Reykjavíkflugvelli og hins manngerða baðstrandarsvæðis í Nauthólsvík. Þannig verður landfyllingin að hluta til á þegar röskuðu svæði, en þar sem hún fellur innan hverfisverndarsvæðis eru settir skilmálar í deiliskipulag um að umfangi landfyllingar, raski og sjónrænum áhrifum af hennar völdum á svæðið skuli haldið í lágmarki með vandaðri aðlögun að landi og vönduðum frágangi, og að leitast skuli við að raska sem minnstu af áður öröskuðum hluta strandlengjunnar við framkvæmdina. Á mynd 4 sést hve lítið er eftir af náttúrulegri strandlínu Reykjavíkur sem undirstrikar mikilvægi þess að standa vörð um þá auðlind sem náttúruleg strandlína er.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 kemur fram að Reykjavíkflugvöllur skuli víkja fyrir strandsvæði, íbúðarbyggð og miðsvæði í Vatnsmýri í framtíðinni og flugvelli fundinn annar staður á höfuðborgarsvæðinu. Í framtíðinni eru því miklar breytingar fyrir séðar í kringum skipulagssvæðið, með tilheyrandi framkvæmdum og raski. Með þessar breytingar í huga verður tenging fyrir almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur með brú yfir Fossvog enn mikilvægari og mun hafa áhrif á umferðarflæði víða á höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisáhrif þess hluta framkvæmdarinnar sem fellur innan deiliskipulags Nauthólsvíkur eru óveruleg. Svæðið er þegar að hluta til byggt og ný mannvirki verða að mestu byggð upp á þegar röskuðu svæði. Byggðakönnun var gerð á svæðinu árið 2013, fornleifaskrá og húsakönnun. Á því svæði sem ekki hefur verið deiliskipulagt áður og bætist við deiliskipulag Nauthólsvíkur voru einar herminjar yngri en 1940 skráðar í Kýrhamri, en það er skotbyrgi frá árinu 1941 og var ástand þess gott við skráninguna.² Beðið er eftir uppfærðri fornleifaskráningu en skal þess gætt sérstaklega við framkvæmdir við landfyllingu vegna vegarins að minjarnar verði ekki fyrir raski. Samlegðaráhrif verða vegna umhverfisáhrifa framkvæmdar við brú yfir Fossvog og lagningu tengivegar við brúna fyrir almenningsamgöngur innan deiliskipulags Nauthólsvíkur, en umhverfisáhrif nýrrar brúar eru metin í umhverfisskýrslu sem fylgir nýju deiliskipulagi brúarinnar. Brúin mun hafa mikil jákvæð samfélagsleg áhrif, með bættum almenningsamgöngum og bættu aðgengi að útvistarsvæði í Nauthólsvík og Fossvogi. Framkvæmdin getur haft jákvæð áhrif á umferð á Flugvallarvegi en bættar almenningsamgöngur við fyrirtæki við Nauthólsveg, svo sem Háskólann í Reykjavík, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík og Flugleiða, í gegnum brú yfir Fossvog mun létta á því mikla umferðaröngþveiti sem skapast dag hvern á Flugvallarvegi. Einnig getur ný tenging við miðbæ Reykjavíkur um brúna orðið til þess að létta umferðarálagi á nokkrar stofnæðar á höfuðborgarsvæðinu, svo sem Miklubraut.

Þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir neikvæðum áhrifum af völdum deiliskipulagsbreytingarinnar eru helst vegna landfyllingar undir veg, svo sem sjónræn áhrif og áhrif á jarðmyndanir og strandlengju, en þau eru ekki talin veruleg. Einnig eru í nálægð fyrirhugaðrar landfyllingar einar skráðar stríðsminjar (yngri en frá árinu 1940) sem gæta þarf að raskist ekki.³

² Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun Fornleifaskrá og húsakönnun. Skýrsla nr. 161. Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2013.

³ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun Fornleifaskrá og húsakönnun. Skýrsla nr. 161. Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2013.



Þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir jákvæðum áhrifum af völdum deiliskipulagsbreytingarinnar eru áhrif á lýðheilsu, loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda. Helsti jákvæði ávinningur framkvæmdarinnar verður ef tekst að auka hlutdeild virkra, umhverfisvænna ferðamáta í nálægð deiliskipulagssvæðisins. Þau áhrif eru metin í umhverfismati fyrir nýtt deiliskipulag brúarinnar. Lagning brúar yfir Fossvog mun óhjákvæmilega hafa áhrif á hverfisverndarsvæðið og útivistarsvæði við strandlengjuna sem mun taka nokkrum breytingum en útivistarsvæðið í Nauthólsvík ætti ekki að verða fyrir verulegum áhrifum öðrum en hugsanlega frá ferðum almenningsvagna um nýjan veg.

Deiliskipulagsbreytingin er ekki talin hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

3.2. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Líkur á jákvæðum áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Líkur á óverulegum áhrifum á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Líkur á neikvæðum áhrifum á umhverfisþátt
Óljós/ háð útfærslu	?	Óvissa um áhrif stefnu áætlunar á viðkomandi umhverfisþátt og/eða háð útfærslu skipulagsáætlunar.

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

Til að meta umhverfisáhrif nýs deiliskipulags brúar yfir Fossvog voru skilgreindar matsspurningar fyrir hvern umhverfisþátt og eru þær í töflunni hér að neðan.⁴ eru þær einnig notaðar sem viðmið hér:

Tafla 2. Matsspurningar sem notaðar eru til að meta umhverfisþætti sem notaðir eru í umhverfismati Aðalskipulags Reykjavíkur.

Náttúrufar	Hefur valkosturinn áhrif á óraskað land eða strandlengju? Raskar valkosturinn lífríki í sjó eða á landi? Hefur valkosturinn áhrif á náttúruverndarsvæði? Er tekið tillit til hækkunar á sjávarborði við hönnun á byggð og mannvirkjum við ströndina?
Andrúmsloft	Hefur valkosturinn áhrif á loftgæði og hljóðvist? Hefur valkosturinn áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?
Samfélag	Eykur valkosturinn aðgengi almennings að almenningsgöngum? Er hjólandi og gangandi gert auðveldara að komast leiðar sinnar?

⁴ Brú yfir Fossvog. Greinargerð deiliskipulagstillögu. Tillaga til auglýsingar, 1. október 2018. Alta, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær.



	<p>Dregur valkosturinn úr ferðaþörf, ferðalengd og styttir ferðatíma?</p> <p>Hefur valkosturinn áhrif á yfirbragð byggðar og byggðapróun?</p> <p>Hefur valkosturinn áhrif á menningarminjar?</p> <p>Hefur valkosturinn áhrif á öryggi eða heilsu?</p> <p>Tekur valkosturinn tillit til útivistargildis svæða?</p>
Auðlindir	<p>Er nýtt land brotið undir byggð eða samgöngumannvirki?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á landslag?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á orku- og jarðefnanotkun?</p>

Í töflu 3 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins. Þess ber að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan kann að hafa í för með sér.

Tafla 3. Umhverfisviðmið úr stefnu stjórnvalda, lögum og reglugerðum sem höfð eru til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu.

Heiti áætlunar	Stefnuviðmið
Lög um umhverfismat áætlana. nr. 105/2006	1 gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
Skipulagslög nr. 123/2010.	I. kafli, 1. gr. mgr. 2. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslag, náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 (AR)	<p>Svæðið er skilgreint sem strandsvæði ST4 Nauthólsvík og er hverfisverndað (HV). Í aðalskipulaginu er stefnt að því að halda hverfisverndarsvæðum sem mest óbreyttum frá náttúrunnar hendi. Nauthólsvík hefur verið vinsælt útivistarsvæði frá því eftir Síðari Heimstyrjöld og eru þar í dag stundaðar alls kyns vatnaíþróttir. Meginstefna fyrir skipulag svæðisins í gildandi AR er að halda, styðja við og styrkja núverandi nýtingu svæðisins. Svæðið liggur að haf- og strandsvæði fyrir sérstök not (SN1). Í AR og Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er gert ráð fyrir brúarmannvirki yfir Fossvog milli Kársness og vestan við Kýrhamar.</p> <p>AR mótast af þeim sjónarmiðum að samfelld og þétt byggð geti stuðlað að breyttum ferðavenjum með aukinni notkun almenningsgangna og fjölgun hjólandi og gangandi.</p>
Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar	Lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verða tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Þjónusta náttúrunnar verður styrkt og neikvæð umhverfisáhrif lágmarkuð. Stefnunni verður framfylgt í níu



	<p>málaflokkum: auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur, rekstur Reykjavíkurborgar.</p> <p>Þeir málaflokkar sem eiga við hér:</p> <p>Auðlindir: Sjálfbær nýting auðlinda verði tryggð.</p> <p>Samgöngur: Hlutdeild almenningsgangna í ferðum til vinnu og frá vaxi úr 4% í 12%, hlutdeild gangandi og hjólandi vaxi úr 19% í yfir 30%.</p> <p>Skipulag: Útþenslu byggðarinnar verði hætt og a.m.k. 90% nýrra íbúða verði innan núverandi þéttbýlismarka.</p> <p>Gæði umhverfis: Umhverfisgæði í borginni verði til fyrirmyndar á heimsvísu.</p> <p>Loftslagsmál: Dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 35% til ársins 2020 og 73% til ársins 2050 miðað við losunina 2007. Unnin verði stefnumörkun til aðlögunar að loftslagsbreytingum.</p> <p>Náttúra og útivist: Góð tengsl borgarbúa við útivistarsvæði verði tryggð þrátt fyrir nýja uppbyggingu. Hlutfall þeirra sem búa í innan við 300 m fjarlægð frá útivistarsvæðum haldist í 92%. Íbúar verði hvattir til að nýta sér útivistarsvæði borgarinnar.</p>
Landsskipulagsstefna 2015-2026	<p>AR 2010-2030 hefur svipað leiðarljós og meginmarkmið og þau sem fram koma í Landsskipulagsstefnu um búsetumynstur, dreifingu byggðar og sjálfbærar samgöngur, svo sem þessi:</p> <p>3.5.2 Samgöngur í þéttbýli - Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningsamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.</p>
Samgönguáætlun 2011-2022	<p>Í samgönguáætlun 2011–2022 og í fleiri áætlunum stjórnvalda er lögð áhersla á almenningsamgöngur, göngu og hjólréiðar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og samgöngukostnaði.</p> <p>Ný samgönguáætlun 2019-2033 var lögð fyrir Alþingi í október 2018 og er hún nú til umfjöllunar og bíður samþykktar Alþingis. Þar er sérstök aukin áhersla lögð á almenningsamgöngur, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, og er unnið að því að auka möguleika hjólandi í umferðinni í samræmi við stefnu stjórnvalda.</p>
Listi Umhverfisstofnunar yfir friðlýst svæði/ Náttúruminjaskrá	<p>Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem sem náttúruvætti árið 1999, en friðlýsingarsvæðið nær að austurmörkum deiliskipulags Nauthólsvíkur. Þar er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, sem lýsa ástandi í lok ísaldar fyrir 11.000 árum og felst verndargildi svæðisins í verndun þeirra.</p>



Nýtt deiliskipulag brúar yfir Fossvog (tillaga í kynningu)	Núverandi mörk deiliskipulags Nauthólsvíkur færast í suð-vestur, yfir ódeiliskipulagt svæði, að mörkum nýs deiliskipulags brúar yfir Fossvog.
Deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar	Öryggisgirðing Reykjavíkurflugvallar mun færast vestar og mun hún marka ný deiliskipulagsmörk flugvallarins og deiliskipulags Nauthólsvíkur. Mun vegurinn liggja meðfram öryggisgirðingu sem afmarkar deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar og að núverandi Nauthólsvegi.
Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum	Ríkisstjórnin setti fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem miðar að því að standa við skuldbindingar Íslands samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Þar má finna margar aðgerðir sem snúa að samgöngumálum og orkuskiptum. Meginmarkmiðið með umhverfisvænum samgöngum er að þær verði umhverfislega sjálfbærar og stefnt verði að því að draga úr hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum umhverfisáhrifum. Helstu áherslur til að ná þessu markmiði eru m.a. að draga verði úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu og rekstur almenningsamgöngukerfis á landsvísu. Meginmarkmiðið um jákvæða byggðapróun er að auka lífsgæði í byggðum um allt land með bættum samgöngum. Helstu áherslur til að ná þessu markmiði eru m.a. að vinna að því að stytta ferðatíma innan skóla- og vinnusóknarsvæða.

Gerður er samanburður við núllkost sem er samanburður við núverandi ástand þ.e. stefnu gildandi aðalskipulags og samanburður við núverandi aðstöðu á svæðinu. Í umhverfismati breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er umfjöllun um valkost um brú fyrir gangandi og hjólandi, brú fyrir almenningsamgöngur að auki eða enga brú, og er það haft til hliðsjónar í samanburðinum.⁵

Umhverfis-þættir	Valkostur - breyting	Núllkostur
Samfélag	+	-
	Samfélag og þróun byggðar geta orðið fyrir talsverðum áhrifum þeirrar framkvæmdar sem deiliskipulagsbreyting þessi er hluti af. Aðgengi íbúa höfuðborgarsvæðisins að vistvænum samgöngum, þjónustu og atvinnusvæðum verður betra. Framkvæmdin mun stytta ferðalengd og ferðatíma þeirra sem búa á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu og stunda nám eða vinnu í Vatnsmýri eða í miðbæ Reykjavíkur, og gera vistvæna samgöngumáta fýsilegri fyrir þennan hóp. Samgöngur hafa áhrif á lýðheilsu, sérstaklega í þéttbýli þar sem stærri framkvæmdir og stefna hafa mikil áhrif á umhverfisgæði, svo sem staðbundna loftmengun og hávaða frá umferð, auk þess sem vistvænir ferðamátar hafa jákvæð áhrif á	Í dag eru ágætar göngu- og hjólatengingar við Nauthólsvík, bæði frá Kópavogi og innan Reykjavíkur. Almenningsamgöngur við stóra vinnustaði í Vatnsmýri, Icelandair og Háskólann í Reykjavík eru ekki góðar. Á svæðinu myndast daglega umferðaröngþveiti á álagstímum sem hefur í för með sér aukna loft- og hljóðmengun á svæðinu og kostar borgarbúa mikinn tíma. Nauðsynlegt er að bæta almenningsamgöngur við svæðið til að þær verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri sem starfa á svæðinu og leysa megi daglegan umferðaröngþveitisvanda sem stafar af of

⁵ Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Umhverfisskýrsla, bls. 136.

<https://www.kopavogur.is/static/files/Umhverfi-og-utivist/adalskipulagkopavogs.2012-2024-greindarger.pdf>
og: Fossvogsbrú. Tillaga að breytingu. Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Tillaga til auglýsingar 6. Nóvember 2017, bls. 14

<https://www.kopavogur.is/static/files/Skipulag/Skipulagikynningu/a1252-002-u03-askbreyting-fossvogsbruu.pdf>.



	<p>Lýðheilsu og fjárhag heimila sem geta takmarkað notkun einkabílsins með bættum almenningssamgöngum. Þá ætti breytingin að stuðla að samdrætti í bílastæðabörð við stóra vinnustaði í Vatnsmýri, s.s. Háskólan í Reykjavík og Iceland Air, og þannig að bættri landnotkun í Vatnsmýri.</p> <p>Framkvæmdin stuðlar að bættum almenningssamgöngum og bættu aðgengi að útvistarsvæðum í Nauthólsvík og bættum umferðartengingum við Miðbæ og Vesturbæ Reykjavíkur og Seltjarnarnes fyrir íbúa á Kársnesi og sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu.</p> <p>Brúin hefur neikvæð áhrif á siglingastarfsemi í Fossvogi og eru þau áhrif metin í umhverfismati fyrir brúna.</p> <p>Skráðar fornminjar og stríðsminjar eru á svæðinu. Einar skráðar stríðsminjar yngri en frá 1940 eru staðsettar í Kyrhamri og gæta þarf að þær verði ekki fyrir raski við framkvæmdir við mótun landfyllingar og lagningu vegar.</p>	<p>mikilli notkun einkabíla á svæðinu. Ef ekki verður brugðist við þessum vanda mun hann vaxa með aukinni uppbyggingu húsnæðis á svæðinu, svo sem á Hlíðarenda.</p>
Andrúmsloft	+	-
	<p>Deiliskipulagsbreytingin getur haft neikvæð áhrif á staðbundið loftslag og hljóðvist á litlu svæði þar sem almenningsvagnar munu aka þar sem ekki hefur verið bílaumferð hingað til. Það ætti þó ekki að hafa veruleg áhrif á útvistarsvæðið í Nauthólsvík þar sem aðeins er um takmarkaðan fjölda ferða almenningsvagna á klukkustund að ræða og umferðarhraði verður takmarkaður við 30 km á klukkustund á brúnni og á vegkaflanum. Skilmálar fyrir deiliskipulag brúarinnar miða að því að draga úr hljóðmengun af hennar völdum eins og kostur er. Brúin er ekki ætluð fyrir almenna umferð og því verður ekki stöðugur umferðarniður og ekki mikil loftmengun á svæðinu.</p> <p>Þegar litið er til stærra svæðis mun breytingin hafa jákvæð áhrif á loftslag með því að stuðla að aukinni notkun á vistvænum ferðamátum og að draga úr notkun einkabíla og þannig einnig úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þung bílaumferð er meginorsök svifriks- og efnamengunar á höfuðborgarsvæðinu og brú yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og almenningssamgöngur er líkleg til að auka hlutfall þeirra sem velja að nota aðra samgöngumáta en einkabíl til daglegra samgangna og líkur eru á að framkvæmdin dragi úr vexti bílaumferðar á svæðinu og hafi þannig jákvæð áhrif á loftgæði, lýðheilsu og losun gróðurhúsalofttegunda.</p> <p>Breytingin mun stuðla að minna magni svifryks og annarrar loftmengunar í andrúmslofti með bættum aðstæðum fyrir vistvæna samgöngumáta</p>	<p>Loft- og hljóðmengun af völdum mikillar umferðar einkabíla við stóra vinnustaði á svæðinu (Iceland Air og Háskólan í Reykjavík) og umferðarteppu sem myndast daglega á álagstímum á umferðartengingum við svæðið (á Flugvallarvegi) verður óbreytt eða vaxandi ef ekki verður ráðist í aðgerðir til að bæta aðra samgöngukosti við svæðið en einkabílinn. Losun gróðurhúsalofttegunda verður á sama hátt óbreytt eða að öllum líkindum meiri, með þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er á svæðinu (t.d. við Hlíðarenda).</p>
	0/-	0/-



<p>Auðlindir</p>	<p>Lagður er vegur þar sem ekki hefur verið akvegur áður, aðeins útivistarstigur fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Stækkun landfylling er nauðsynleg sem undirbygging fyrir nýjan veg og því mun framkvæmdin óhjákvæmilega hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Að mestu er þó um að ræða stækkun á núverandi landfyllingu en einnig röskun á áður óraskaðri strandlínu.</p> <p>Framkvæmdin getur orðið til þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og minnka losun gróðurhúsalofttegunda og er jákvæð að því leyti.</p>	<p>Ekki verður þörf á stækkun á landfyllingu og þannig mun óröskuð strandlengja ekki skerðast. Ef ekki verður ráðist í aðgerðir til að bæta almenningssamgöngur við svæðið mun umferð einkabíla á því að öllum líkindum aukast með aukinni uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem hafin og fyrirhuguð er (t.d. uppbygging við Hlíðarenda). Aukin umferð einkabíla kallar á stærri samgöngumannvirki og fleiri bílastæði á og við svæðið.</p> <p>Tækifæri til að minnka svifryksmengun, losun gróðurhúsalofttegunda og notkun jarðefnaeldsneytis verða ekki nýtt og notkun þess og losun mun að líkindum aukast með aukinni uppbyggingu á svæðinu.</p>
<p>Náttúrufar</p>	<p>0/-</p>	<p>0</p>
	<p>Náttúrufar er sá umhverfisþáttur sem skipulagið hefur áhrif á. Umfjöllun um náttúrufar nær til gróðurs, dýralífs, vistkerfa, búsvæða, jarðmyndana, landslags, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni eftir því sem við á.</p> <p>Stækkun á landfyllingu við enda NS brautar Reykjavíkurlflugvallar kann að hafa neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en þau skulu lágmörkuð með vandaðri hönnun og vönduðum frágangi.</p> <p>Vegkaflinn sem hér um ræðir hefur óveruleg áhrif á náttúrufar svæðisins og ætti ekki að hafa nein áhrif á náttúruverndarsvæðið í Fossvogi, en sammögnunaráhrif með brú og brúarstólpum getur haft neikvæð áhrif á náttúrulega strandlengju Fossvogs innan við brúna og friðlýst svæði sem þar eru. Er m.a. fjallað um þau áhrif í umhverfisskýrslu fyrir breytingu á aðalskipulagi Kópavogs vegna brúarinnar. Fyrirhugað brúarmannvirki mun liggja yfir þar sem í dag er vatnasvæði Fossvogs og stólpur munu standa í fjörobötni. Áhrif þessa er metið í matsáætlun fyrir nýtt deiliskipulag brúar yfir Fossvog, en eru einnig háð útfærslu.</p>	<p>Núllkostur hefur ekki önnur áhrif á náttúrufar svæðisins að öðru leyti en loftgæði.</p>

3.3. NIÐURSTAÐA

Samantekt á umhverfisáhrifum sem kunna að hljóta af breytingunni og samanburður við núllkost sýnir að breytingin muni hafa meiri jákvæð áhrif í för með sér en neikvæð og er betri fyrir umhverfið en óbreytt ástand. Bættar almenningssamgöngur eru taldar hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og geta orðið til þess að draga úr loftmengun af völdum notkunar einkabíla. Vanda þarf til framkvæmdarinnar og frágangs á svæðinu að framkvæmdum loknum til að vernda náttúruauðlindir og náttúrufar á svæðinu, sem er mikilvægt útivistar- og afþreyingarsvæði og fellur undir hverfisvernd á þeim forsendum.

Tafla 4. Samanburður við núllkost.

Valkostur	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Andrúmsloft	Auðlindir	Náttúrufar



Breyting Nýr vegkafli fyrir almenningsgöngur	+	+	0/-	0/-
Núllkostur Enginn nýr vegkafli fyrir almenningsgöngur	-	-	0/-	0

3.4. VERKLAG OG TÍMAÁÆTLUN

Landið er í eigu Reykjavíkurborgar sem fer með skipulagsvald á svæðinu.

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum birt með fyrirvara um breytingar. Samhliða þarf að breyta afmörkun deiliskipulags Háskólans í Reykjavík og Reykjavíkflugvallar.

Mars 2017 Matslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar (3 vikur).

Mars 2017 Matslýsing auglýst með áberandi hætti og aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Nóvember 2019 Afgreiðsla borgarstjórnar á deiliskipulagsbreytingu vegna heimildar til auglýsingar.

Nóvember/desember 2019 Auglýsing breytingartillögu (6 vikur).

Janúar 2020 Samþykkt deiliskipulags í skipulagsnefnd og borgarstjórn.

Janúar/febrúar 2020 Samþykkt deiliskipulagsbreyting send Skipulagsstofnun (2 vikur).

Febrúar/mars 2020 Gildistaka deiliskipulagsins auglýst.

4. KYNNING OG SAMRÁÐ

Verklag deiliskipulagsbreytingarinnar miðar að því að það sé opið og unnið í góðu samstarfi hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagslýsing verður auglýst á netinu og aðgengileg hagsmunaaðilum og íbúum. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila vegna deiliskipulagsbreytingarinnar.

- Umhverfisstofnun.
- Minjastofnun Íslands.
- Reykjavíkflugvöll/Isavia/Samgöngustofu.
- Kópavogsbæ.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áður talda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.



5. HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Umhverfisskýrsla, bls. 136.

<https://www.kopavogur.is/static/files/Umhverfi-og-utivist/adalskipulagkopavogs.2012-2024-greindarger.pdf>

Anna Lía Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Prastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, 2019. Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 200.

Fossvogsbrú. Tillaga að breytingu. Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Tillaga til auglýsingar 6. Nóvember 2017, bls. 14

<https://www.kopavogur.is/static/files/Skipulag/Skipulagikynningu/a1252-002-u03-askbreyting-fossvogsbru.pdf>.

Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2013. Byggðakönnun með fornleifaskrá og húsakönnun fyrir Vatnsmýri – Seljamýri og Öskjuhlíð

Deiliskipulag Nauthólsvíkur

Brú yfir Fossvog. Deiliskipulag Tillaga til auglýsingar 1. október 2018.

Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Lög um náttúruvernd nr.44/1999.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Anna Lía Guðmundsdóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur

Fornleifaskrá og húsakönnun



Reykjavík 2019

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 200

Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur

Fornleifaskrá og húsakönnun

Anna Lía Guðmundsdóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Reykjavík 2019

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 200

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir

Drífa Kristín Þrastardóttir

Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS 018 3-2 Sigurhans Vignir

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 200

Reykjavík 2019

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1 Saga svæðisins	5
1.1 Staðhættir og örnefni	5
1.2 Í landi Skildinganes og Reykjavíkur.....	8
1.3 Nauthóll.....	9
1.4 Grjótnám í Öskjuhlíð.....	12
1.5 Vatnsmýrin	14
1.6 Reykjavíkurflugvöllur	15
2 Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun.....	22
2.1 Almenn um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja	22
2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja.....	24
2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur.....	24
2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur	25
2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar	26
2.3.1 Fornleifaskrá Nauthólsvíkur og Nauthólsvogar	28
2.3.2 Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar	78
2.4 Húsakönnun.....	85
2.4.1 Húsaskrá Reykjavíkur – Nauthólsvík	89
2.4.2 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	99
Heimildaskrá.....	105

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar, fornleifaskrá og húsakönnun fyrir deiliskipulagssvæði sem afmarkast af gatnamótum Flugvallarveggar og Nauthólsveggar í norðri, í suðri með Nauthólsvégi að Nauthólstorgi og suður fyrir N-S flugbraut, auk svæðis sem er sunnan við Háskólann í Reykjavík og er nefnt Nauthólsvík. Í raun er hér um tvö skipulagssvæði að ræða en þar sem þau skarast var ákveðið að sameina þau í eitt skráningarsvæði fyrir fornleifar (sjá afmörkun á mynd 1). Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna deiliskipulagsgerðar í Nauthólsvík, ásamt beiðni um fornleifaskráningu með Nauthólsvégi vegna gerðar Borgarlínu.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert húsakannanir¹ í samræmi við ákvæði 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem segir:² „Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.“

Ákvæði um skráningu menningarminja er jafnframt að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.³

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund ásamt varðveislumati.

Húsakönnun er „byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“⁴ Í húsakönnun tekur mat á varðveislugildi til eftirtalinna þátta: byggingarlistalegs gildis, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunaleika (upprunalegs gildis) og ástands. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi húsa.⁵

Desember 2019
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Sjá skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefur Borgarsögusafns: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur.

² Skipulagslög - nr. 123 - 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

³ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

⁴ Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019. Bls. 4.

⁵ Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun, bls. 4 og 33-34.

1 Saga svæðisins

1.1 Staðhættir og örnefni

Hér fer á eftir umfjöllun um svæði í Vatnsmýri og Seljamýri sem afmarkast af gatnamótum Flugvallarvegur og Nauthólsvegur í norðri, í suðri með Nauthólsvegi að Nauthólstorgi og suður fyrir N-S flugbraut, auk svæðis sem er sunnan við Háskólann í Reykjavík og er nefnt Nauthólsvík (sjá afmörkun á mynd 1).



Mynd 1. Afmörkun skráningarsvæðisins sýnd með rauðri brotalínu.⁶

⁶ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Kortavinnsla ALG, Borgarsögusafni.

Örnefni á svæðinu eru ekki mörg, en þau sem hér birtast eru fengin úr örnefnaskrá og af eldri kortum.⁷ Svæðið sem hér er til umfjöllunar er vestan undir *Öskjuhlíðinni*, *Vatnsmýri* og *Seljamýri*. Vatnsmýrin var stór mýrarfláki í landi Reykjavíkur sem náði frá Tjörninni í norðri í átt að Seljamýri í suðri. Seljamýri, sem er sunnan Vatnsmýrarinnar, var öll í landi Skildinganes, en hún dregur nafn sitt af seli í Öskjuhlíð sem er þekkt. En við Fossvoginn var býlið *Nauthóll* sem var eitt af sex kotum sem byggðust út frá Skildinganesi. Við ströndina var *Kýrhamar*, *Lyngberg* (hóll) og landamerkið *Hangahamar* eða *Mígandi*, en um það svæði lágu landamerki Skildinganes í austur. Í austur frá Öskjuhlíð var síðan *Leynimýri*.



Mynd 2. Elsta kortið af svæðinu er frá 1850. *Öskjuhlíð* er fyrir miðju korti, jarðamörk Reykjavíkur og Skildinganes liggja frá sjó austan við *Nauthól* og *Lyngberg* upp í *Öskjuhlíð* og síðan í vестur að *Skildinganes*hólum, *Vatnsmýri* í landi Reykjavíkur og *Seljamýri* í landi Skildinganes.⁸

Í Vatnsmýrinni var síðar gerður flugvöllur, en klapparhóll stendur upp úr mýrinni sem nefndur var *Vatnsmýrarhóll*. Á þessum hól var fyrsti flugturninn („kontróltturninn“) og var þá hóllinn nefndur *Flugstjórnarhóll*. Svæðið átti eftir að verða aðalathafnasvæði hersins í seinni heimsstyrjöldinni. Helstu örnefni hafa verið færð inn á kort ásamt staðsetningu helstu herskálahverfanna sem risu á svæðinu á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Suðurströndin er enn að miklu leyti eins og frá náttúrunnar hendi nema við suðurenda flugbrautarinnar, en þar er mikil uppfylling sem og suðvestan við *Olíustöðina*.

⁷ Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 170 – 171 – Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225 – Guðlaugur R. Guðmundsson: „Lýsing Skildinganesjarðar“ bls. 41-65. – Kort: Úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR).

⁸ Kort Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík og nágrenni um 1850 (hluti). Hér tekið eftir dagatali útgefnu af Árbæjarsafni 1986. Frumrit varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.



Mynd 3. Uppdráttur sem sýnir jarðarmörk lögbýlanna, Reykjavíkur (Víkur) að norðan og Skildinganes sunnan og vestan. Deiliskipulagssvæðið er afmarkað með rauðri brotalínu.⁹

⁹ Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Kort yfir lögbýli í Reykjavík 1703. Borgarvefsja: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> →Opna valglugga →Saga og þróun →Lögbýli í Rvk. 1703. Sótt 12.6.2019.

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Umrætt skipulagssvæði nær yfir hluta af hinum fornu jörðum Skildinganesi og Reykjavík (sjá mynd 3). Árið 1787 þegar Reykjavík var orðin kaupstaður var bæjarlandið mælt upp. Þá voru landamerki milli Reykjavíkur og Skildinganess talin þessi: Sunnan frá Skerjafirði við svokallaðan *Lambhól* upp í *Skildinganeshóla*, þaðan austur í vörðu í Öskjuhlíð og þaðan í Skerjafjörð við Hangahamar.¹⁰



Mynd 4. Helstu örnefni á skráningarsvæðinu.¹¹

1.2 Í landi Skildinganess og Reykjavíkur

Landsvæðið sem úttektarsvæðið nær yfir tilheyrði áður að mestu jörðinni Skildinganesi, en lítið hluti þess tilheyrði Reykjavík (sjá mynd 4). *Skildinganess* er fyrst getið í svonefndu „Setbergsbréfi“ sem gert var í Skildinganesi þann 6. júní 1523 að talið er.¹² Skildinganes var í eigu Skálholtskirkju árið 1556, en þann 3. júlí það sama ár hafði Gísli Jónsson

¹⁰ Guðlaugur R. Guðmundsson: „Lýsing Skildinganesjarðarinnar“ bls. 42.

¹¹ Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 170 – 171 – Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225 – Guðlaugur R. Guðmundsson: „Lýsing Skildinganesjarðar“ bls. 41-65 – Kort: Úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR).

¹² *Diplomatarium Islandicum*, IX. bindi, 144-147.

Skálholtsbiskup skipti við Bessastaðavaldið á nokkrum jörðum, þar á meðal Skildinganesi og fékk í staðinn Bjarnarnessjarðir.¹³

Tvíbýli var í Skildinganesi 1703 samkvæmt Jarðabók Árna og Páls.¹⁴ Þegar túnakort fyrir Skildinganes var gert árið 1916 voru líka tveir ábúendur á jörðinni á tveimur býlum og var annað þeirra nefnt Austurbýlið en hitt Vesturbýlið, eða Austurbær og Vesturbær. Vesturbærinn stendur enn, var reistur skömmu eftir 1870, en hefur þó verið endurbyggður að miklu leyti, þar er nú Skildinganes 13 og nefnt Reynisnes. Talið er að Austurbærinn hafi verið rifinn að hluta og steinhlaðið hús reist á sama stað, sem nefnt er Reynistaður eða Skildinganes 15.

Litla-Skildinganes var „...hjáleiga undir yfirráðum heimabændanna“¹⁵ þegar Jarðabókin var gerð 1703. Þar voru tveir ábúendur, Margrét Þórarinsdóttir annars vegar og Halldór Þorbjarnarson hins vegar og gætu þetta verið sömu kotin og síðar voru nefnd Margrétarkot og Harðarkot.¹⁶

Sigurður Jónsson í Görðum segir í æviminningum sínum að um 1870 hafi sex kot verið í landi Skildinganes. Þau hétu *Margrétarkot*, *Harðarkot*, *Austurkot*, *Nauthóll*, *Þormódsstaðir* og *Lambhóll*. Um naustin segir Sigurður: „Í mínu ungdæmi voru naust upp af vörunum, hlaðin úr grjóti, og þangað voru skipin sett og geymd örugglega fyrir veðrum, sérstaklega á vetrum og í stórstraumi. En sviptivindasamt er við Skerjafjörð og man ég mörg slík veður þegar allt ætlaði um koll að keyra og bændum varð tíðfarið til naustanna til þess að gæta að skipum sínum. Að sjálfsgöðu stóðu naustin fyrir ofan allt flóðfar og var því alllög setning, að minnsta kosti þegar fjara var“.¹⁷ Stór hluti af Skildinganesjörðinni er nú undir Reykjavíkurflugvelli, en elstu bæjarhúsin stóðu á bæjarhólum þar sem nú eru íbúðarhús á lóðunum við Skildinganes nr. 9, 11, 13, 15 og 17.

1.3 Nauthóll

Nauthóll var eitt af sex kotum Skildinganes, það var komið í byggð um 1845.¹⁸ Bærinn stóð skammt norður af samnefndri vík, *Nauthólsvík*, og austan við samnefndan hól. Hann stóð við vegarslóða sem fyrrum var fjölfarinn og lá með *Fossvogsbökkum* (sjónum) frá *Fossvogsdal* yfir í Skildinganes. Um aldamótin 1902 mun taugaveiki hafa stungið sér niður á Nauthól og var bærinn þá brenndur að ráði Guðmundar Björnssonar landlæknis. Síðan hefur ekki verið búið þar.

Ýmsar minjar frá búsetu á Nauthól hafa varðveist, húsarústir og garðlög. Tvö kort eru til sem sýna hvernig byggingar á Nauthól voru í stórum dráttum, annað frá árinu 1903 (mynd 6) en hitt frá árinu 1933 (mynd 7). Með hjálp þeirra er hægt að glöggva sig á minjunum. Hóllinn, Nauthóll, er einnig á sínum stað vestan við bæjarrústirnar. Kortin tvö sýna nánast það sama en síðari mælingin er nokkuð nákvæmari, en þá var bærinn löngu farinn í eyði.

Samkvæmt manntölum var fyrst búið á Nauthól árið 1845, þá ein fjölskylda eða fimm manns. Árið 1860 voru fjölskyldurnar tvær og eftir það var tvíbýli á Nauthól. Flestir bjuggu á Nauthól á árunum 1890–1901, tíu manns.¹⁹

¹³ *Diplomatarium Islandicum*, XIII. bindi, 138-139.

¹⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, II. bindi, bls. 230.


¹⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, II. bindi, bls. 232.

¹⁶ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Skildinganesjarðarinnar nr. 181156-2. Skráð af Guðlaugi R. Guðmundssyni, heimildamaður Jósefína Eyjólfsdóttir.

¹⁷ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Skildinganesjarðarinnar nr. 181156-2. Skráð af Guðlaugi R. Guðmundssyni, heimildamaður Jósefína Eyjólfsdóttir.

¹⁸ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, manntöl 1703-1920. Sótt 31.7.2019, af <http://www.manntal.is/>

¹⁹ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, manntöl 1703-1920. Sótt 31.7.2019, af <http://www.manntal.is/>



Mynd 5. Hluti af Reykjavíkukorti frá árinu 1903. Nauthóll við Nauthólsvík er fyrir miðju. Gata lá frá Digranesi með Fossvoginum að norðan að Nauthól og áfram vestur að Skildinganesi. Önnur gata lá frá Nauthól og norður með Öskjuhlíð. Vagnavegur (breiðari gata) lá í norður yfir Kópavogshálsinn og Öskjuhlíðina til Reykjavíkur um Skólavörðuholtið.²⁰



Mynd 6. Hluti af bæjarteikningu frá árinu 1902 sem sýnir Nauthól og nágrenni. Græna svæðið er túnið við bæinn, brúna línurnar sýna götur sem lágu að bænum norður með Öskjuhlíð, í suðaustur að Digranesi og í vestur að Skildinganesi. Mógrafirnar fyrir norðan og norðvestan bæinn eru bláar þar sem þær hafa verið fullar af vatni.²¹

²⁰ *Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar*, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1903, Skjalasafn Borgarsögusafns.

²¹ Landmælingar Íslands. Söguleg gögn. Bæjarteikning: Hluti af korti fyrir Nauthól 1902.

Á bæjarstæðinu voru nokkur útihús og matjurtagarðar (sjá mynd 7). Greinilegt er að rústunum hefur verið breytt frá því að þær voru mældar upp árið 1933. Sigurður Jónsson í Görðum segir í æviminningum sínum að á Nauthól hafi verið tvíbylí. Bæjarhúsin voru byggð hvort sínu megin við allmikið bjarg og myndaði bjargið sameiginlegan gafli húsanna.²²

Bjargið sem Sigurður talar um stendur enn (2019) þar sem bærinn stóð, en bæjarhúsunum hefur verið ýtt út til vesturs ásamt austurhluta túngarðsins og fjárhússins. Við bjargið er ekkert greinilegt nema norðan við það eru nú fjórir steiptir fletir sem voru undirstöður fyrir fjarskiptamastur. Allar þessar breytingar má trúlega rekja til setuliðsins sem dvaldi á svæðinu á árunum 1940-1945.²³ Nokkrar skotgrafir og byrgi eru við bæjarstæðið eftir setuliðið.



Mynd 7. Hér hefur teikningu af bæjarstæði Nauthóls frá árinu 1933 verið varpað yfir loftmynd frá árinu 2018.²⁴ Staðsetning húsanna og matjurtagarðanna eru nokkuð ljós. Númerin eiga við fornleifaskrá, rauðir punktar eru fornleifar en bláir punktar eru herminjar.


Vegna byggingaráforma Háskólans í Reykjavík þurfti að raska minjum á bæjarstæði Nauthóls, en reyndar er sá hluti skólans ekki enn risinn (2019). Fornleifarannsókn fór því fram á nyrsta hluta bæjarhólsins árið 2007. Rannsókuð var rúst 1999-4 (220-107) sem reyndist vera leifar af útihúsi ásamt girðingum, grjótgörðum, frá seinni hluta 19. aldar.²⁵

²² Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Skildinganesjarðarinnar nr. 181156-2. Skráð af Guðlaugi R. Guðmundssyni, heimildamaður Jósefína Eyjólfsdóttir.

²³ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson. *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 27.

²⁴ Hluti af korti Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, varpað á kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR).

²⁵ Oscar Aldred: *Excavations at Nauthóll 2007*.



Mynd 8. Rúst 1999-4 (220-107), útihús (gráir steinar) og girðingar (bláir steinar) við Nauthól.²⁶

1.4 Grjótnám í Öskjuhlíð

Þegar á 19. öld var hafið grjótnám í Öskjuhlíð. Þá unnu steinsmiðir við að höggva til hleðslugrjót með handverkfærum sínum og seldu grjótið til húsagerðar.²⁷ Í lestrarsal Landsbókasafnsins, sem reist var árið 1909, er meðal annars að finna fagrar súlur úr íslensku grágrýti sem höggvar voru til úr efni sem sótt var í Öskjuhlíðina. Talið er að steinsmiðirnir Guðni Hreiðar Þorkelsson og Guðni Einarsson eigi heiðurinn af gerð þeirra.²⁸

Árið 1913 var hafin vinna við gerð Reykjavíkurhafnar og hófst þá stórfellt grjótnám undir norðurtagli Öskjuhlíðarinnar. Til að flytja grjótið og mölina sem þurfti til við hafnargerðina var lögð 12 kílómetra löng járnbraut í hálfhring um bæinn. Með járnbrautinni var hægt að fara samtals 25 ferðir á dag með efni en vagnar í hverri lest voru 17–22 að tölu. Grjótið var sprengt úr grágrýtisklettunum og var upphaflega notast við handbora til að koma sprengiefninu fyrir. Síðar var tekin í notkun gufuknúin loftþjappa og tveir þrýstiloftsborar. Stórvirk vinnutæki voru fengin til landsins, meðal annars tveir gufuknúir lyftikranar, Mjólnir og María, notaðir við að hlaða járnbrautarvagnana og gufuknúin ámokstursvél til að moka mölinni.²⁹

Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar fór fram stórfelldasta grjótnámið í Öskjuhlíðinni. Þar sem mest var tekið myndaðist geil í hlíðina, þar sem Keiluhöllin stendur nú. Grjótið var mulið og notað sem undirburður í flugbrautirnar í Vatnsmýrinni. Snæbjörn Pálsson verkamaður lýsti grjótnáminu: „Stærð geilarinnar vitnar um hve mikil framkvæmd flugvallargerðin var ... Fyrst var sprengt úr berginu. Síðan stóðu menn með sleggjur við að mylja grjótið í vélarnar. Hnullungarnir voru stundum hnöttóttir og illir viðureignar. Allt efni var keyrt í vögnum á spori.“³⁰

²⁶ Oscar Aldred: *Excavations at Nauthóll 2007*, bls. 6.

²⁷ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson. *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 31.

²⁸ *Safnhúsið 1909-2009*, bls. 31.

²⁹ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyri hluti, bls. 324-324 – Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson. *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 31.

³⁰ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson. *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 38.



Mynd 9. Lega járnbrautarinnar frá tíma hafnargerðarinnar sett á kortagrunn frá 2013, rauða línan sýnir leið járnbrautanna.³¹



Mynd 10. Hér má sjá gufukrana lyfta upp grjóti í Öskjuhlíðinni um 1913.³²



Mynd 11. Loftmynd yfir vesturhluta Öskjuhlíðar, tekin í mars 1946. Fremst á myndinni má sjá hitavatnsgeymana. Grjótnámurnar má sjá fyrir miðri mynd og niðurgrafna eldsneytisgeyma vinstra megin við þær. Braggapýrpingar eru við rætur hlíðarinnar við Flugvallarveg.³³

³¹ Samsett mynd úr grunni LUKR og korti úr Járnbrautin í Reykjavík: *Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, Árbæjarsafn 1982. Kortagerð ALG.

³² Þjóðminjasafn Íslands. Lpr-3199. Ljómyndari ókunnur.

³³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 1946 ÁBS LS 33-44.jpg. Ljós. Sigurhans E. Vignir.

1.5 Vatnsmýrin

Vatnsmýrin er mýrlendi sem liggur suður af Tjörninni og vestan Öskjuhlíðar. Þar sem Vatnsmýrin lá næst bænum var hún mikið notuð til mótekju þó svo að aðrar mýrar í nágrenninu væru ef til vill betur til þess fallnar. Mótekja var nær aflögð í Vatnsmýrinni um aldamótin 1900 vegna innflutnings á steinkolum sem komu í stað mósins sem aðaleldsneyti bæjarbúa.³⁴

Túnrækt hófst í Vatnsmýrinni um 1890 og um 1935 var hún nánast fullræktuð. Árið 1909 var farið að úthluta *erfðafestulöndum* í mýrinni en áður hafði verið reynt að halda henni óskertri fyrir hagagöngu kúa.³⁵



Mynd 12. Kort sem sýnir erfðafestulöndin og byggðina sem hvarf undir flugvöllinn.³⁶

Markmiðið með útteilingu erfðafestulanda var að gefa bæjarbúum kost á landi til ræktunar og búrekstrar. Einkum voru mýrarnar vinsælar, þar sem holtin voru grýtt og melarnir harðir. Blettirnir voru afhentir til eignar gegn árlegri leigu, en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum, ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu.³⁷ Á erfðafestulöndum (Vatnsmýrarblettum) í Vatnsmýrinni var um áratugaskeið eitt helsta matjurtagarðasvæði Reykvíkinga.

Eggert Briem var einna stórtækastur er kom að því að ræsa mýrina fram. Á árunum 1911 til 1913 tók hann allan miðhluta Vatnsmýrar að vestanverðu til erfðafestu og ræktaði um 25 hektara töðuvöll í gömlu mógrafamýrinni. Á þessu túni lenti fyrsta flugvélin í Reykjavík árið

³⁴ Guðjón Friðriksson: „Tjörnin og mannlífið.“ *Tjörnin. Saga og lífríki*, bls. 43 og 47.

³⁵ Guðjón Friðriksson: „Tjörnin og mannlífið.“ *Tjörnin. Saga og lífríki*, bls. 47.

³⁶ Kort sem sýnir erfðafestubletti í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni, 5. apríl 1955. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

³⁷ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi (H-P), bls. 126 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar*. Fyrri hluti, bls. 47-49.

1919 og þar var líka reist lítið flugskýli. Eggert reisti einnig 40 kúa fjós, Briemsfjósið, ásamt stórrí hlöðu í jaðri Vatnsmýrarinnar, á horni Njarðargötu og Smáragötu, á árunum 1911-1913. Fjósið var rífið árið 1938.³⁸

Árið 1916 birtist greinarkorn í Morgunblaðinu þar sem landinu í kringum bæinn er lýst. Þar segir að Vatnsmýrin sé á góðri leið með að verða öll að túni.³⁹ Fyrsta nýbýlið í Vatnsmýrinni var reist árið 1916 og kallað *Hlíðarendi*. Í austurhluta mýrarinnar reis á næstu árum fjöldi húsa og þar á meðal Pólarnir sem voru bráðabirgðahúsnaði fyrir fátækar fjölskyldur. Árið 1919 reis býlið *Haukaland* (Vatnsmýrablettur 18) sem stóð þar sem nú eru gatnamót Nauthólsvegur og Flugvallarvegur. Öskuhaugar bæjarins voru við suðurenda Tjarnarinnar og þá var unnið að gerð Hringbrautarinnar. Árið 1940 var svo enn gengið á Vatnsmýrina þegar breski herinn hóf gerð flugvallar í mýrinni.

1.6 Reykjavíkurflugvöllur

Flugsaga Íslands hófst miðvikudaginn 3. september árið 1919 kl. 17.00 þegar fyrsta íslenska flugvélin lyfti sér til flugs frá íslenski grund. Flugvélin, sem var í eigu Flugfélags Íslands, var af breski gerð og var flugmaðurinn kapteinn Cecil Faber. Völlurinn var í Vatnsmýrinni í Reykjavík.⁴⁰

Flugfélag Íslands var stofnað í Reykjavík í mars 1919. Eitt fyrsta mál á dagskrá hins nýstofnaða félags var að finna heppilegan stað fyrir starfseminna. Félagið sendi bæjarstjórninni í Reykjavík eftirfarandi bréf þann 4. júní 1919:

„Flugfélag Íslands er stofnað til þess að undirbúa og koma á flugsamgöngum hér á landi, svo fljótt sem ástæður leyfa. Eitt hið fyrsta sem þarf að útbúa, eru tryggir og góðir landingastaðir fyrir flugvélnar og er auðsætt að ein helsta flughöfnin verður að vera hér í Reykjavík. Til hennar útheimtis svæði sem sléttast og grasi vaxið, með gott svigrúm til allra hliða, og liggi hún þó sem næst bænum.

Í samráði við Rolf Zimsen liðsforingja, flugmann úr danska hernum, sem nú er hér staddur, höfum vér athugað staði hér nærlendis, sem komið gætu til greina. Urðum vér ásáttir um, að heppilegast og kostnaðarminnst verði að útbúa góða flughöfn á túnblettum þeim er liggja í Vatnsmýrinni suðvestanverðri, því að á þeim er landrymi gott og svigrúm nægilegt í kring, þar eð hvorki eru þar hæðir svo háar, né byggingar eða símar svo nærri, að flugið heftist.

Vér leyfum oss því hér með að óska þess að háttvirt bæjarstjórn útvegi Flugfélaginu til kaups svæði til flugvallar á þessum stað, helst eigi minna en 400x500 metra að stærð, eða tryggi félaginu á annan hátt sem varanlegust afnot af þessu svæði með sem aðgengilegustum kjörum.“⁴¹

Málinu var vísað til fasteignanefndar og fjárhagsnefndar bæjarins. Fasteignanefnd Reykjavíkur taldi „... helst tiltækilegt að taka til þessara afnota hæfilegan hluta af erfðafestulandi E. Briem í Vatnsmýrinni eins og stjórn félagsins hefur farið fram á, og leigja það flugfélaginu ...“⁴² Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti síðan þann 26. júní 1919 ákvörðun fasteignanefndar og tók um 92.300 fermetra af túni Eggerts Briem til að nota sem

³⁸ Guðjón Friðriksson: „Tjörnin og mannlífið.“ *Tjörnin. Saga og lífríki*, bls. 47 – Páll Línal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 104.

³⁹ *Morgunblaðið*, 26.6.1916, bls. 1.

⁴⁰ Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1917-1928*, bls. 35.

⁴¹ Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1917-1928*, bls. 30.

⁴² Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1917-1928*, bls. 30.

lendingarstað fyrir flugvélar. Eggert fékk 15 auro fyrir hvern fermetra.⁴³ Samkvæmt lýsingu í Morgunblaðinu þá var inngangur að flugvöllinum af miðjum þeim vegi sem lá yfir Vatnsmýrina þvera frá Briemsfjósinu við Laufásveg og yfir að Loftskæptastöðinni.⁴⁴ En menn spurðu sig í blöðunum hvernig þeir færu að því að lenda á flugvél í Vatnsmýrinni þar sem í hugum manna var hún eitt forarfen. Í einu blaðanna segir: „En þeir sem nú þessa dagana hafa komið út á flugvöll, falla hreint í stafi. Svona stórar og skrúðgrænar grasflesjur héldu þeir ekki að þarna væru til. Síðustu árin, eftir því sem skurðum hefir fjölgað, þá hafa þessi tún þornað og eru nú skrápur, eins og önnur tún ... Væri haldin hér þjóðhátíð, þá væri ómögulegt að hugsa sér fegurri stað í nánd við bæinn en flugvöllinn.“⁴⁵



Mynd 13. Forvitnir krakkar virða fyrir sér fyrstu íslensku flugvélin.⁴⁶

Rekstur Flugfélags Íslands stóð ekki undir sér og var flugvélin seld úr landi árið 1921. Árið 1928 var stofnað í Reykjavík nýtt flugfélag en þó með sama nafni og hið fyrra. Bækistöð þess var í Vatnagörðum þar sem félagið notaðist einkum við sjóflugvélar.⁴⁷ Félagið leigði þýska sjóflugvél af Junkers-gerð og tók hún 5 farþega og var notuð til farþega-, póst-, sjúkra- og síldarleitarflugs. Vélin var skírð *Súlan* og ári síðar bættist *Veidibjallan* við. Rekstur félagsins stóð til ársins 1931 en varð þá að hætta sökum fjárskorts.⁴⁸ Árið 1930 var flugvöllurinn í Vatnsmýrinni orðinn lélegur, en á árunum 1932 og 1933 notuðu hollenskir flugmenn, sem voru hér við veðurathuganir, völlinn. Nokkru áður en þeir komu höfðu verið gerðar endurbætur á landinu, það sléttað og brýr settar á skurði. Þá var einnig reist flugskýli sem var síðar selt til niðurrifs eftir að rannsóknum hollensku flugmannanna lauk. Árið 1937 heppnaðist einnig fyrsta tilraun til svifflugs hér á landi og var það í Vatnsmýrinni.⁴⁹

⁴³ Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1917-1928*, bls. 31.

⁴⁴ *Morgunblaðið*, 30.8.1919, bls. 4.


⁴⁵ *Morgunblaðið*, 3.9.1919, bls. 1.

⁴⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 978.jpg. Ljósm. Magnús Ólafsson.

⁴⁷ Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1917-1928*, bls. 121.

⁴⁸ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 46 og 51.

⁴⁹ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 60 – Páll Línal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 20.



Mynd 14. Teikning Gústafs E. Pálssonar verkfræðings af flugvelli í Vatnsmýrinni frá árinu 1937.⁵⁰

Um svipað leyti og Flugfélag Akureyrar var stofnað, árið 1937, var mikið rætt um að gera varanlegan flugvöll í Reykjavík og var gildi góðs flugvallar jafnað við mikilvægi Reykjavíkurhafnar.⁵¹ Nokkrir staðir sem komu til greina voru athugaðir. Það voru Kringlumýrin, hraunið fyrir sunnan Hafnarfjörð, Bessastaðanesið, Sandskeiðið, flatirnar austan Rauðhóla, við Ártún og að endingu Vatnsmýrin í Reykjavík.⁵² Flugmálafélag Íslands, sem var stofnað árið 1936 í þeim tilgangi að ryðja flugi braut, barðist einkum fyrir gerð nothæfs flugvallar í Vatnsmýrinni.⁵³ Samkvæmt greinargerð voru teiknaðar fjórar brautir sem ætlaðar voru til lendingar og burtfarar flugvéla og var stefna þeirra eftir helstu vindáttum í Reykjavík. Einnig var lega þeirra ákveðin að nokkru leyti eftir byggingum sem þegar voru á svæðinu umhverfis flugvöllinn.⁵⁴

Þegar umræður um varanlegan flugvöll stóðu sem hæst var búið að tengja saman þrjár landspildur í mýrinni með tveimur brúm og myndaðist þannig austur-vestur flugbraut. Brautin var þó talsvert blaut og beindu menn þá sjónum sínum að landinu suður með og vestur af Öskjuhlíð, sem var þurrara. Það sem stóð í vegi fyrir að þar yrði sett niður flugbraut var að til

⁵⁰ Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1936-1938*, bls. 79.

⁵¹ Páll Línal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 20.

⁵² Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 89.


⁵³ Páll Línal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 20.

⁵⁴ Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1936-1938*, bls. 79.

stóð að þar yrði íþróttaleikvangur bæjarins. Fékkst þá leyfi til að setja niður tilraunaflugbraut vestan við þar sem gamli flugturninn stendur nú. Þar var gerður vísir að flugbraut sem var notuð um skamma hríð.⁵⁵

Reykjavík var hernuminn þann 10. maí 1940 af bresku herliði. Breski herinn hóf að gera herflugvöll við Reykjavík í fyrri hluta október árið 1940. Þeir fundu flugvellinum stað á svipuðum slóðum vestan Öskjuhlíðar og flugvelli Reykjavíkur var ætlaður staður. Flugbrautirnar sneru að mestu eins þó að stærðir þeirra væru aðrar. Þegar ríkisstjórn Íslands varð ljóst að Bretum var alvara með gerð flugvallar á þessum stað ákvað hún að taka landið eignarnámi. Þann 16. nóvember 1940 voru gefin út bráðabirgðalög „... sem heimiluðu ríkisstjórninni að taka eignarnámi allt það land við Skerjafjörð sem þurfti undir flugvöllinn og greiða með því götu framkvæmdarinnar.“⁵⁶

Vinna við gerð vallarins hófst í fyrrihluta október 1940 og var fram haldið næsta vor. Fjöldi Íslendinga vann við flugvallargerðina, auk hermanna. Byrjað var á miðjunni á þeim stað þar sem Íslendingar höfðu byrjað að gera flugvöll. Fyrst var „... grafin burt mold og aur og fyllt síðan upp með grjóti sem sótt var í Öskjuhlíðina. Ofan á þetta var jafnað rauðamöl sem tekin var úr Rauðhólunum austan Reykjavíkur ... Síðan var rauðamölin völtuð og ofan á hana kom þykkt lag steinsteypu og ekkert til sparað ... Steypt voru breið svæði í beinum línunum ýmist norður/suður eða austur/vestur.“⁵⁷ Á meðan á vinnunni stóð gengu einar tíu til tólf steypuhræivélar á vellinum frá fimm á morgnana til tíu á kvöldin. Unnið var á tvískiptum vöktum fram til 1. september 1941, en þá var vaktavinnu hætt og unnið frá hálf sjö á morgnana til sex á kvöldin. Þá hafði flugvélum og mannvirkjum á vellinum fjölgað og var þá enn hert á eftirliti með vellinum og öllu því sem þar var.⁵⁸



Mynd 15. Kort af Öskjuhlíð og Reykjavíkflugvelli árið 1944-45, gert af breska flughernum.⁵⁹

⁵⁵ Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 20.

⁵⁶ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 125.

⁵⁷ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 161.

⁵⁸ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 161 og 165.

⁵⁹ Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Flugvöllurinn var formlega opnaður þann 4. júní 1941. Þá var haldin stutt athöfn til að fagna því að flugbraut nr. 1 var tilbúin til notkunar. Öllum verkamönnum og hermönnum á flugvöllinum var boðið að vera við athöfnina þar sem Major General H.O. Curtis, yfirforingi breska setuliðsins, hélt stutta tölu. Hann þakkaði íslensku verkamönnum og gaf þeim eins dags kaup sem viðurkenningu fyrir dugnað og góða samvinnu. Að athöfninni lokinni gengu allir til vinnu sinnar.⁶⁰

Auk flugvallarins reis á stríðsárunum fjöldinn allur af mannvirkjum á svæðinu. Stór hluti þeirra er nú (2019) horfinn en þó má enn finna leifar mannvirkja eins og stjórnbyrgi, skotgrafir, loftvarnarbyrgi, varnarveggi fyrir eldsneytistanka, neðanjarðarvatnstanka, bryggjur, vegi, fjölda gólfa og grunna undan bröggum og öðrum byggingum, akstursbrautir fyrir flugvélar o.s.frv.



Mynd 16. Samsett mynd, kort frá 1944 sett yfir loftmynd af rannsóknarsvæðinu. Brún brotalína sýnir afmörkun rannsóknarsvæðisins.⁶¹

Þá risu á flugvallarsvæðinu um 500 braggar og var braggabyggðin einna þéttust vestan í Öskjuhlíðinni og út með Fossvoginum. Nokkrir braggar standa enn vestan við rætur Öskjuhlíðar og einn við gamla flugturninn. Einnig hefur hluti af flutningsbúðum eða Transit Camp verið endurgerður í Nauthólsvík í nýrri mynd (2018). Á stríðsárunum hýstu búðirnar flugmenn og aðra sem áttu leið um Reykjavíkflugvöll, en eftir stríð var þar starfrækt flughótel á vegum flugmálastjórnar um margra ára skeið. Þá eru öll stærstu flugskýlin, sem nú standa á Reykjavíkflugvelli, frá tíma setuliðsins. Nú (2019) hefur nær allt lauslegt frá stríðsárunum verið fjarlægð af rannsóknarsvæðinu eða orðið ryði að bráð. Á það einnig við um gaddavírsgirðingar og sandpokavígi.

⁶⁰ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 174-175.

⁶¹ Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur, varpað á loftmynd frá 2018 úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.



Mynd 17. Horft í suður yfir bæjarstæði Nauthóls og braggabyggðina við Nauthólsvík 15.07 1946. Á bæjarstæðinu hafa verið reist fjarskiptamöstur.⁶²



Mynd 18. Braggabyggðin við vestanverða Öskjuhlíð og í Nauthólsvík árið 1942.⁶³

⁶² Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS 018 3-2.jpg 15.07.1946. Ljós. Sigurhans E. Vignir.

⁶³ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

Herskálahverfin sem voru í kringum Reykjavíkflugvöll voru eftirtalin⁶⁴:

Nafn	Staðsetning
Selkirk Camp	Austan við horn Reykjavíkurvegjar í Skerjafirði og Njarðargötu, þar sem Fossagata er nú.
Camp Wright	Við Reykjavíkflugvöll austur af Selkirk, þar sem síðar reis vöruafgreiðsla Flugleiða.
Three Inch Camp/Whitley	Vestanvert svæðið milli Einarsness og Bauganess í Skerjafirði.
Camp Edgewater	Vestan við Shellveg, við flugvöllinn beint vestur af Olústöð Skeljungs (Shell).
Brancepeth Camp	Við flugbraut vestan Nauthólsvíkur.
Camp Daniel Boone	Vestan við Flugvallarbraut á móts við enda norðaustur-suðvesturflugbrautar Reykjavíkflugvallar.
Flugvallarvegur	Stóra skálahverfið við Flugvallarveg þar sem enn standa fjórir birgðabraggar (2019).
Nauthólsvegur	Skálahverfið við Nauthólsveg, bústaður flugmanna og samkomuhús breska flughersins. Það náði þaðan sem Hótel Loftleiðir reis síðar og suður með öllum Nauthólsvegi á móts við flugskýli Landhelgisgæslunnar.
Transit Camp	Á milli Brancepeth Camp og Camp Corbett við Nauthólsvík.
Camp Corbett	Í Nauthólsvík.
Rockford Camp	Ofan við Nauthólsvík austan við enda Nauthólsvegar.
Camp Maple Leaf	Í Fossvogi, á bökkunum innan við Nauthólsvík neðan Nauthólsvegar. Nefndur um tíma óopinberlega <i>Camp Kwicherbellyakin</i> .

Íslendingar tóku formlega við Reykjavíkflugvelli þann 6. júní 1946. Þann dag tók Flugmálastjórn Íslands við rekstri og viðhaldi flugvallarins.⁶⁵ Við breytingar á skipulagi Flugmálastjórnar Íslands tóku Flugstöðir ohf. við rekstri og viðhaldi flugvallarins. Árið 2010 sameinuðust Flugstöðir og Keflavíkflugvöllur ohf. í Isavia sem tók við starfsemi beggja fyrirtækja.⁶⁶ Ummerki frá hernámsárunum afmást jafnt og þétt og í dag (2019) eru flugvélastæði, flugskýli, nokkrir braggar og gamli flugturninn við flugvöllinn ásamt minjum í Öskjuhlíð einn helsti vitnisburður um hernámsárin í Reykjavík. Reykjavíkflugvöllur er miðstöð innanlandsflugs á Íslandi og einn af fjórum alþjóðlegum flugvöllum landsins.

⁶⁴ Upplýsingar um herskálahverfin: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 24-25.

⁶⁵ Arnþór Gunnarsson: *Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi*, 211-212.

⁶⁶ Arnþór Gunnarsson: *Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi*, 13.

2 Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun

2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁶⁷

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna, en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

⁶⁷ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar“. Sótt 6.12.2018.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a.** búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h.** haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a.** stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b.** kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c.** brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagar þeirra sem stýra

framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2019) eru um 3600 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í Sarp – Menningarsögulegt gagnasafn.⁶⁸ Minjar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: Í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru minjar skráðar í landi Skildinganes (181156-220-1) og Reykjavíkur (181285-5-1), hér eru einungis notaðar tvær síðastnefndu tölurnar (220-1) eða (5-1).

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands⁶⁹ í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefna-númeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **1999**, hér skammstafað MÍ- númer. Í skýrslunni fá allar fornleifarnar nafn jarðarinnar og tvö númer, annarsvegar verkefnanúmer Minjastofnunar og hlaupandi númer og hinsvegar tvær síðustu tölurnar í Sarpsnúmerinu innan sviga: **1999-1 (220-1)**.

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Rýnt er í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna seinni tíma framkvæmda. Enn geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá

⁶⁸ Sarpur – Menningarsögulegt gagnasafn.

⁶⁹ Minjastofnun Íslands: Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.

er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsupprætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnúttar í kerfinu ISN 93 sem punktar.⁷⁰ Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri (sjá töflu 1). Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1920-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskonnum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum í borginni.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjallasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Enn fremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og solum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í

⁷⁰ Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.is>.

gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdráttir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frunkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdráttir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar, hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sögu sem skráð er af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar


Hér er greint frá fornleifum og yngri minjum á deiliskipulagssvæðunum Nauthólsvík og Nauthólsvegi. Skráningarsvæðið afmarkast af gatnamótum Flugvallarveggar og Nauthólsveggar í norðri, í suðri með Nauthólsvegi að Nauthólstorgi og suður fyrir N-S flugbraut, auk svæðis sem er sunnan við Háskólann í Reykjavík og er nefnt Nauthólsvík (sjá afmörkun á mynd 19). Minjar á deiliskipulagssvæðinu tilheyra jörðunum Skildinganesi (181156-220-1) og Reykjavík (181285-5-1) og eru skráðar undir þær eins og jarðamörk voru um 1847.

Fornleifaskráningin sem nú hefur verið gerð byggir að hluta til á eldri skráningu sem miðaðist við deiliskipulagsstig og þjóðminjalög síns tíma. Skráningin hefur nú verið endurskoðuð og tekur mið af núgildandi lögum um menningarminjar 80/2012 og þeim reglum sem gilda um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.⁷¹ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **1999**.

Vettvangsrannsókn fór fram *20. desember 2018* og fólst í því að gengið var skipulega um deiliskipulagssvæðið og leitað markvisst að minjum. Þegar þær fundust voru þær skráðar og mældar upp með Trimble-staðsetningartæki. Anna Lísu Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir sáu um vettvangsrannsóknina, úrvinnslu og skýrslugerð. Ljósmyndir, kort og teikningar í skýrslunni eru eftir þær, nema annars sé getið. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Upplýsingum úr þessari fornleifaskrá hefur verið skilað til Minjastofnunar samkvæmt stöðlum og leiðbeiningum stofnunarinnar.⁷²

⁷¹ *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013 – *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

⁷² Oddgeir Isaksen: *Skil á fornleifaskráningargögnum - Landupplýsingar gögn: punktaskrár, línu og flákagögn*, 2016.



Mynd 19. Afmörkun skráningarsvæðisins sýnd með rauðri brotalínu.⁷³

Skráningin er að hluta til byggð á eldri skráningum fyrir svæðið: Fornleifaskráningu Bjarna F. Einarssonar fyrir Reykjavík frá árinu 1995,⁷⁴ skráningu á náttúru- og söguminjum í Öskjuhlíð sem unnin var í tengslum við deiliskipulagsgerð Öskjuhlíðar 1993,⁷⁵ skýrslu um fornleifaskráningu á lóð Háskóla Reykjavíkur⁷⁶ og byggðakönnunar frá árinu 2013 um Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð.⁷⁷ Saga svæðisins er að mestu tekin úr þeirri skýrslu en hefur verið endurskoðuð út frá svæðinu sem hér er til umfjöllunar.

⁷³ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

⁷⁴ Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, skýrsla 46, 1995.

⁷⁵ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, 1993.

⁷⁶ Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur*, skýrsla 130, 2006.

⁷⁷ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Guðmundsdóttir: *Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 161. Reykjavík 2013.

2.3.1 Fornleifaskrá Nauthólsvíkur og Nauthólsvegjar



Mynd 20. Skráðar minjar á deiliskipulagssvæðinu við Nauthólsvíkurveg.⁷⁸

⁷⁸ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/> Loftljósmynd frá 2018.



Mynd 21. Skráðar minjar á deiliskipulagssvæðinu við Nauthólsvík.⁷⁹




Mynd 22. Minjar á bæjarstæði Nauthóls.⁸⁰

⁷⁹ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/> Loftljósmynd frá 2018.


⁸⁰ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/> Loftljósmynd frá 2018. Kortagerð ALG.

Skildinganes 1999-1 (220-104) Bæjarstæði Nauthóls

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-1	220-104	Nauthóll	Bæjarstæði	Heimild	1850-1902	357426	405536	12	9	Slæmt	Að hluta



Mynd 23. Bæjarstæði Nauthóls árið 1902.⁸¹




Mynd 24. Bæjarstæði Nauthóls árið 1933.⁸²



Mynd 25. Bæjarstæði Nauthóls. Bjargið sem myndaði sameiginlegan gafl húsanna stendur enn og er fyrir miðri mynd, norðaustan við það eru steptir fletir með tveimur lóðréttum járnvinklum, sem voru undirstöður masturs sem herinn reisti þar (1999-20).

⁸¹ Landmælingar Íslands. Bæjarteikning: Hluti af korti fyrir Nauthól 1902.

⁸² Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.



Mynd 26. Teikning af bæjarstæði Nauthóls eftir kortum frá árinu 1902 (rauð punktalína) og árinu 1933 (bleik fylling). Vestan við (1999-1) má greina ummerki um jarðrask og var ummál þess mælt (græn heil lína). Talið er að bænum hafi verið ýtt þangað út.

Staðhættir: Bæjarstæði Nauthóls er um 50 m sunnan við Háskólann í Reykjavík og 80 m vestan við matsölustaðinn Nauthól.

Nauthóll var ein af sex hjáleigum Skildinganes og var kominn í byggð um 1845. Bærinn stóð skammt norður af Nauthólsvík og um 100 m austur af samnefndum hól. Bærinn var við vegarslóða sem fyrrum var allfjölfarinn og lá með sjónum frá Fossvogsdal yfir í Skildinganes. Árið 1902 mun taugaveiki hafa stungið sér niður á bænum Nauthól og var hann þá brenndur að ráði Guðmundar Björnssonar landlæknis.⁸³ Síðan hefur ekki verið búið þar.

Sigurður Jónsson (1865-1956) skipstjóri í Görðum var fæddur og uppalinn í Skildinganesi. Hann sagði svo um Nauthól: „Fjórða kotið á nesinu var Nauthóll. Hann stóð austarlega á landi Skildinganes, næstum því austur undir Öskjuhlíð. Kotið var byggt við hól nokkurn og mun hafa dregið nafn sitt af honum, hóllinn stóð vestur af bænum, en dálítill túnblettur var á milli.“⁸⁴ Í æviminningum sínum greinir hann frá því að á Nauthól hafi verið tvíbýli og að bæjarhúsin hafi verið byggð hvort sínu megin við allmikið bjarg sem myndaði sameiginlegan gafl húsanna. Þegar hann kom þangað sem lítill drengur hafðist þar við gamall maður (Gamalíel), sem lagstur var í kör, í rúmi uppi á þessum kletti undir gaflinum. Bjargið er enn á sínum stað.

Bærinn og túnin voru mæld upp árið 1902⁸⁵ (sjá mynd 23). Þá eru bæjarhúsin austast á túninu og sýnd eru tvö hús sem snúa austur-vestur. Tóftir húsanna og garðar voru síðan mæld upp aftur árið 1933⁸⁶ (sjá mynd 24), en þá eru húsinn sýnd sem tveggja bursta bær með dyrum í suður á báðum burstum. Á tímabilinu 1933-1939 hefur bænum verið ýtt út til vesturs og bæjarstæðið sléttað að hluta (sjá mynd 26). Líklega má finna leifar bæjarins á því svæði, en engar hleðslur eru þar sem bæinn stóð, fyrir utan það bjarg sem talið er að hafi myndað

⁸³ *Reykjavík*, 11.10.1902. „Nauthóll brenndur“, bls. 3.

⁸⁴ Örnefnasafn Árnastofnunar. *Örnefnalýsing Skildinganesjarðarinnar* nr. 181156-2. Skráning Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, heimildamaður Jósefína Eyjólfsdóttir.

⁸⁵ Landmælingar Íslands. Söguleg gögn. Bæjarteikning: Hluti af korti fyrir Nauthól 1902.

⁸⁶ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

sameiginlegan gafil húsanna. Herinn setti niður mastur norðaustan við bjargið og þar eru nú fjórir steiptir ferningar sem mastrið var reist á (1999-20 (220-193)). Svæðið er grasi gróið og þýft og búið er að planta trjám vestur af bæjarstæðinu.

Lýsing: Stærð bæjarins var 12x9 m (ASA - VNV) samkvæmt korti frá 1933. Veggir voru úr torfi og grjóti, um 1,5 m á breidd. Húsið hefur verið með tvær burstir og tvö rými í báðum. Bæjarstæðið var sléttað eftir 1933 og tóftunum af bænum ýtt út til vesturs þar sem nú er mikill trjágróður. Þar má greina ummerki eftir jarðrask og var ummál þess mælt (sjá mynd 26).

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-2 (220-105) Útihús

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-2	220-105		Útihús	Tóft, heimild	1850- 1902	357428	405522	11	6	Sæmilegt	Nei



Mynd 27. Útihús (1999-2) við bæjarstæði Nauthóls, horft í austur.



Mynd 28. Útihús (1999-2), teiknað eftir uppmælingu og korti frá 1933 (rauð punktalína).⁸⁷

Staðhættir: Bæjarhús Nauthóls voru syðst við Nauthólsveg að sunnan, ekki langt frá bröggum, sem nú eru á vegum Flugmálastjórnar sunnan við Háskólann í Reykjavík. Svæðið er grasi gróið og þýft. Húsin voru mæld upp og teiknuð á kort 1902 og 1933 og er þetta austasta húsið á bæjarstæðinu og var 8 m frá bæjarhúsunum.⁸⁸

Lýsing: Rústin er 11x6 m (A-V). Veggir úr torfi og grjóti, um 1,0 m á breidd og 0,3–0,9 m á hæð. Rústin er tvíhólfa. Dyr eru á hólfi A í vestur. Hólf B er mjög lítið og engar dyr eru inn í það. Þegar kortið frá 1933 er borið saman við nýlega uppmælingu (2018) kemur í ljós að rústin hefur verið stytt um nokkra metra og er líklegt að hólf B hafi verið skotgröf. Í vestur og suður frá rústinni er garðlag sem afmarkar matjurtagarð nr. 1999-3 (220-110).

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

⁸⁷ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

⁸⁸ Landmælingar Íslands. Söguleg gögn. Bæjarteikning: Hluti af korti fyrir Nauthól 1902. Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Skildinganes 1999-3 (220-110) Matjurtagarður


Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-3	220-110		Matjurtagarður	Garður	1850-1902	357405	405515	45	17	Sæmilegt	Nei



Mynd 29. Matjurtagarður (1999-3) sunnan við bæjarstæði Nauthóls, horft í suðaustur.



Mynd 30. Matjurtagarður (1999-3) við Nauthól, horft í norðaustur.



Mynd 31. Teikning af matjurtagarði (1999-3) eftir uppmælingu. Austasti garðurinn náði mun austar á korti frá árinu 1933, auk þess sem nokkrar holur/skotgrafir (1999-18 og 1999-19) eru í honum að austanverðu og á suðvesturhorni.

Staðhættir: Bæjarhús Nauthóls voru syðst við Nauthólsvæg að norðan, ekki langt frá bröggum, sem nú eru á vegum Flugmálastjórnar sunnan við Háskólann í Reykjavík. Svæðið er grasi gróið og þýft. Matjurtagarðar hafa verið þrír. Syðst er þessi garður, sunnan við bæjarstæðið. Garðurinn er teiknaður á bæjarteikningu 1902 og á kort frá árinu 1933⁸⁹ (sjá myndir 23 og 24). Þá var austurhlið garðsins austar en hann er greinanlegur nú, hefur því verið ýtt til.

Lýsing: Garðurinn er 45x17 m og veggur um 50–70 cm hár. Á korti frá árinu 1933 var hann um 8,5 m lengri. Líklega hefur garðveggnum austast verið ýtt upp í vestur og rétt markar fyrir syðri vegg í grasinu.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

⁸⁹ Landmælingar Íslands. Söguleg gögn. Bæjarteikning: Hluti af korti fyrir Nauthól 1902. Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Skildinganes 1999-4 (220-107) Útihús, gerði

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-4	220-107		Útihús, gerði	Tóft	1850- 1902	357413	405556	7,5	4,5	Slæmt	Að hluta



Mynd 32. Uppgriftarsvæðið árið 2007, horft í suðvestur á gerði og útihúsið fjær til vinstri. Ljósmyndin er fengin úr uppgraftarskýrslu.⁹⁰



Mynd 33. Teikning af uppgraftarsvæðinu frá árinu 2007, tekin úr uppgraftarskýrslu.⁹¹



Mynd 34. Horft yfir rústina (1999-4) til suðausturs í júlí 2019.



Mynd 35. Teikning af útihúsi og gerði eftir korti frá 1933 (rauð brotalína) og ummáli á sjáanlegum leifum rústarinnar í dag, eftir uppmælingu.

Staðhættir: Bæjarhús Nauthóls voru syðst við Nauthólsveg að norðan, ekki langt frá bröggum, sem nú eru á vegum Flugmálastjórnar sunnan við Háskólann í Reykjavík. Svæðið er grasi gróið og þýft. Rústin er fyrir norðan bæjarstæði við túngarðinn (1999-7 (220-111)). Starfsfólk Fornleifastofnunar Íslands framkvæmdi fornleifarannsókn á svæðinu árið 2007 í kjölfar rannsóknar með könnunarskurðum. Uppgröfturinn leiddi í ljós grjóthlaðið gerði með opi að norðan sem tengdist útihúsi úr torfi og grjóti sem var 7,5x4,5 m, tveggja hólfa, ásamt hluta af túngarðinum. Í ljós komu einnig leifar af eldra og stærra mannvirki sem gekk að hluta til undir það yngra sem talið er vera frá seinni hluta 19. aldar.⁹²

⁹⁰ Oscar Aldred, *Excavations at Nauthóll 2007*, bls. 7.

⁹¹ Oscar Aldred, *Excavations at Nauthóll 2007*, teikning á forsiðu.

⁹² Oscar Aldred, *Excavations at Nauthóll 2007*, bls. 12.

Lýsing: Húsið var um 7,5x4,5 m að stærð og norðan og austan við var grjóthlaðið gerði, um 12x17 m (sjá kort frá árinu 1933).⁹³ Þegar fornleifarnar voru skráðar fyrst árið 1983 var garðurinn horfinn að norðan og grafið hafði verið upp úr vesturhluta rústarinnar og fyllt upp í austurhlutann. Nú (2019) eru eftir leifar af mannvirki, 8x4,5 m, sem skilið var eftir þegar fornleifarannsókn lauk árið 2007. Ummál leifa var mælt 7,5x4,5 m (sjá mynd 35).

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-5 (220-108) Matjurtagarður

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-5	220-108		Matjurtagarður	Garður	1850-1902	357348	405569	25	11	Gott	Nei

Staðhættir: Matjurtagarður var við norðvesturhornið á túngarði Nauthóls. Hann var eitt hólf þegar hann var teiknaður á bæjarteikningu 1902 en hefur verið skipt í tvö hólfr einhvern tímann eftir það og var teiknaður þannig á kort 1933.⁹⁴


Lýsing: Garðarnir eru 25x11 m samtals, grasi grónir og mjög greinilegir. Úr torfi og grjóti, hæð um 50–70 cm.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.



Mynd 36. Matjurtagarður (1999-5), horft í norðaustur frá Nauthól.



Mynd 37. Matjurtagarður (1999-5) teiknaður eftir uppmælingu.

⁹³ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

⁹⁴ Landmælingar Íslands. Bæjarteikning Nauthóll, 1902 og hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur..

Skildinganes 1999-6 (220-109) Matjurtagarður

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-6	220-109		Matjurtagarður	Garður, heimild	1850-1902	357325	405538	23	11	Slæmt	Að hluta

Staðhættir: Bæjarhús Nauthóls voru syðst við Nauthólsveg að norðan, ekki langt frá bröggum sem nú eru á vegum Flugmálastjórnar sunnan við Háskólann í Reykjavík. Svæðið er grasi gróið og þýft. Matjurtagarðurinn var um 8 m norður af bröggunum. Aðeins norðurhliðin er eftir af þessum matjurtagarði (1999-6). Búið er að slétta garðinn, líklega samhliða því að fjarskiptamastur frá hernum var reist á þessum slóðum (1999-17) en tveir járnstaurar eru til merkis um það. Garðurinn er teiknaður á bæjarteikningu 1902 og á korti 1933.⁹⁵


Lýsing: Matjurtagarðurinn er 20x11 m á korti frá 1933, nú er syðri hluti hans orðinn óljós. Úr torfi og grjóti.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.



Mynd 38. Svæðið þar sem matjurtagarður (1999-6) var við túngarðinn (1999-7) sem liggur skáhallt eftir myndinni, tveir járnstaurar (1999-17) fyrir ofan miðju, horft í suðaustur.



Mynd 39. Teikning af matjurtagarði (1999-6) eftir korti 1933.⁹⁶

Skildinganes 1999-7 (220-111) Túngarður

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-7	220-111		Túngarður	Garðlag/heimild	1850-1902	357394	405567	400	1,5	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Bæjarhús Nauthóls voru syðst við Nauthólsveg að norðan, ekki langt frá bröggum sem nú eru á vegum Flugmálastjórnar sunnan við Háskólann í Reykjavík. Svæðið er grasi gróið og þýft. Hlaðinn garður var um túnið samanber bæjarteikningu frá 1902 og kort frá árinu 1933.⁹⁷ Hluti af túngarðinum var rannsakaður þegar gerð var fornleifarannsókn á útihúsi og gerði við norðanverðan garðinn, austan og vestan við. Hluti garðsins vestan við rústina var

⁹⁵ Landmælingar Íslands. Bæjarteikning Nauthóll, 1902 og hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

⁹⁶ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

⁹⁷ Landmælingar Íslands. Bæjarteikning Nauthóll, 1902 og hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.


bæði úr torfi og grjóti en austan við var hann eingöngu úr grjóti. Sjá framvinduskýrslu: *Excavations at Nauthóll 2007*.⁹⁸

Lýsing: Samkvæmt uppdráttunum var garður um túnið og matjurtagarðana sem er sýnilegur að hluta. Austurhluti hans er að mestu horfinn. Að sunnan er hann syðri hluti af matjurtagarði (1999-3 (220-110)). Að vestan liggur hann austan í Nauthól og er hluti af matjurtagörðum sem liggja utan í hólnum (1999-6 (220-109)) og (1999-5 (220-108)). Að norðan er hann að mestu jarðlægur eða horfinn nema á 14 m kafla.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 40. Túngarður (1999-7) norðvesturhlíð, horft í norðaustur og suðaustur af Nauthól.



Mynd 41. Bæjarstæði Nauthóls, teikning af túngarði (1999-7) eftir uppmælingu (græn fylling) og eftir korti frá árinu 1933 (rauð brotalína).⁹⁹

⁹⁸ Oscar Aldred, *Excavations at Nauthóll 2007*, bls. 7.

⁹⁹ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Skildinganes 1999-8 (220-106) Rúst

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-8	220-106		Útihús	Tóft	1900	357357	405523	7,7	5,5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Bæjarhús Nauthóls voru syðst við Nauthólsveg að norðan, ekki langt frá bröggum sem nú eru á vegum Flugmálastjórnar sunnan við Háskólann í Reykjavík. Svæðið er grasi gróið og þýft. Tóft af útihúsi er 26 m norðvestan við braggana. Hún er innan túngarðs Nauthóls og var teiknuð inn á kort frá árinu 1933.¹⁰⁰


Lýsing: Rústin var orðin tóft samkvæmt kortinu 1933. Var þá U laga, 9x7 m að stærð og lá í norðvestur-suðaustur. Rústinni hefur verið breytt eftir það. Hlaðinn hefur verið upp veggur þvert í miðja tóftina. Hluti af suðvesturhlið hefur verið fjarlægður en enn mótast fyrir norðausturhlið. Rústin er nú 7,7x5,5 m og veggir úr grjóti og torfi, 1,0–1,5 m á breidd og 0,5–0,8 m á hæð. Dyr eru í austur. Í norðurhorni rústarinnar er steypur stautur með vinkiljárni upp úr.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.



Mynd 42. Rúst af útihúsi (1999-8) suðaustur af Nauthól, horft í vestur.



Mynd 43. Rúst af útihúsi (1999-8), teiknuð eftir uppmælingu og korti frá 1933 (rauð punktalína).¹⁰¹

Skildinganes 1999-9 (220-203) Gata

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-9	220-203		Gata/leið	Heimild	1850	357453	405476			Ómetið	Já

Staðhættir: Fyrr á öldum lá gata frá Digranesi í Kópavogi yfir Fossvogslæk og út með Fossvoginum að norðan út að Nauthól og síðan áfram vestur að Skildinganesi. Önnur gata lá frá Nauthól og norður með hliðum Öskjuhlíðar. Þessar gömlu leiðir voru farnar á milli bæja frá fornu fari (sjá mynd 44).¹⁰²

Lýsing: Horfin.

¹⁰⁰ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

¹⁰¹ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

¹⁰² Landmælingar Íslands: *Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar*, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1903.



Mynd 44. Hluti af Reykjavíkurkorti frá árinu 1903. Nauthóll við Nauthólsvík er fyrir miðju, gata/leið lá frá Digraanesi með Fossvoginum að norðan að Nauthól og áfram vestur að Skildinganesi. Önnur gata lá frá Nauthól og norður með Öskjuhlíð. Vagnavegur (breiðari gata) lá í norður yfir Kópavogshálsinn og Öskjuhlíðina til Reykjavíkur um Skólavörðuholtið.¹⁰³

Skildinganes 1999-10 (220-186) Læragjá

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-10	220-186	Læragjá Volga	Baðstaður, Affall	Skurður	1940	357481	405376	80	6	Gott	Nei



Mynd 45. Steinhlaðinn farvegur (1999-10), horft í suður niður Læragjá.



Mynd 46. Horft í norður upp eftir Læragjá.

¹⁰³ Landmælingar Íslands: *Nágreppi Reykjavíkur og Hafnarfjarðar*, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1903.



Mynd 47. Neðsti hluti farvegsins og þverhleðsla til að stöðva vatnið, horft í suðvestur. Áletrunin „EH77“ er á einum hleðslusteininum, staðsetning hans er sýnd með gulum ferningi.



Mynd 48. Teikning af ummáli lækjarfarvegsins (1999-10), græn lína. Útlínur bragga frá tímum hersetunnar með bláum brotalínunum.

Staðhættir: Vestan við Lyngberg er uppbornaður lækjarfarvegur sem nær frá göngustíg og suður í sjó, um 80 m. Upprunalega var þetta frárennisskurður frá tíma setuliðsins og lá með öllum Nauthólsvegi að vestanverðu. Nú er einungis syðsti hluti hans sýnilegur og grjóthlaðinn. Hitaveita Reykjavíkur leiddi affallsvatn úr heitavatnsgeymunum á Öskjuhlíð í lækinn á árunum 1968 til 1983.¹⁰⁴ Í örnefnalýsingu Skildinganes segir: „Í Nauthólsvík ... fellur til sjávar tilbúinn lækur, heitur, yfirfall frá Hitaveitu Reykjavíkur, nú vinsæll baðstaður, rétt við Lyngberg. Nú hefur lækurinn verið lagfærður og byggður upp. Sumir hafa nefnt lækinn Volgu og gjána sem menn baða sig í Læragjá. Vel má vera að þessi örnefni eigi enga framtíð fyrir sér en þau eru skemmtileg samt sem áður.“¹⁰⁵ Hætt var að veita affalli frá heitavatnstönkunum á Öskjuhlíð í lækinn 1985 vegna ógætilegrar umgengni baðgesta við lækinn.¹⁰⁶

Lýsing: Farvegur lækjarins er greinilegur frá göngustíg neðan við Nauthólsveg að sjó, liggur nánast norður-suður. Hann er V-laga, hlaðinn úr grjóti með steypu á milli. Stærð steina er breytileg, frá 20x10 cm upp í 40x70 cm, blanda af tilhöggnum brúnsteinum og kantsteinum auk náttúrulegra steina. Sjö þverhleðslur, stíflur, eru í læknum til að stöðva vatnið. Lækurinn er um 3 m breiður en sums staðar er lækjarfarvegurinn breiðari, t.d. fyrir ofan stíflurnar, en þar er hann allt að 7 m að breidd þar sem hann er breiðastur. Neðarlega í lækjarfarveginum eru leifar af trébrú og fyrir neðan hana breiðkar farvegurinn aftur og neðsta þverhleðslan við fjöruna er um 5 m á lengd. Áletrunin „EH77“ er höggvin í einn hleðslusteininum í vesturbakkanum, nánast neðst, fyrir ofan syðstu þverhleðsluna. Farvegurinn er nú grasi gróinn með töluverðum trjágróðri og ekkert vatn er í honum lengur. Gengið var með bökkum lækjarins og þeir mældir.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

¹⁰⁴ Lýður Björnsson: *Saga Hitaveitu Reykjavíkur*, bls. 217 – *Dagblaðið Vísir*, 9. sept. 1983.

¹⁰⁵ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Skildinganesjarðarinnar nr. 181156-2. Skráð af Guðlaugi R. Guðmundssyni, heimildamaður Jósefína Eyjólfssdóttir.

¹⁰⁶ *Dagblaðið Vísir*, 9. sept. 1983, bls. 40.

Skildinganes 1999-11 (220-187) Loftvarnabyssa


Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-11	220-187	Lyngberg	Loftvarnabyssa	Steypa	1940	357520	405422	9	9	Slæmt	Að hluta



Mynd 49. Í Nauthólsvík að vetri til á árunum 1940-45. Séð frá bryggjunni (1999-29) yfir hluta af „Corbett Camp“ austur að Lyngbergi, þar sem loftvarnabyssa var.¹⁰⁷



Mynd 50. Steiptur flötur (1999-11) á hvalbakinu Lyngbergi, leifar frá tíma hersetunnar, horft í suðvestur. Hefur sennilega verið stæði fyrir loftvarnabyssu.



Mynd 51. Teikning af ummáli steypuleifanna (1999-11) á Lyngbergi, eftir uppmælingu.

Staðhættir: Á hvalbaki við Nauthólsvík, sem nefnt er Lyngberg (Neðra-Lyngberg), um 40 m fyrir sunnan veitingastaðinn Nauthól.

Í örnefnalýsingu Skildinganes segir: „Á Lyngbergi (líklegast Neðra-Lyngbergi) reistu Bretar á stríðsárunum einhverskonar mannvirki og má enn sjá gat í berginu sem Bretarnir hafa borað er þeir voru að festa mannvirkið“.¹⁰⁸ Samkvæmt ljósmynd (mynd 49) var þarna loftvarnabyssa, með sandpokavirki í kring.

Lýsing: Ofan á á hvalbakinu eru leifar af steiptum fleti með fjórum ferhyrndum götum sem hefur verið stæði fyrir loftvarnabyssu. Af Lyngbergi er gott útsýni til allra átta. Á norðurhlið

¹⁰⁷ Ljósmyndasafn Digital Arkivet í Noregi; https://foto.digitalarkivet.no/fotoweb/archives/5001-Historiske-foto/leit:L_6061Fo30141706280018.jpg.

¹⁰⁸ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Skildinganesjarðarinnar nr. 181156-2. Skráð af Guðlaugi R. Guðmundssyni, heimildamaður Jósefína Eyjólfsdóttir.

virðist hafa verið uppgangur og þar eru líka steypuleifar sem gætu verið leifar af tröppum. Ummál steypu flatanna var mælt inn.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-12 (220-188) Óþekkt

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-12	220-188		Óþekkt	Hleðsla Herminjar	1940	357507	405364	11	8	Gott	Nei

Staðhættir: Um 20 m austur af lækjarfarvegi (1999-10), Læragjá, og um 40 m suður af hvalbakinu Lyngbergi eru tvö mannvirki við ströndina. Á milli þeirra er malarstígur sem liggur austur-vestur með ströndinni. Á loftmynd frá árinu 1942 má greina mannvirki á þessum stað. Gæti verið mannvirki sem tilheyrði hernum en gæti eins verið nútíma skrauthleðsla.



Mynd 52. Mannvirki (1999-12) austan við Læragjá. Horft í vestur.



Mynd 53. Teikning af ummáli minja (1999-12), blá lína, eftir uppmælingu. Útlínur bragga frá tímum hersetunnar með bláum brotalínunum og lækurinn með heilum, grænum línunum.

Lýsing: Mannvirkin eru hlaðin úr brúnsteini og er það nyrðra bogalaga en það syðra er hringlaga. Innri kanturinn er hlaðinn úr brúnsteini, 2 til 3 steinaraðir, festar með steypu, en ytri hliðin er með torfkanti út á við. Hæð 80–90 cm.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.


Skildinganes 1999-13 (220-189) Flugskýli

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-12	220-189		Flugskýli	Steypa	1940	357245	405395	19	19	Gott	Nei

Staðhættir: Vestast við Ylströndina í Nauthólsvík eru leifar af flugskýli fyrir flugbáta sem er að hluta grafið inn í bakkann. Vélarnar voru dregnar á land eftir Northrop-brautinni (1999-30), sem er skáhallandi steyp braut grafin í sandinn aðeins austur. Norsk flugsveit hafði bækistöð í vikinni fyrir Northrop sjóflugvélar. Norðmennirnir bjuggu í kampi í Nauthólsvík, sem nefndist „Camp Corbett“, á árunum 1941-42.



Mynd 54. Leifar af flugskýli (1999-13) við Ylströndina í Nauthólsvík, horft í suðvestur.



Mynd 55. Teikning af ummáli minja (1999-13), blá lína. Útlínur horfinna herminja með bláum brotalínunum.

Lýsing: Mannvirkið er steinsteyp. Það sem er eftir af skýlinu eru útveggir að norðan og sunnan og í vestur er veggur sem líklega tilheyrir þessu mannvirki. Dyr hafa verið í austur og á loftmynd frá árinu 1942 má sjá að bogapak hefur verið á skýlinu.¹⁰⁹

Hættumat: Mikil hættu.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

¹⁰⁹ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

Skildinganes 1999-14 (220-117) Skotbyrgi

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-14	220-117		Skotbyrgi	Steypa	1940	357159	405313	9,6	6,6	Gott	Nei



Mynd 56. Skotbyrgi (1999-14) á Kýrhamri, horft í suður.



Mynd 57. Skotbyrgi (1999-14), ummál afmarkað með blárrí línu.

Staðhættir: Skotbyrgið er vestan við Ylströndina í Nauthólsvík, á klettanefi sem nefnt er Kýrhamar, um 5 m frá ströndinni og 40 m frá nærliggjandi göngustíg.

Lýsing: Skotbyrgið er kassalaga með mjórri skotrauf. Það er hlaðið úr steypusteinum og eru stærri steinar að neðan en ofan, stór steipt plata er notuð sem þak. Gengið er niður í byrgið að norðan um torfgöng, niður þrjú þrep. Byrgið er að mestu mjög heillegt. Úr skotraufinni er útsýni yfir Fossvoginn.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Landbrot.

Skildinganes 1999-15 (220-118) Vatnsgeymir

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-15	220-118		Vatnsgeymir	Steypa	1940	357385	406067	20	10	Gott	Nei

Staðhættir: Vatnstankurinn er um 9 m austan við Nauthólsveg og 60 m fyrir sunnan Öskju, leikskóla Hjallastefnunnar að Nauthólsvegi 87. Vatnstankar voru hluti af öryggisráðstöfunum setuliðsins. Þeim var ætlað að geyma nægilegt vatn til að slökkva elda af völdum loftárásar. Í Öskjuhlíð og við rætur hennar voru nokkrir svona tankar. Jarðvegi var rutt að tönkunum og tyrft yfir svo að þeir líta út eins og litlir, grasigrónir hólar. Eftir stríðið var mörgum þeirra breytt í kartöflugeymslur.¹¹⁰

Lýsing: Vatnstankurinn er um 20x10 m og 3 m á hæð, grasi gróinn. Hann er steypdur, mannop er í toppnum á honum að norðanverðu.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

¹¹⁰ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson. *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 41.



Mynd 58. Vatnstankur (1999-16), austan við Nauthólsveg og sunnan við leikskóla Hjallastefnunnar. Auk leifa af herskálahverfi númer (1999-16).



Mynd 59. Vatnstankur (1999-15), grasigróinn, horft í suðvestur.

Skildinganes 1999-16 (220-144) Herbúðir, kvikmyndahús, matsalur

Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-16	220-144		Herbúðir, kvikmyndahús, matsalur	Steypa	1941	357409	406084	70	60	Slæmt	Nei



Mynd 60. Hluti af loftljósmynd af svæðinu frá árinu 1942.¹¹¹ Umræddir braggar eru númer (1999-16).



Mynd 61. Leifar af herskálahverfi (1999-16), horft í norður að leikskóla Hjallastefnunnar, Öskju. Nú notað sem leiksvæði skólabarna.

¹¹¹ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósna mynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

Staðhættir: Austan við Nauthólsveg og sunnan við leikskólann Öskju var áður herskálahverfi þar sem var kvikmyndahús og matsalur óbreyttra flugliða¹¹² (sjá mynd 58).

Lýsing: Nú eru þarna ýmiss konar steypuleifar eftir þetta herskálahverfi.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-17 (220-204) Mastur

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-17	220-204		Mastur	Steypa	1940	357329	405533			Slæmt	Nei

Staðhættir: Norðan við bragga á bæjarstæði Nauthóls var áður fjarskiptamastur. Þegar mastrinu var komið fyrir var garður (1999-6) sléttður út, en mastrið hefur verið þar. Sjá mynd 17, 22 og 38. Mastrið hefur verið sambærilegt við það sem var reist á bæjarstæðinu.

Lýsing: Lítið sést af mastrinu en upp úr jörðinni standa tveir járnstaurar.


Skildinganes 1999-18 (220-191) Skotgröf

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-18	220-191		Skotgröf	Niðurgröftur	1940	357423	405517	2,8	2,4	Gott	Nei

Staðhættir: Í matjurtagarði (1999-3) fyrir sunnan bæjarstæði Nauthóls er niðurgröftur. Sennilega ummerki eftir hersetuna, gæti verið skotgröf.



Mynd 62. Skotgröf (1999-19) í matjurtagarði neðan við bæjarstæði Nauthóls, horft í suðvestur.



Mynd 63. Teikning af skotgröf (1999-18) eftir uppmælingu.

Lýsing: Grasivaxinn ferhyrindur niðurgröftur, um 1x1 m að innanmáli, með 50–60 cm kanti í kringum.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.


¹¹² Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 244-245. Kort af Reykjavíkurlugvelli, 1944. Royal Air Force.

Skildinganes 1999-19 (220-192) Tvær holur

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-19	220-192		Óþekkt	Holur	1940	357425 357428	405514 405509	1 2,3	1 1	Gott	Nei



Mynd 64. Skotgröf (1999-18) og tvær holur (1999-19) í matjurtagarði (1999-3) við bæjarstæði Nauthóls.



Mynd 65. Teikning af tveimur holum (1999-19) í matjurtagarði (1999-3) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Tvær holur í grasigrónum matjurtagarði (1999-3) fyrir neðan bæjarstæði Nauthóls voru hnitsettar. Sennilega ummerki eftir herinn en hlutverk þeirra er óþekkt. Önnur holan er 1,2 m suður af holu sem talin er hafa verið skotgröf (1999-18) en hin 7,3 m suðaustur af henni.

Lýsing: Önnur holan er 1x1 m og 50 cm á dýpt en hin er 2,3x1 m og 60 cm á dýpt. Holurnar eru grónar.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-20 (220-193) Mastur

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-20	220-193		Mastur, undirstöður	Steypa	1940	357429	405542	5,5	5,5	Gott	Nei

Staðhættir: Á bæjarstæði Nauthóls eru fjórir steyptir fletir, líklega undirstöður masturs sem hernámliðið setti þar upp. Fletirnir eru norðaustan við stóran stein sem myndaði áður sameiginlegan gafli á bæjarhúsum Nauthóls (sjá 1999-1).


Lýsing: Fjórir steyptir fletir, undirstöður masturs. Hver flötur er um 1,8x1,8 m, tvö vinkiljárn standa enn upp úr þeim sem eru vestanmegin.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.



Mynd 66. Fjórir steyptir fletir (1999-20) sem voru undirstöður fyrir mastur við bæjarstæði Nauthóls, horft í norðvestur.



Mynd 67. Teikning af fjórum steyptum flötum (1999-20), eftir uppmælingu, litað blátt. Undirstöður fjarskiptamasturs. Punktalínur marka staðsetningu bæjarhúsanna (1999-1) eftir kortum.

Skildinganes 1999-21 (220-114) Skotgröf

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-21	220-114		Skotgröf	Niðurgröftur	1940	357374	405571	3,8	3,4	Gott	Nei

Staðhættir: Suðvestan við Háskólann í Reykjavík er skotgröf. Hún er sunnan undir stórum steini við norðurtúngarð Nauthóls.


Lýsing: Skotgröfin er hringlaga, um 3,5 m í þvermál að utan og um 1 m að innan, hæð um 70–80 cm, hlaðin úr torfi og grjóti.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.



Mynd 68. Skotgröf (1999-21) undir stórum steini við norður-túngarð (1999-7) Nauthóls.




Mynd 69. Skotgröf (1999-21), teiknað eftir uppmælingu.

Skildinganes 1999-22 (220-194) Skotgröf

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-22	220-194		Skotgröf	Niðurgröftur	1940	357339	405550	4,5	3,5	Gott	Nei



Mynd 70. Skotgröf (1999-22) suðaustan í Nauthól, horft í suður.



Mynd 71. Teikning af skotgröf (1999-22) suðaustan í Nauthól, eftir uppmælingu.

Staðhættir: Skotgröf við stein suðaustan í Nauthól, vestan við túngarð (1999-7).

Lýsing: Hringlaga, grasigróin, um 3,5x4,5 m að utan en 1,7x1,0 m að innan, um 70 cm á dýpt, við stóran stein sem myndar suðurhlið, ekkert op.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-23 (220-195) Skotgröf

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-23	220-195		Skotgröf	Niðurgröftur	1940	357329	405552	3,1	2,7	Gott	Nei

Staðhættir: Skotgröf suðaustan í Nauthól, um 6 m vestan við skotgröf (1999-22).


Lýsing: Grasigróin, um 3,1x2,7 m að utanmáli og 1,6x1,5 m að innan, dýpt holu um 1 m. Steinn við norðvesturhlíð.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.



Mynd 72. Skotgröf (1999-23) suðaustan í Nauthól, horft í norður.




Mynd 73. Teikning af skotgröf (1999-23) suðaustan í Nauthól, eftir uppmælingu.

Skildinganes 1999-24 (220-196) Skotgröf

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-24	220-196		Skotgröf	Niðurgröftur	1940	357308	405563	4,4	3,6	Gott	Nei



Mynd 74. Skotgröf (1999-24) norðvestan við Nauthól, horft í vestur.



Mynd 75. Teikning af skotgröf (1999-24) norðvestan við Nauthól, eftir uppmælingu.

Staðhættir: Norðvestan við Nauthól er skotgröf.

Lýsing: Grasigróin skotgröf um 4,4x3,6 m að utanmáli og 1,8x2,0 m að innan, op í norðaustur.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999- 25 (220-197) Byssustæði

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-25	220-197		Byssu-stæði	Steypa	1940	357322	405562	6	3	Gott	Nei



Mynd 76. Steypa eftir mannvirki (1999-25), horft í norður.



Mynd 77. Mannvirki (1999-25), teiknað upp eftir uppmælingu.

Staðhættir: Uppi á Nauthól norðanmegin eru tveir steypdir fletir. Þegar rýnt er í gamlar loftmyndir má sjá að þarna hefur verið einhverskonar mannvirki, hugsanlega byssustæði.

Lýsing: Steypdar plötur. Sú nyrðri er heil en sú syðri er grónari, með grasigrónum ferningi í miðjunni.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.


Skildinganes 1999-26 (220- 126) Corbett Camp

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-26	220-126	Corbett Camp	Her-búðir	Heimild	1941-1971	357391	405413	150	120	Ómetið	Já

Staðhættir: Á korti frá 1944 er Corbett Camp merktur inn upp af þar sem nú er baðaðstaða við Nauthólsvík. Corbett Camp var austan við Transit Camp og vestan við Camp Kwitchebelliakin eða Camp Maple Leaf. Þetta voru herbúðir norska sjóflugliðsins en áður bækistöðvar breskra sjóflugliða sem fyrstir gerðu út flugbáta. Herbúðirnar voru byggðar árið 1941 en herskálaverfið sést á ljósmynd frá þeim tíma. Það sem einkenndi þessar herbúðir var að bröggunum var ekki raðað upp skipulega í röð.¹¹³

¹¹³ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 226. Helgi M. Sigurðsson og Ingvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 41. Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga, braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. bls. 25-26 og 83.

Lýsing: Ekkert er eftir af minjum á þessu svæði. Kampurinn innhélt um 30 hús eða bragga.



Mynd 78. Loftljósmynd af svæðinu frá árinu 2018, rauð brotalína afmarkar útlínur deiliskipulagssvæðisins.¹¹⁴



Mynd 79. Hluti af loftljósmynd af herskálahverfinu Corbett Camp (1999-26) frá árinu 1942.¹¹⁵

¹¹⁴ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹¹⁵ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri nýjónamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

Skildinganes 1999-27 (220-182) Camp Kwitcherbelliakin, Camp Maple Leaf

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-27	220-182		Her-búðir	Bragga-grunnar	1941	357524	405451	413	103	Slæmt	Að mestu



Mynd 80. Loftljósmynd af svæðinu frá árinu 2018, rauð brotalína afmarkar útlínur deiliskipulags-svæðisins.¹¹⁶



Mynd 81. Hluti af loftljósmynd af herskálahverfinu frá árinu 1942, Lyngberg vinstra megin við miðju.¹¹⁷

Staðhættir: Á kort frá 1944 er merktur inn stór kampur, um 200 braggar, á bökkunum inn með Fossvogi. Þetta var bækistöð flugliðs Bandaríkjafloata, U.S. Navy, Fleet Air Base, eða Camp Kwitcherbelliakin. Nafnið merkir, þegar grannt er skoðað, „Quit your bellyaching“ eða „Ekkert væl“, en nafninu var breytt í Camp Maple Leaf til heiðurs kanadíska þjóðartákninu þegar 162. sjóhernáðarflugsveitin kanadíska tók þar við.¹¹⁸

Lýsing: Lítið er eftir af minjum á þessu svæði. Á svæði austan við Lyngberg er að finna merki eftir bragga og vegi að þeim.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-28 (220- 163) Dráttarbraut

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-28	220-163		Dráttarbraut	Bryggja	1970	357424	405346	40	11	Gott	Nei

Staðhættir: Sunnan við Nauthólsveg 104, sem nú hýsir *Siglunes Vatnasport*, er hallandi, steipt bryggja – dráttarbraut. Brautin er notuð til að sjósetja báta. Hún var byggð um 1970 og er því ung að árum.

Lýsing: Steipt, hallandi bryggja, um 40 m löng og 11 m breið. Merki Supermanns er málað á bryggjuna.


¹¹⁶ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹¹⁷ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

¹¹⁸ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 226. Helgi M. Sigurðsson og Ingvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 41. Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944. Royal Air Force. Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga, braggatíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 25-26 og 83.



Mynd 82. Loftljósmynd af svæðinu frá árinu 2018, grænar línur afmarka yngir minjar og bláar brotalínur minjar frá hertíma.¹¹⁹




Mynd 83. Dráttarbraut (1999-27) við Nauthólsvík, horft í vestur.

Skildinganes 1999-29 (220-127) Bryggja

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-29	220-127		Bryggja	Heimild Bryggja	1940	357352	405352	93	6	Ómetið	Að hluta



Mynd 84. Eystri varnargarður við Nauthólsvík. Þar var áður bryggja (1999-29) á sama stað. Horft í vestur.



Mynd 85. Bryggja (1999-29) við Nauthólsvík á loftmynd frá árinu 1942.¹²⁰

Staðhættir: Bryggjan er nú eystri varnargarður fyrir Ylströndina í Nauthólsvík. Hún var upphaflega byggð fyrir norska herflugsveit sem hafði bækistöð í vikinni fyrir Northrop-sjóflugvélar. Bryggjan var líka notuð af breska hernum við affermingu flugbáta, en þeir voru aðallega notaðir áður en flugvöllurinn var fullbúinn.¹²¹

¹¹⁹ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.


¹²⁰ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri nýsnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

¹²¹ Helgi M. Sigurðsson og Ingvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 41. Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Lýsing: Bryggjan var steinhlaðin og hefur verið um 120 m löng og 5 m breið árið 1942. Ekki er ljóst á myndum hvort syðri endi hennar hafi verið byggður úr timbri, en hann er nú horfinn. Ekki er vitað hvað mikið er eftir af gömlu bryggjunni inni í núverandi varnargarði, en hann er byggður á sama stað.

Skildinganes 1999-30 (220-128) Northrop-brautin

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-30	220-128	Northrop-brautin	Dráttarbraut	Heimild	1940	357288	405365	83	6,5	Gott	Nei



Mynd 86. Northrop-brautin (1999-30) við Nauthólsvík á loftmynd frá árinu 1942. Vestan við brautina má sjá flugskýlið (1999-19) og upp af brautinni má sjá skeifulaga flugvélaskjól (1999-32).¹²²

Staðhættir: Northrop-brautin er í miðri Ylströndinni í Nauthólsvík og er nú þakin skeljasandi. Hún var notuð til draga á land og/eða sjósetja sjóflugvélar, brautin dregur nafn sitt af nafni flugvéla.¹²³ Þegar vélar voru á landi voru þær geymdar í sandskeifum, sem voru grafnar inn í bakkann (1999-32), eða inni í flugskýlinu, væntanlega til viðgerðar (1999-19).

Lýsing: Brautin var steipt árið 1942 og er um 83 m löng og 6 m breið.

Hættumat: Mikil hættu. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.

¹²² Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

¹²³ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 47.

Skildinganes 1999-31 (220-129) Minnismerki

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-31	220-129		Minnis-merki	Minnis-merki	1981	357330	405397			Gott	Nei

Staðhættir: Við Nauthólsvík, vestan við Nauthólsvíkurveg 102, er minningarsteinn um veru herdeildar 330 norsku flugsveitarinnar sem var stofnuð sem herdeild í Konunglega breska flughernum (Royal Air Force) í Bretlandi í apríl 1941. Verkefni herdeildarinnar var að leita að kafbátum og fylgja lestum flutningaskipa yfir hafið. Hún byrjaði með 24 Northrop N-3PB sjóflugvélar sem Noregur hafði haft í pöntun frá því fyrir apríl 1941. Til þess að fylla í skarð þeirra véla sem töpuðust var bætt við Catalina-sjóvélum í staðinn. Alls töpuðust 12 Northrop vélar í stríðinu og með þeim 21 maður.¹²⁴

Lýsing: Bautasteinn úr grágryti með áletrunum á báðum hliðum. Á norðurhliðinni er steyp málmlata. Efst er hringlaga merki flugsveitarinnar með nafni hennar: 330 (NORWEGIAN) SQUADRON 330 ROYAL AIR FORCE, kringum víkingaaldarseglskip. Á borða undir stendur: TRYGG HAVET. Texti undir merkinu: REIST TIL MINNE OM DEN NORSKE 330 SKVADRON SOM FRA APRIL 1941 TIL APRIL 1943 OPERERTE FRA REYKJAVIK, AKUREYRI OG BUDAREYRI. Á suðurhliðina er meitlað í steininn: LIÐSMENN ÚR 330. FLUGSVEIT ÞAKKA ÍSLENSKU FRÆNDÞJÓÐINI HJÁLP OG AÐSTOÐ SEM ÞEIM VAR VEITT Á ÍSLANDI. Steinninn stendur á steypum fleti og í steypuna hefur verði skrifað nafn og ártalið 1943.



Mynd 87. Minningarsteinn við Nauthólsvík um veru norskrar flugsveitar á stríðsárunum.


¹²⁴ Landhelgisgæsla Íslands. Heimasiða, fréttayfirlit, fréttasafn, <http://www.lhg.is/frettir-og-fjolmidlar/frettasafn/frettayfirlit/nr/1049>, sótt 16.12.2019.

Skildinganes 1999-32 (220-198) Flugskýli


Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-32	220-198		Flugskýli	Byrgi	1940	357285	405407	100	30	Gott	Nei



Mynd 88. Flugskýli (1999-32) í Nauthólsvík, horft í norðaustur.



Mynd 89. Flugskýli (1999-32) í Nauthólsvík.¹²⁵



Mynd 90. Nauthólsvík að vetri, ein flugvél er í fjörunni framan við Corbett Camp. Bryggja (1999-29) er lengst til hægri á myndinni. Öll þessi hús eru nú horfin.¹²⁶

Staðhættir: Við norðurbakka ylstrandarinnar í Nauthólsvík eru þrjú skeifulaga mannvirki frá því að norska herflugsveitin hafði bækistöð í vikinni. Northrop-sjóflugvélar voru dregnar á land og geymdar inni í þessum skeifum, sem voru þá einskonaflugskýli eða byrgi.

Lýsing: Þrjár skeifur eru nú mótaðar í bakkann en sú fjórða var þar sem nú eru búningsklefar ylstrandarinnar. Í gegnum skeifuna sem er vestast liggur göngustígur en hinar tvær eru notaðar sem sólbaðsskeifur, stærð um 15x15 m.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

¹²⁵ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnameynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.


¹²⁶ Ljósmyndasafn Digital Arkivet í Norgegi; <https://foto.digitalarkivet.no/fotoweb/archives/5001-Historiske-foto/> leit: island, mynd: L_6058Fo30141706280015.jpg.

Skildinganes 1999-33 (220-199)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-33	220-199		Byrgi, Skotgröf	Heimild	1942	357145	405352			Ómetið	Já

Staðhættir: Á Kýrhamri voru fjögur hringlaga mannvirki sem sjást á loftmynd af svæðinu frá árinu 1942 (sjá mynd 91). Líklega hafa þessi mannvirki verið hlaðin úr jarðvegi og verið stæði fyrir loftvarnabyssur til að verjast loftárásum.

Lýsing: Horfin. Búið er að slétta svæðið og engar leifar eru þarna eftir þessi mannvirki. Nú er búið að gera þarna sólbaðsskeifur og setja upp mjög stóra sólstóla (sjá mynd 92).




Mynd 91. Varnarmannvirki (1999-33) á Kýrhamri við Nauthólsvík, loftmynd frá árinu 1942.¹²⁷




Mynd 92. Sólbaðsskeifur á Kýrhamri þar sem áður voru varnarmannvirki, horft í austur.

Skildinganes 1999-34 (220-125) Brancepeth Camp

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-34	220-125	Brancepeth Camp	Her-búðir	Heimild	1942-1954	357186	405471			Ómetið	Já



Mynd 93. Kort frá árinu 1944 sem sýnir staðsetningu á Brancepeth Camp, vestan við Transit Camp.¹²⁸



Mynd 94. Brancepeth Camp (1999-34) á loftmynd frá árinu 1942.¹²⁹

¹²⁷ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

¹²⁸ Kort af Reykjavíkurlugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.


¹²⁹ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

Staðhættir: Vestan við Nauthólsveg 100 var herskálahverfið **Brancepeth Camp**, efst og næst veginum var félagsheimili KFUM (1999-35). Í Brancepeth Camp bjó fyrst breskt og síðar bandarískt fótgönguliðsundirfylki, um 180 menn, sem sáu um að standa vörð við ströndina og flugvallarsvæðið.¹³⁰ Herskálahverfið er merkt inn á kort frá 1944.¹³¹

Lýsing: Allt horfið. Í kampinum voru um 18-20 hús eða braggar.

Skildinganes 1999-35 (220-122)

Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-35	220-122	Matvöruverslun	Matvöruverslun	Heimild	1941-2009	357203	405525	15	6	Ómetið	Já



Mynd 95. Matvöruverslun setuliðsins (1999-35) sem var rekin af YMCA (KFUM).¹³²



Mynd 96. Matvöruverslunin (1999-35) efst á loftmynd frá 1942.¹³³

Staðhættir: Matvöruverslun setuliðsins stóð 70 m norðvestur af Nauthólsvegi nr. 100 (1999-36). Var hún rekin af YMCA (KFUM) fyrir herinn. Svona hús voru víða í braggahverfum á stríðsárunum. Eftir stríð var húsið notað sem verkstæði af flugfélögum af landsbyggðinni. Húsið var óvenjulegt í útliti.¹³⁴

Lýsing: Steinsteyp hús með bárujárnspaki. Horfið. Húsið var rifið 2009 án leyfis.

Skildinganes 1999-36 (220-124) Transit Camp

Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-36	220-124	Transit Camp	Herbúðir, Hótel	Braggi, hús	1944	357281 357271	405447 405488	79	64	Gott	Nei

Staðhættir: Nauthólsvegur nr. 100 er hluti af Transit Camp. Húsin voru endurgerð á árunum 2018-2019. Fleiri bragar tilheyrðu áður þessum herbúðum, en þeir eru allir horfnir nema einn stakur íbúðarbraggi (1999-36) sem hýsir nú Einherja, Víkingafélag Reykjavíkur og stendur um 30 m fyrir norðan aðalþyrpinguna. Mörg hundruð braggar af þessari gerð voru reistir í Reykjavík á stríðsárunum, nú eru þeir flestir horfnir. Transit Camp var reistur frekar seint á stríðsárunum, eða 1944, og sést ekki á loftmynd frá 1942. Í allmörgum bragganna var

¹³⁰ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

¹³¹ Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

¹³² Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 45.

¹³³ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.


¹³⁴ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 45.

gistiðstaða sem notuð var fyrir flugmenn og aðra sem áttu leið um Reykjavíkflugvöll. Eftir stríð var *Flughótel*ð rekið þar í mörg ár á vegum Flugmálastjórnar.¹³⁵

Lýsing: Braggi og fleiri hús, sem nú hýsa kaffihús og annað frá Háskólanum í Reykjavík, nýlega uppgert. Braggi Einherja er eini íbúðarbragginn sem eftir er. Ytra útlit hans er óbreytt frá því sem var á stríðsárunum, að gaflhurðinni undanskilinni. Upphaflega voru í honum átta herbergi og lá gangur eftir honum endilöngum.



Mynd 97. Staðsetning Transit Camp, bláar punktalínur, út frá korti frá árinu 1944 sem lagt var yfir nýlega loftmynd.¹³⁶



Mynd 98. Kort frá árinu 1944 sem sýnir staðsetningu Transit Camp.¹³⁷



Mynd 99. Nauthólsvegur 100, horft í vestur, hluti af Transit Camp.



Mynd 100. Braggi Víkingafélagsins Einherja, nyrsti bragginn sem tilheyrði Transit Camp, horft í suðaustur.

¹³⁵ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 45.

¹³⁶ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹³⁷ Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Skildinganes 1999-37 (220-123)


Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-37	220-123		Herminjar, braggi	Braggi	1944	357328	405513	25	7,7	Gott	Nei

Staðhættir: Sunnan við Háskólann í Reykjavík, á bæjarstæði Nauthóls, eru tveir braggar sem nú eru á vegum Flugmálastjórnar. Á stríðsárunum voru þjónustufyrirtæki hersins til húsa í bröggunum, skósmíðaverkstæði og saumastofa.¹³⁸

Lýsing: Tveir samsíða braggar, meðalstórir með útbyggðum inngönguskúrum á suðausturgöflum. Bárujárnsklæddir og ómálaðir. Hvor um sig um 24x7,7 m með 2,8x2 m inngönguskúrum. Í syðri bragganum er *Flugröst*, starfsmannaheimili Flugmálastjórnar Íslands, en hinn er vörugeymsla.¹³⁹



Mynd 101. Tveir braggar (1999-37) frá tíma hersetunnar við Nauthól. Standa nú við Nauthólsvog nr. 99.



Mynd 102. Teikning af ummáli bragganna (1999-37) við Nauthól.

Skildinganes 1999- 38 (220-115) Mógröf

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-38	220-115		Mógröf	Heimild	1902	357379	405672	20	20	Ómetið	Já

Staðhættir: Mógröfin (1999-38) var um 20 m fyrir norðan Háskólann í Reykjavík, þar sem nú er malarplan.


Lýsing: Er ekki sjáanleg lengur, búið að breyta í bílastæði.

¹³⁸ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 45.

¹³⁹ Þjóðskrá Íslands. Fasteignaskrá.



Mynd 103. Rauðar brotalínur sýna hvar mógrafir (1999-38) og (1999-39) voru.¹⁴⁰



Mynd 104. Mógrafirnar fyrir norðan og norðvestan bæinn eru blálitáðar þar sem þær voru fullar af vatni.¹⁴¹

Skildinganes 1999- 39 (220-116) Mógröf

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-39	220-116		Mógröf	Heimild	1902	357237	405752	100	10	Ómetið	Já



Mynd 105. Rauðar brotalínur sýna hvar mógrafir (1999-38) og (1999-39) voru þegar bæjarteikning var gerð 1902.¹⁴²



Mynd 106. Nauthóll og nágrenni árið 1902.¹⁴³

Staðhættir: Mógröfin (1999-39) var rétt austan við Flugskýli 2 þar sem Landhelgisgæslan er nú með aðstöðu vestan við Nauthólsveg, innan flugvallargirðingar. Á svæðinu er nú er bæði malbikað plan og gras.

Lýsing: Gröfin er ekki sjáanleg lengur.

¹⁴⁰ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹⁴¹ Landmælingar Íslands. Bæjarteikning Nauthóll, 1902.

¹⁴² Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹⁴³ Landmælingar Íslands. Bæjarteikning Nauthóll, 1902

Skildinganes 1999-40 (220-131) Station Headquarters


Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-40	220-131	Station Headquarters	Her-búðir	Heimild	1942	357345	405742	160	130	Ómetið	Já

Staðhættir: Norðan við lóð Háskólans í Reykjavík, á milli Menntavegar og Nauthólsvegar, voru aðalbækistöðvar breska flughersins og flugstöðvarstjórnar ásamt matsal (sjá kort 1944).¹⁴⁴ Þarna voru nokkrir bragar og hús sem mynduðu þyrpingu.

Lýsing: Engar minjar að sjá. Nú er þarna grasigróinn mói.



Mynd 107. Bláar brotalínur sýna horfnar herminjar og rauðar brotalínur horfnar fornleifar.¹⁴⁵



Mynd 108. Loftljósmynd frá árinu 1949 sem sýnir staðsetningu Station Headquarters.¹⁴⁶

Skildinganes 1999-41 (220-169) Vegur

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-41	220-169		Vegur	Herminjar	1943	357227	405775	170	4	Gott	Nei

Staðhættir: Inni á flugvallarsvæðinu, vestan við Nauthólsveg, er steiptur vegarspotti sem áður lá frá flugbrautinni að höfuðstöðvum flughersins (1999-40 (220-131)), norðaustan við flugskýli 2. Vegurinn liggur í vestur-austur og skiptist í tvennt við Nauthólsveg.

Lýsing: Vegurinn er gerður úr stórum, steiptum einingum, hann er um 4 m á breidd og 170 m langur.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.


¹⁴⁴ Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

¹⁴⁵ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹⁴⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; Öskjuhlíð 1948-1950. ÁBS LS 31-74. Ljósmyndari ókunnur.



Mynd 109. Bláar, heilar línur sýna sjáanlegar herminjar, bláar brotalínur sýna horfnar herminjar og rauðar brotalínur horfnar fornleifar.¹⁴⁷



Mynd 110. Loftljósmynd frá árinu 1949 sem sýnir staðsetningu á vegi 1999-41 við flugbraut.¹⁴⁸

Skildinganes 1999-42 (220-119) Vatnsgeymir

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-42	220-119		Vatnsgeymir	Herminjar	1941-2006	357436	405826	20	5	Ómetið	Já



Mynd 111. Bláar, heilar línur eru sjáanlegar herminjar, bláar brotalínur sýna horfnar herminjar, en rauðar brotalínur horfnar fornleifar. Vatnsgeymirinn (1999-42) var þar sem nú er bílastæði HR.¹⁴⁹



Mynd 112. Loftljósmynd frá árinu 1949 þar sem sjá má staðsetningu vatnsgeymisins (1999-42), þá austan við Nauthólsvíkurveg.¹⁵⁰

Staðhættir: Austan við Menntaveg, á bílastæði Háskólans í Reykjavík, var áður einn af nokkrum vatnstönkum hersins á svæðinu. Vatnstankar voru hluti af öryggisráðstöfunum setuliðsins. Þeim var ætlað að geyma nægilegt vatn til að slökkva útbreidda elda af völdum loftárásar. Í Öskjuhlíð og við rætur hennar var jarðvegi rutt að tönkunum og tyrft yfir svo þeir litu út eins og litlir grasigrónir hólar. Eftir stríðið var mörgum þeirra breytt í kartöflugeymslur.

¹⁴⁷ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹⁴⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; Öskjuhlíð 1948-1950. ÁBS LS 31-74. Ljósmyndari ókunnur.

¹⁴⁹ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹⁵⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; Öskjuhlíð 1948-1950. ÁBS LS 31-74. Ljósmyndari ókunnur

Tankur þessi tilheyrði „Maple Leaf“ kampinum sem var við Fossvog, en það var allstór kampur með á annað hundrað íbúðarbröggum.¹⁵¹

Lýsing: Tankurinn var steiptur og með tvö op í toppinn, hann er nú horfinn.

Skildinganes 1999-43 (220-130) Herskálahverfi

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-43	220-130		Herskálahverfi	Herminjar	1941	357448	406012	140	110	Slæmt	Að mestu



Mynd 113. Braggabotn í akvegi. Horft í suður í átt að Háskólanum í Reykjavík.



Mynd 114. Bláar heilar línur eru herminjar, bláar brotalínur sýna horfnar herminjar og rauðar horfnar fornleifar. Herskálahverfi (1999-43).¹⁵²



Mynd 115. Loftljósmynd frá árinu 1942 sem sýnir staðsetningu herskálahverfisins (1999-43) austan við Nauthólsvíkurveg.¹⁵³

¹⁵¹ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 41.

¹⁵² Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.

¹⁵³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; *Öskjuhlíð 1948-1950*. ÁBS LS 31-74. Ljósmyndari ókunnur

Staðhættir: Austan við Nauthólsveg og sunnan við Nauthólsveg 87, barnaskóla Hjallastefnunnar, var herskálahverfi eða flugliðabúðir fyrir óbreytta, breska flugliða og foringja.¹⁵⁴


Lýsing: Það sést ennþá móta fyrir braggagrunnum á eldri loftmyndum. Eitt braggagólf er enn sjáanlegt nyrst á þessu svæði og er það í akveginum sem liggur að skóla Hjallastefnunnar að sunnan.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-44 (220-145) Herskálahverfi

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-44	220-145	N.A.A. F.I.	Félagsheimili, verslun	Heimild	1940	357404	406143	55	25	Ómetið	Horfið



Mynd 116. Herminjar (1999-44) við Nauthólsveg, þar sem nú er leikskólinn Askja, Nauthólsvegi 87.

Staðhættir: Þar sem nú er Askja, leikskóli Hjallastefnunnar, við Nauthólsveg 87, voru áður 5 braggar sem hýstu félagsheimili og verslun setuliðsins.¹⁵⁵

Lýsing: Hvarf þegar leikskólinn var byggður árið 2010.

¹⁵⁴ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

¹⁵⁵ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

Skildinganes 1999-45 (220-171) Flugvélastæði

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-45	5-171	Reykjavíkur- flugvöllur	Flugvéla- stæði	Herminjar, steypa	1943	357304	406138	23	23	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Innan flugvallarsvæðis, 25 m vestan við Nauthólsveg og um 30 m suðaustan við flugskýli. Flugvélastæði norðan við austurenda flugbrautar sem liggur norðvestur–suðaustur (sjá mynd 117).



Mynd 117. Herminjar (1999-45) vestan við Nauthólsveg.

Lýsing: Tvö hringlaga steipt plön og vegir á milli, flugvélar voru geymdar á þessum stæðum. Búið er að malbika yfir hluta af steypunni og byggja flugskýli á vestara stæðinu.

Hættumat: Mikil hættu.


Hættuorsök: Framkvæmdir.

Skildinganes 1999-46 (220-200) Veðurstofa

Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-46	5-200	Veðurstofa hersins		Heimild	1940	357299	405710	29	19	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Austan við Nauthólsveg, þar sem nú er rautt flugskýli, voru áður tveir braggar sem hýstu veðurstofu hersins. Flugskýlið hefur verið byggt á þessum braggabotnum á árunum 1965-1971.

Lýsing: Steyptur grunnurinn að þessum bröggum sést á loftljósmyndum til 2005 og er líklega enn undir planinu framan við skýlið.



Mynd 118. Veðurstofa (1999-46) var þar sem nú er rautt flugskýli við Nauthólsveg.¹⁵⁶



Mynd 119. Steypugrunn af veðurstofu hersins er væntanlega að finna undir þessu steypa plani. Horft í norðaustur.

Skildinganes 1999-47 (220-201) Braggar

Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-47	220-201		Braggar	Heimild	1940-1984	357304	406183	9	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Vestan við Nauthólsveg og sunnan við Flugstjórnarmiðstöðina á Reykjavíkurflugvelli, þar sem nú er bílaplan. Tveir braggar stóðu norðaustan við flughlaðið (1999-45, 220-171), sjá mynd 120. Ekki er vitað hvað þeir hýstu á hertíma en þeir voru uppistandandi til ársins 1984.¹⁵⁷

Lýsing: Horfið.

¹⁵⁶ Loftljósmynd frá árinu 2018, Borgarvefsjá.


¹⁵⁷ Loftljósmynd frá árinu 1984, Borgarvefsjá.

Reykjavík 1999-48 (5-186) Herbúðir

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-48	5-186		Herbúðir	Heimild	1944	357399	406245	117	109	Ómetið	Já

Staðhættir: Austan við Nauthólsveg, á grænu svæði þar sem nú er er verið að byggja Nauthólsveg 85, fyrir norðan leikskólann Öskju og barnaskóla Hjallastefnunnar. Þar voru um 60 braggar eða byggingar árið 1944, þegar kort var gert af svæðinu.¹⁵⁸ Þessar herbúðir hýstu undirforingjabúðir breska flughersins.¹⁵⁹ Sjá staðsetningu á mynd 120.

Lýsing: Horfið.



Mynd 120. Herskálahverfi (1999-48) sem hýsti undirforingja breska flughersins. Myndin sýnir staðsetningu á loftmynd frá 2018.

Skildinganes 1999-49 (5-178) Skotfærageymsla

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-49	5-178		Skotfæra-geymsla	Heimild	1944	357375	406331	9	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Skotfærageymslan var upphaflega í Hvalfirði, en íslenska flugmálastjórnin lét flytja húsið að flugvelliinum eftir stríð. Það var reist austan við Nauthólsveg og þar var síðan vélaverkstæði.¹⁶⁰ Sjá staðsetningu á mynd 120.

Lýsing: Horfin.

¹⁵⁸ Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

¹⁵⁹ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

¹⁶⁰ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 44 - 45. - Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Reykjavík 1999-50 (5-177) Klæðageymslur

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-50	5-177		Klæða-geymslur	Heimild	1944-1990	357369	406350	29	25	Ómetið	Já

Staðhættir: Austan við Nauthólsveg, á núverandi lóð Nauthólsvegar 83, stóðu tveir braggar hlið við hlið. Í þessu húsi voru klæðageymslur.¹⁶¹ Sjá staðsetningu á mynd 121 og 122.

Lýsing: Horfnir, stóðu upp til 1990-1995.

Reykjavík 1999-51 (5-171) Vatnsgeymir

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-51	5-171		Vatnsgeymir	Heimild	1944-2006	357381	406407	29	25	Ómetið	Já

Staðhættir: Vatnstankurinn var austan við Nauthólsveg og var hluti af öryggisráðstöfunum setuliðsins. Í tankinum var geymt nægilegt vatn til að hægt væri að slökkva útbreidda elda af völdum loftárásar. Í Öskjuhlíð og við rætur hennar var rutt jarðvegi að tönkunum og tyrft yfir svo þeir litu út eins og litlir, grasigrónir hólar. Tankur þessi tilheyrði braggahverfinu undir vesturrótum hlíðarinnar, hann tók um 10.500 GAL.¹⁶² Sjá staðsetningu á mynd 121 og 122.

Lýsing: Tankurinn var steiptur og á honum voru tvö op í toppinn. Rifinn árið 2006.

Reykjavík 1999-52 (5-406) Verkstæði

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-52	5-406		Verkstæði	Heimild	1944-1995	357460	406452	25	21	Ómetið	Já


Staðhættir Á mótum Flugvallarvegar og Nauthólsvegar (áður Hlíðafótar) stóðu tveir geymslubraggar hlið við hlið. Þar voru viðgerðaverkstæði og lager á stríðsárunum. Eftir stríð voru þeir notaðir af flugmálastjórn sem vélaverkstæði.¹⁶³

Lýsing: Horfið, eystri húsin voru rifin á árunum 1995-2000, þau vestari fljótlega eftir 1944.


¹⁶¹ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

¹⁶² Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

¹⁶³ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 44 - 45.



Mynd 121. Loftmynd frá árinu 1954 sem sýnir hvar braggar voru þá uppistandandi við Flugvallarbraut, Flugvallarveg og Nauthólsveg.¹⁶⁴



Mynd 122. Loftmynd frá árinu 2018 sem sýnir sama svæði og mynd 119, en 64 árum seinna. Útlínur minja hafa verið teiknaðar inn á myndina.¹⁶⁵

¹⁶⁴ Borgarvefsjá. Loftljósmynd frá árinu 1954, kortavinnsla ALG.

¹⁶⁵ Borgarvefsjá. Loftljósmynd frá árinu 2018, kortavinnsla ALG.

Reykjavík 1999-53 (5-152) Náma

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-53	5-152		Náma	Náma	1913	357466	406433	400	50	Gott	Nei

Staðhættir: Náman var í vestanverðri Öskjuhlíð þar sem nú er Flugvallarvegur. Öll húsin sem byggð eru suðaustan við Flugvallarveginn eru í gömlu námunni.¹⁶⁶ Stórfellt grjótnám hófst í Öskjuhlíð í tengslum við hafnargerð í Reykjavík árið 1913. Grjótið var sprengt úr grágrýtisklettum undir norðurtagli hlíðarinnar og flutt með járnbrautarlest niður í Reykjavíkurhöfn til uppfyllingar. Upphaflega var notast við handbora til að koma sprengiefninu fyrir, en seinna var tekin í notkun gufuknúin loftþjappa og tveir þrýstiloftsborar. Tveir gufuknúin lyftikranar, Mjöltnir og María, voru notaðir við að hlaða á járnbrautarvagnana. Lágu teinarnir meðfram norðurhlíðinni, á svipuðum slóðum og Flugvallarvegur er nú. Grjótnám þetta skildi eftir sig allmikinn klettastall.¹⁶⁷ Sjá staðsetningu á mynd 122.

Lýsing: Bergstálið er enn greinilegt suðaustan við húsaröðina, um 400 m langt og sums staðar 10 m hátt. Ekki er ljóst hvað náman náði langt í vestur og suður.

Reykjavík 1999-54 (5-554) Braggar

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-54	5-554		Braggar	Heimild	1944- 1995	357474 357394	406491 406476	31	12	Ómetið	Já

Staðhættir: Nokkrir braggar voru þar sem nú er autt svæði á mótis við Flugvallarveg 7 og vestar þar sem nú er Nauthólsvegur. Ekki er vitað hvað þeir hýstu. Eru merktir inn á kort af svæðinu frá árinu 1944.¹⁶⁸ Sjá staðsetningu á mynd 121 og 122.

Lýsing: Horfið.


¹⁶⁶ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

¹⁶⁷ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 31.

¹⁶⁸ Kort af Reykjavíkurflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Reykjavík 1999-55 (5-413) Haukaland, Vatnsmýrablettur 18

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-55	5-413	Haukaland	Erfðafestubýli	Heimild	1919-1941	357394	406555	8	7	Ómetið	Já



Mynd 123. Korti frá árinu 1933 varpað á grunn í Borgarvefsjá. Erfðafestubýlið Haukaland (1999-55) var þar sem nú eru gatnamót Nauthólsvegur og Flugvallarvegur. Vestast voru elstu húsin, íbúðarhús og útihús, austur var yngri íbúðarhúsið og fótboltavöllurinn.¹⁶⁹



Mynd 124. Valsmenn vinna að gerð fótboltavallar við Haukaland. Hægra megin á myndinni sér í nýrra íbúðarhúsið.¹⁷⁰

¹⁶⁹ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

¹⁷⁰ *Valsblaðið*, 11.05.1961, bls. 60.

Staðhættir: Erfðafestubýlið Haukaland, Vatnsmýrablettur 18, var þar sem nú eru gatnamót Nauthólsvegur og Flugvallarvegur. Húsið var upphaflega byggt af Erlingi Filippussyni árið 1919, fyrst sem torfbær og að hluta bindingsverkshús, auk útihúsa úr torfi. Ári seinna, eða 1920, byggði hann steipt hús svólítið fyrir austan eldra húsið.¹⁷¹ Býlið er merkt inn á kort frá 1933.¹⁷²

Knattspyrnufélagið Valur fékk úthlutað svæði vestan Öskjuhlíðar þegar æfingavöllur á Melunum var tekinn af félaginu árið 1926. Nýja svæðið var austan við nýrra íbúðarhúsið að Haukalandi. Svæðið var stórgrýtt og illt yfirferðar en með samtakamætti ruddu menn svæðið og stækkuðu það smám saman og haustið 1935 var kominn völlur á svæðinu. Valur keypti síðar Hlíðarenda, eða árið 1939, og í framhaldi var starfsemin flutt þangað.¹⁷³

Þegar herinn kom sér fyrir við Reykjavíkurflugvöll fór stór hluti af Vatnsmýrabletti 18 undir suður–norður flugbrautina.¹⁷⁴

Húsið Haukaland var rífið árið 1941, en "flugvallar-nefndin" (þ.e. bresk íslenska matsnefndin) ákvað á fundi 18. maí 1942 að Þorsteinn Stefánsson, eigandi Haukalands, fengi bætur þar til lokið væri byggingu hins nýja íbúðarhúss sem hann byggði að Hrístateig 8.¹⁷⁵

Lýsing: Horfið.

Reykjavík 1999-56 (5-185) Herskálahverfi

Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-56	5-185		Herskála- hverfi	Heimild	1944	357270	406317	185	75	Ómetið	Já

Staðhættir: Þar sem nú er Flugmálastjórn voru um 40 braggar eða byggingar árið 1944, þegar kort var gert af svæðinu. Samkvæmt bók Þórs Whitehead, *Ísland í hers höndum*, voru þarna matsalur og félagsheimili undirforingja sem og búðir þeirra. Síðar reis Hótel Loftleiðir þar og höfuðstöðvar Loftleiða.¹⁷⁶ Sjá staðsetningu á mynd 120.

Lýsing: Horfið.

¹⁷¹ Brunavirðing 1430 frá 03.06.1919, sjá Húsaskrá Reykjavíkur.

¹⁷² Kort Bolla Thoroddsen 1932-1933. Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

¹⁷³ *Valsblaðið*, 11.05.1961, bls. 59-60.

¹⁷⁴ Hluti af korti Bolla Thoroddsen 1932-1933 og kort Þorleifs Kristóferssonar, sem sýnir erfðafestubýli í Reykjavík, frá árinu 1955. Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

¹⁷⁵ *Lesbók Morgunblaðsins*, 21.10.2000, bls. 5.

¹⁷⁶ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

Reykjavík 1999-57 (5-678) Álfasteinn

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-57	5-678		Álfasteinn	Álaga- blettur	1965	357330	406463	10	10	Gott	Nei

Staðhættir: Álfasteinn við Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Við gangstíg og bílastæði austan við hús nr. 50. Á upplýsingaskilti við álfasteininn kemur fram að þegar reynt var að hrófla við steininum á byggingartíma Hótel Loftleiða hafi verið snarlega hætt við það vegna vandræða sem fylgdu í kjölfarið (sjá staðsetningu á mynd 118).

Lýsing: Lítil klapparhóll við göngustíg heim að húsinu.



Mynd 125. Álfasteinn 1999-57 (5-678) við Icelandair Hótel Reykjavík Natura, horft í suður.

Reykjavík 1999-58 (5-679) Járnbrautarteinar


Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd M	Ástand	Horfin
1999-58	5-679		Járnbrautar-teinar	Heimild	1913	357392	406441	185	2	Ómetið	Já

Staðhættir: Stórfellt grjótnám hófst í Öskjuhlíð í tengslum við hafnargerð í Reykjavík árið 1913. Grjótið var sprengt úr grágrýtisklettum undir norðurtagli hlíðarinnar og flutt með járnbrautarlest niður í Reykjavíkurhöfn til uppfyllingar. Járnbrautarteinar lágu frá námunni sunnan við Haukaland yfir Vatnsmýrina, þar sem nú er Reykjavíkurflugvöllur, yfir Melana og út á Granda. Þessi leið var kölluð „leiðin út á Granda“.¹⁷⁷ Leiðin er afmörkuð á korti frá árinu 1933.¹⁷⁸ Sjá staðsetningu á mynd 121.

Lýsing: Öll merki um teinana eru horfin.

Reykjavík 1999-59 (220-202) Huldufólksbústaður

Mí nr.	Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd M	Ástand	Horfin
1999-59	220-202	Lyngberg	Huldufólks-bústaður	Heimild		357392	406441	30	19	Gott	Nei



Mynd 126. Lyngberg, jökulsorfið hvalbak, huldufólksbústaður. Horft til norðurs.



Mynd 127. Lyngberg, jökulsorfið hvalbak ofan við Nauthólsvík. Horft til suðausturs.

Staðhættir: Í viðtali við Jósefinu Eyjólfsdóttur kemur fram að bláklædd kona búi í Lyngbergi og hafi hún lækningamátt. Bláklædda konan, sem læknaði systur heimildarmanns, sagðist vera að launa móður hennar og gæti það hafa verið vegna þess að hún faldi ekki eldinn fyrr en seint á kvöldin og hafði húsið opið. Huldufólksbyggðin var í Lyngbergi við Nauthólsvík.

Lýsing: Lyngberg er jökulsorfið hvalbak ofan við Nauthólsvík.

¹⁷⁷ Þorleifur Þorleifsson, „Járnbrautin í Reykjavík“, *Sagnir* 11. árgangur 1973, bls. 127-128.

¹⁷⁸ Kort Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

2.3.2 Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Á deiliskipulagssvæðinu Nauthólsvík og Nauthólsvegur eru skráðir 58 minjastaðir undir jarðirnar Skildinganes og Reykjavík. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og heimildum. Fornleifar eru fjórtán og eru tíu af þeim enn sjáanlegar á yfirborði, flestar við Nauthól. Yngri minjar eru fjórar, allar sjáanlegar. Herminjar eru skráðar á 40 númer en þær eru mun fleiri, þar sem í sumum tilfellum eru fleiri en ein skráðar á sama númerið, en stærstur hluti þeirra er nú horfinn. Í Reykjavík er flestar sjáanlegar herminjar að finna á svæðinu í kringum Reykjavíkurlflugvöll. *Því hefur verið lagt til að herminjar sem eru í Öskjuhlíð, við Flugvallarveg, við Nauthólsvík, með Nauthólsvíkurvegi og á Reykjavíkurlflugvelli, verði verndaðar sérstaklega og tekið verði tillit til þeirra í skipulagi.*¹⁷⁹

Tafla 2. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Fjöldi skráðra minja
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	14
2	Minjar frá 1919-1930	● Gulur	0
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn	4
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	40

Fornleifar

Nauthóll var eitt af sex kotum Skildinganes og var bærinn kominn í byggð um 1845.¹⁸⁰ Bærinn stóð skammt norður af samnefndri vík, *Nauthólsvík*, og austan við samnefndan hól. Hann stóð við vegarslóða sem fyrrum var fjölfarinn og lá með *Fossvogsbökkum* (sjónum) frá *Fossvogsdal* yfir í Skildinganes. Um aldamótin 1902 mun taugaveiki hafa stungið sér niður á Nauthól og var bærinn þá brenndur að ráði Guðmundar Björnssonar landlæknis. Síðan hefur ekki verið búið þar.


Ýmsar minjar frá búsetu á Nauthól hafa varðveist, húsarústir og garðlög. Tvö kort eru til sem sýna hvernig byggingar á Nauthól voru í stórum dráttum, annað frá árinu 1903 (mynd 6) en hitt frá árinu 1933 (mynd 7). Með hjálp þeirra er hægt að glöggva sig á minjunum. Hóllinn, Nauthóll, er einnig á sínum stað vestan við bæjarrústirnar. Kortin tvö sýna nánast það sama en síðari mælingin er nokkuð nákvæmari, en þá var bærinn löngu farinn í eyði. Heimatúnið var lítið með nokkrum matjurtagörðum, svo bústofninn hefur líklega ekki verið stór, en það er einkenni kota frá þessum tíma þar sem sjórinn hefur verið aðal matarkistan.

Bæjarstæðið hefur orðið fyrir nokkru raski sem rekja má aðallega til athafna hersins á svæðinu. Bæjarrústunum (1999-1) hefur verið ýtt út til vesturs, en greina má leifarnar sem lága hæð inni í skógarrjóðrinu, en stór steinn, sem áður var nýttur sem gafl í bæjarhúsunum, stendur þarna ennþá. Þá hefur útihúsi (1999-2) fyrir framan bæinn og hluta af túngarði líka verið ýtt upp til vesturs. Útihúsatóft (1999-8) sem sjá má á kortinu frá 1933 hefur einnig tekið breytingum frá þeim tíma. Hluti af túngarðinum suðvestan megin á bæjarstæðinu, ásamt matjurtagarði (1999-6), hefur horfið.

Víða á bæjarstæðinu má líka finna skotgrafir frá tíma hersetunnar, auk þess sem inni á bæjarstæðinu eru tveir stórir braggar (1999-37). Ef áður samþykkt byggingaráform Háskólans í Reykjavík ganga eftir mun þrengja mjög að bæjarstæðinu því enn er eftir að byggja eina álmu í suður frá miðju skólans.

¹⁷⁹ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Guðmundsdóttir: *Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 71

¹⁸⁰ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, manntöl 1703-1920. Sótt 31.7.2019, af <http://www.manntal.is/>



Mynd 128. Kortið sýnir afmörkun á lögbundnu verndarsvæði fornleifa við Nauthól.

Fornleifarnar á Nauthól eru búsetuminjar eftir hjáleigu/kotbýli í Reykjavík frá tímabilinu 1850-1900, ásamt herminjum frá árunum 1939-1945. Það er einstakt að hafa svo heillegar búsetuminjar nánast inn í miðri Reykjavík. Minjagildið er því hátt þó að herinn hafi raskað bæjarstæðinu að hluta. Samkvæmt lögum er 15 m verndarsvæði í kringum fornleifar, eins og sjá má á mynd 128, en innan þess má vænta friðaðra fornleifa í jörðu.

Mikilvægt er að kynna þennan minjastað með því að setja upp fræðsluskilti þar sem fornleifum og herminjum eru gerð góð skil og hreinsa trjágróður af svæðinu til að auðveldara verði að gera sér í hugarlund hvernig svæðið var þegar búið var á staðnum.

Aðrar fornleifar, sem skráðar eru á úttektarsvæðinu, eru mógrafir (1999-38 og 39) vestan við Háskólann í Reykjavík, sem eru merktar inn á kort frá árinu 1902, en þær eru löngu horfnar. Út við Flugvallarveg er skráð grjótnáma (1999-53), sjá mynd 121-123, en árið 1913 hófst stórfellt grjótnám undir norðurtagli Öskjuhlíðarinnar vegna gerðar Reykjavíkurhafnar. Til að flytja grjótið og mölina sem til þurfti við hafnargerðina var lögð 12 kílómetra löng járnbraut í hálfhring um bæinn. Grjótnámunni (1999-53) ætti ekki að stafa hætta af þessu skipulagi, en teinar (1999-58) gömlu járnbrautarinnar er allir horfnir.

Erfðafestubýlið Haukaland (1999-55) var þar sem nú eru gatnamót Nauthólsvegar og Flugvallarvegar. Elstu húsin voru rétt sunnan megin við götuna (sjá mynd 121-123). Leifar þeirra gætu enn verið undir sverði og ef til framkvæmda kemur þarf að rannsaka svæðið.

Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

Yngri minjar


Vestan við Lyngberg er uppþornaður lækjarfarvegur (1999-10) sem nær frá göngustíg og suður í sjó, um 80 m á lengd. Upprunalega var þetta frárennslisskurður frá tíma setuliðsins og lá þá með öllum Nauthólsvegi að vestanverðu. Nú er einungis syðsti hluti hans, sem er grjóthlaðinn, sýnilegur. Hitaveita Reykjavíkur leiddi affallsvatn úr heitavatnsgeymunum á Öskjuhlíð í skurðinn á árunum 1968 til 1983. Lækurinn var þá nefndur Volga og skurðurinn Læragjá, þar sem staðurinn var notaður sem baðstaður. Hætt var að veita affalli frá heitavatnstönkunum á Öskjuhlíð í lækinn árið 1983 vegna slæmrar umgengni baðgesta við lækinn. Ekkert vatn er því í læknum nú og fallegar hleðslurnar eru að gróa upp. *Lagt er til að ekki verði hróflað við þessum hleðslum og staðurinn merktur með minjaskilti.* Athyglisverður minjastaður í góðu ásigkomulagi sem tengist bæði sögu Hitaveitunnar og baðsögu borgarbúa sem forveri ylstrandarinnar í Nauthólsvík.

Herminjar


Herminjar á svæðinu eru fjölbreyttar og við skráningu kom í ljós að þær eru að flestar horfnar á þessu skráningarsvæði. *Lagt hefur verið til að allar herminjar á Reykjavíkflugvelli og næsta nágrenni, þ.e.a.s. í Öskjuhlíð, við Flugvallarveg, Nauthólsvíkurveg og við Nauthólsvík, verði fulltrúar hernámsáranna í Reykjavík.*¹⁸¹ Því hafa minjar frá þessu tímabili verið skráðar sérstaklega vel svo hægt verði að taka tillit til þeirra í skipulagi.

Við Nauthólsvík eru minjar frá tíma hersetunnar. Fyrst ber að nefna nokkur hús og húshluta sem tilheyrðu áður Transit Camp, þar sem nú er Nauthólsvegur 100 (1999-36) og Nauthólsvegur 99 (1999-37), sjá tillögu að hverfisvernd í kafla 2.3.2 um varðveislumat fyrir hús og mannvirki. Fyrir sunnan þessa byggð er Nauthólsvíkin sjálf, þar sem Ylströndin er nú. Þar var áður flughöfn sem breski flugherinn byggði upp. Vestast var flugskýli (1999-13) með braggalaga þaki, en nú eru aðeins hlutar af steiptum veggjum flugskýlisins eftir. Þrjár skeifulaga grófir, sem grafnar voru inn í sjávarbakkann, voru áður notaðar sem flugvélastýli (1999-32) en eru nú notaðar af gestum Ylstrandarinnar til sólbaða. Skýli þessi voru áður fjögur en búningsklefar Ylstrandarinnar eru nú þar sem fjórða skýlið var. Undir skeljasandinum fyrir miðri strönd er Northrop-brautin (1999-30), hallandi, steipt braut þar sem sjóflugvélar voru dregnar á land til viðgerða og skjóls. Á Kýrhamri voru áður fjögur stæði fyrir loftvarnabyssur (1999-33) sem nú eru horfin. Eftir stendur eitt steipt skotbyrgi (1999-14) sem er í góðu ásigkomulagi, sjá mynd 127. *Um einstakt byrgi er að ræða og er aðgengi að því gott, en þó nokkur hætta er af landbroti sem gæti haft áhrif á það.* Minjasvæðin við Ylströndina og á Kýrhamri mætti tengja betur saman með því að flytja þangað herminjar sem þurfa að víkja annarstaðar vegna skipulags, t. d. vélbyssu-statíf sem eru norðan við Skeljanes. 15. *Lagt er til að þessi minjasvæði í Nauthólsvík hljóti hverfisvernd.*

¹⁸¹ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Guðmundsdóttir: *Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 71.



Mynd 129. Tillaga að afmörkun á hverfisverndarsvæðum herminja við Nauthólsvík.



Mynd 130. Tillaga að afmörkun á hverfisverndarsvæði vegna herminja fyrir sunnan Nauthólsveg 87.

Aðrar herminjar sem enn eru sýnilegar innan skráningarsvæðisins eru aðallega steypuleifar ýmissa mannvirkja, s.s. steiptir braggabotnar, vegir og plön (1999-16) eins og eru sunnan við Nauthólsveg 87, leikskólann Öskju og barnaskóla Hjallastefnunnar (sjá mynd 128). Álfka minjar er að finna víða þar sem herskálahverfi hafa staðið, en mjög misjafnt er hvað mikil steypa hefur verið lögð í grunninn á bröggum. Í þessu tilfelli hafa gólfín verið heilsteypt, sem gerir það að verkum að hluti minjanna er enn greinilegur. En þetta eru síðustu sjáanlegu leifar þessa stóra herskálahverfis, sem lá með allri Öskjuhlíðinni frá Flugvallarvegi að Háskólanum í Reykjavík. Vestan við braggagólfín er uppistandandi vatnstankur (1999-15) frá sama tíma (sjá mynd 59). **Lagt er til að þessar minjar hljóti hverfisvernd, vatnsgeyminn (1999-115) og steiptu braggagólfín (1999-16).** Í framtíðinni mætti skoða hvort hægt væri að finna vatnstankinum nýtt hlutverk, t.d. sem geymsla, hjólaskýli eða strætóskýli. En braggagólfín eru nú leiksvæði skólabarna. Sjá staðsetningu á mynd 130.

Herminjar sem hér um ræðir eru einungis um 80 ára gamlar og teljast því ekki til fornminja skv. skilgreiningu laga um menningarminjar, þær eru engu að síður afar mikilvægar í menningar- og atvinnusögulegu samhengi og verðskulda því sérstakan sess í sögu svæðisins.

Tafla 3. Minjastaðir á úttekarsvæði undir verkefnanúmerinu 1999.

Mí nr.	Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1999-1	220-104	Nauthóll	Bæjarstæði	Heimild	●1850-1902	357426	405536	12	9	Slæmt	Að hluta
1999-2	220-105		Útihús	Tóft, heimild	●1850-1903	357428	405522	11	6	Sæmilegt	Nei
1999-3	220-110		Matjurta-garður	Garður	●1850-1904	357405	405515	45	17	Sæmilegt	Nei
1999-4	220-107		Útihús, gerði	Tóft, heimild	●1850-1905	357413	405556	7,5	4,5	Slæmt	Að hluta
1999-5	220-108		Matjurta-garður	Garður	●1850-1906	357348	405569	25	11	Gott	Nei
1999-6	220-109		Matjurta-garður	Garður, heimild	●1850-1907	357352	405538	23	11	Slæmt	Að hluta
1999-7	220-111		Túngarður	Garður, heimild	●1850-1908	357394	405567	400	1,5	Sæmilegt	Að hluta
1999-8	220-106		Útihús	Tóft, heimild	●1900	357375	405523	7,7	5,5	Sæmilegt	Nei
1999-9	220-203		Leið, gata,	Heimild	●1800	357453	405476			Ómetið	Já
1999-10	220-186	Læragjá, Volga	Skurður, baðstaður	Skurður	●1940	357481	405376	80	6	Gott	Nei
1999-11	220-187	Lyngberg	Loftvarnir	Steypa	●1940	357520	405422	9	9	Slæmt	Nei
1999-12	220-188		Óþekkt	Hleðsla	●1940	357507	405364	11	8	Gott	Nei
1999-13	220-189		Flugskýli	Steypa	●1940	357245	405395	19	19	Gott	Nei
1999-14	220-117		Skotbyrgi,	Steypa	●1941	357159	405313	9,6	6,6	Gott	Nei
1999-15	220-118	Kampur v/ Nauthóls-veg	Vatns-geymir	Steypa	●1944	357385	406067	20	10	Gott	Nei
1999-16	220-144	Kampur v/ Nauthóls-veg	Matsalur, kvikmynda hús,	Steyptur grunnur	●1941	357409	406084	70	60	Slæmt	Nei
1999-17	220-204		Mastur, f. fjarskipti	Steypa,	●1940	357329	405533	1	1	Slæmt	Að hluta
1999-18	220-191		Hola	Niður-gröftur	●1940	357423	405517	2,8	2,4	Gott	Nei
1999-19	220-192		Óþekkt	Hola	●1940	357425 357428	405514 405509	1	1	Gott	Nei
1999-20	220-193		Mastur, undirstaða	Steypa	●1940	357429	405542	5,5	5,5	Gott	Nei
1999-21	220-114		Skotgröf	Niður-gröftur	●1941	357374	405571	3,8	3,4	Gott	Nei
1999-22	220-194		Skotgröf	Niður-gröftur	●1940	357339	405550	4,5	3,5	Gott	Nei
1999-23	220-195		Skotgröf	Niður-gröftur	●1940	357329	405552	3,1	2,7	Gott	Nei
1999-24	220-196		Skotgröf	Niður-gröftur	●1940	357308	405563	4,4	3,6	Gott	Nei
1999-25	220-197		Byssustæði	Steypa	●1940	357322	405562	6	3	Gott	Nei
1999-26	220-126	Corbett Camp	Herbúðir	Heimild	●1941-1971	357391	405413	150	120	Ómetið	Já
1999-27	220-182	Camp Kwitchebelliakín; Camp Maple Leaf	Herbúðir	Bragga-grunnur	●1941	357524	405451	413	103	Slæmt	Að mestu
1999-28	220-163		Dráttarbraut	Bryggja	●1970	357424	405346	40	11	Gott	Nei
1999-29	220-127		Bryggja	Bryggja, heimild	●1940	357352	405352	93	6	Ómetið	Að Hluta
1999-30	220-128	Northrop-brautin	Braut	Braut, heimild	●1940	357424	405346	83	6,5	Gott	Nei

1999-31	220-129		Minnis-merki	Minnis-merki	●1981	357330	405397			Gott	Nei
1999-32	220-198		Flugskýli	Byrgi	●1940	357285	405407	100	30	Gott	Nei
1999-33	220-199		Byrgi, t. skotvarna	Heimild	●1942	357145	405352			Ómetið	Já
1999-34	220-125	Brancepeth Camp	Herbúðir	Heimild	●1943-1954	357225	405516			Ómetið	Já
1999-35	220-122	Matvöru-verslun	Hús	Heimild	●1941-2009	357203	405525	15	6	Ómetið	Já
1999-36	220-124	Transit Camp	Herbúðir, hótél	Hús, Braggi	●1944-45	357328 357271	405513 405488	79	64	Gott	Nei
1999-37	220-123		Braggi	Braggi	●1944	357328	405513	25	7,7	Gott	Nei
1999-38	220-115		Mógröf	Heimild	●1902	357364	405609	20	20	Ómetið	Já
1999-39	220-116		Mógröf	Heimild	●1902	357262	405602	100	10	Ómetið	Já
1999-40	220-131	Station Head-quarters	Herbúðir	Heimild	●1942	357345	405742	160	130	Ómetið	Já
1999-41	220-169		Vegur	Vegur	●1943	357227	405775	179	4	Gott	Nei
1999-42	220-119		Vatns-geymir	Heimild	●1941-2006	357436	405826	20	5	Ómetið	Já
1999-43	220-130	Kampur v/ Nauthóls-veg	Herbúðir	Braggagr unnur	●1941	357467	406049	140	110	Slæmt	Að mestu
1999-44	220-145		Félags-heimili, verslun	Heimild	●1940	357403	406150			Ómetið	Já
1999-45	220-171		Flugvéla-stæði	Stein-steypa	●1943	357304	406138	23	23	Sæmilegt	Nei
1999-46	220-200		Veðurstofa	Heimild,	●1940	357299	405710	29	19	Ómetið	Já
1999-47	220-201		Braggar	Heimild,	●1940-1984	357304	406183	9	6	Ómetið	Já
1999-48	5-186		Herbúðir	Heimild	●1944	357399	406245	117	109	Ómetið	Já
1999-49	5-178		Hús, skotfæra-geymsla	Heimild	●1943	356678	406606	9	6	Ómetið	Já
1999-50	5-177		Klæða-geymsla	Heimild	●1944-1990	357369	406350	29	25	Ómetið	Já
1999-51	5-171		Vatns-geymir	Heimild	●1944-2006	357381	406407	13	8	Ómetið	Já
1999-52	5-406		Verkstæði	Braggagr unnur	●1944-1995	357460	406452	25	21	Ómetið	Já
1999-53	5-152		Náma	Náma	●1913	357466	406433	250	50	Gott	Nei
1999-54	5-554		Braggi	Heimild	●1940	357474	406491			Ómetið	Já
1999-55	5-413	Haukaland	Erfðafestu-býli	Heimild	●1920-1941	357394	406555	8	7	Ómetið	Já
1999-56	5-185		Herbúðir	Heimild	●1944	357270	406317	185	75	Ómetið	Já
1999-57	5-678		Álfasteinn	Álagablet tur	●1965	357330	406463	10	10	Gott	Nei
1999-58			Járnbrautar-teinar	Heimild	●1913	357392	406441	185	2	Ómetið	Já
1999-59	220-202	Lyngberg	Huldufólks-bústaður	Heimild	●1913	357521	405408	30	19	Gott	Nei

2.4 Húsakönnun

Húsakönnun er „byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“¹⁸²

Húsakönnun þarf að innihalda að lágmarki sögulegar staðreyndir um hvert og eitt hús, lýsingu, ljósmyndir og varðveislumat.¹⁸³ Í húsakönnun tekur mat á varðveislugildi húsa til eftirtalinnna þátta: byggingarlistalegs gildis, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunaleika og ástands hús og skulu færð rök fyrir mati á hverjum þætti.¹⁸⁴ Tilgangur húsakönnana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Hér fer á eftir húsakönnun með endurskoðaðri skrá og varðveislumati fyrir hús og mannvirki á deiliskipulagssvæði í Nauthólsvík í Reykjavík (sjá afmörkun á mynd 131). Könnunin er unnin að beiðni skipulagsfulltrúans í Reykjavík, vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi svæðisins. Deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt í borgarráði 6.10.1998 og gildir með síðari tíma breytingum.¹⁸⁵



Mynd 131 Svæðið á loftmynd frá 2018. Afmörkun svæðis sýnd með svartri línu, lóðmörk með rauðum línum.¹⁸⁶

¹⁸² *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019. Bls. 4.

¹⁸³ Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is> → Hús og mannvirki → Húsakönnun vegna skipulagsvinnu. Sótt 18.12.2018.

¹⁸⁴ *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, bls. 4 og 33-34.

¹⁸⁵ „Nauthólsvík - Deiliskipulag“. Unnið af Yngva Þór Loftssyni landslagsarkitekt / Landmótun efh. Sp. 6.10.1998. Sjá Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar: <http://map.is/skipulag/> → Smella á svæðið: Deiliskipulag Nauthólsvíkur. Sótt 3.4.2019.

¹⁸⁶ Loftmynd af Reykjavík 17.7.2018 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 5.4.2019. Afmörkun skv. deiliskipulagstillögu í vinnslu, dags. 23.11.2018.

Gerð hefur verið húsakönnun og fornleifaskráning fyrir svæðið Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð (skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 161/2013),¹⁸⁷ sem tekur meðal annars til byggðar á svæðinu sem hér er til umfjöllunar. Minjastofnun Íslands hefur farið fram á að skráning húsa, mannvirkja og fornleifa á reitnum verði nú endurskoðuð vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á deiliskipulagi reitsins, en samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „[s]kulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi.“

Núverandi byggð á svæðinu

Á deiliskipulagssvæðinu standa í dag átta stakstæð hús, auk þyrpingar sambyggðra húsa sem skráð eru sem margir matshlutar, en í fasteignaskrá eru skráðir alls 15 matshlutar á svæðinu (sjá nánar í meðfylgjandi húsaskrá):

- Nauthólsvegur 99 – tveir stakstæðir braggar (mhl. 01 og 02)
- Nauthólsvegur 100 – þyrping sambyggðra húsa (mhl. 01, 03, 04, 05, 06 og 07)
- Nauthólsvegur 100 – stakur braggi (mhl. 10)
- Nauthólsvegur 100a – timburhús (mhl. 29)
- Nauthólsvegur 102 – þjónustumiðstöð (mhl. 01 og 02)
- Nauthólsvegur 104 – bátaskýli (mhl. 13 og 28)
- Nauthólsvegur 104 – skúr (óskr. mhl.)
- Nauthólsvegur 106 – veitingahús (mhl. 01)



Mynd 132 Nauthólsvík á loftmynd frá 1946.¹⁸⁸

¹⁸⁷ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Guðmundsdóttir: *Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 161. Reykjavík 2013.

¹⁸⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG ÁBS 018 3-2 (hluti myndar). Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

Núverandi staða húsanna í deiliskipulagi


Samkvæmt deiliskipulagi Nauthólsvíkur frá 1998 var svæðið umhverfis húsaþyrpinguna á lóðinni Nauthólsvegi 100 ætlað fyrir stríðsminjasafn og gert ráð fyrir því að húsinn stæðu áfram, með möguleika á endurbyggingu bragga.¹⁸⁹

Með breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur sem samþykkt var 8.5.2013 var ákvæði um stríðsminjasafn fellt niður og svæðið í staðinn ætlað fyrir veitingarekstur eða aðra starfsemi og þjónustu tengda útivistarsvæði og starfsemi í Nauthólsvík. Þá var leyfð endurbygging á núverandi byggingum á lóðinni sem tæki mið af upprunalegri stærð og útliti, auk þess sem leyft var að byggja ný hús á lóðinni sem tækju mið af fyrirkomulagi, stærð og útliti húsa, sem hefðu verið rifin. Hluti húsanna hefur nú verið endurbættur og einn braggi (hluti af mhl. 01) endurbyggður með tilliti til upphaflegrar gerðar.

Hér fer á eftir skrá yfir hús og mannvirki á svæðinu.

¹⁸⁹ „Nauthólsvík - Deiliskipulag“. Unnið af Yngva Þór Loftssyni landslagsarkitekt / Landmótun efh. Sp. 6.10.1998. Sjá Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar: <http://map.is/skipulag/> → Smella á svæðið: Deiliskipulag Nauthólsvíkur. Sótt 3.4.2019.

2.4.1 Húsaskrá Reykjavíkur – Nauthólsvík



Fyrsti eigandi Breska setuliðið

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Setuliðsbraggar, verkstæði



Upphafleg gerð

Tegund	Stálgrindarhús
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

? Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Saga

Tveir samsíða braggar við Nauthólsvík í útjaðri Reykjavíkurlflugvallar, matshlutar 01 og 02 á lóðinni Nauthólsvegi 99.

Þessi braggar voru reistir af breska setuliðinu og eru af gerðinni Nissen. Annar þeirra, sá sem stendur sunnar (mhl. 01), virðist sjást á loftmynd sem tekin var í október 1942 og báðir sjást á loftmynd sem tekin var sumarið 1943 (en byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1945). Þeir hóstu meðal annars skósmíðaverkstæði og saumastofu hersins á stríðsárunum. Eftir stríð var þarna lengi aðstaða fyrir Flugbjörgunarsveitina.

Braggarnir eru nú (2019) í eigu ríkissjóðs. Í öðrum þeirra (mhl. 01) hefur í mörg ár verið félagsheimili starfsmanna Flugmálastjórnar Íslands sem kallað er Flugröst. Hinn (mhl. 02) er skráður sem vörugeymsla (Fasteignaskrá 2019).

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs-hátt gildi. Braggar/herskálar af Nissen-gerð frá hernámsárunum. Hafa mikið fágætisgildi í dag.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Hafa mikið gildi sem vitnisburður um sögu hernámsins í Reykjavík og upphaf og sögu Reykjavíkurlflugvallar og flugmála á Íslandi.

Umhverfisgildi:

Hátt. Hluti af heildstæðri þyrpingu bragga og annarra hernámsmannvirkja í Nauthólsvík. Mikilvæg kennileiti í umhverfinu.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Braggarnir eru að mestu óbreyttir að gerð og standa á sínum upprunalega stað.

Varðveislugildi:


Húsin hafa hátt varðveislugildi. Þau eru hluti af heildstæðri þyrpingu bragga og annarra mannvirkja frá hernámsárunum sem standa í Nauthólsvík og vísa til upphafs Reykjavíkurlflugvallar. **Húsin njóta verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.**

Fyrsti eigandi Breski flugherinn

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Gistibúðir (transit camp)



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt/stálgr.	Einlyft
Klæðning	Múrsl./bárujárn	
Þakgerð	Mænis-/bogapak	
Þakklæðning	Bárujárn	
Undirstöður		

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

<1960	Niðurrif á lóð
<1970	Niðurrif á lóð
2008	Bruni
2016-	Endurbygging
2018	Endurbætur
	Gluggabreyting
	Ný tengibygging

Hönnuðir breytinga

Arkibúllan ehf.

Saga

Þyrping húsa við Nauthólsvík í útjaðri Reykjavíkurflugvallar, matshlutar 01, 03, 04, 05, 06 og 07 á lóðinni Nauthólsvegi 100 (áður Hlíðarfótur 81). Um er að ræða nokkur sambyggð, steinsteypt og hlaðin hús ásamt áföstum bragga.

Þessi hús, ásamt stökum bragga norðar á lóðinni (sjá mhl. 10), voru upphaflega hluti af stærri herskálabyrpingu sem reist var af breska flugherinum í Nauthólsvík veturinn 1944-1945 til að hýsa "transit camp" eða gistibúðir flugáhafna og farþega flughersins. Bretar nefndu gistibúðirnar *Hótel Winston*. Gistirými var í bröggum sem tengdir voru saman með yfirbyggðum gangi en í öðrum húsum voru eldhús, veitingasalur, setustofur o.fl. Eftir að flugmálastjórn tók við rekstri flugvallarins 1946 var rekið þarna flughótel á vegum hennar. Um skeið (1947-1948) var reksturinn í höndum einkaaðila og hótelid þá nefnt *Hótel Ritz*. Árið 1948 tók Ferðaskrifstofa ríkisins við rekstri hótelsins sem var eftir það kallað *Flugvallarhótelid* og var starfrækt til 1951, þegar því var lokað fyrir fullt og allt. Á seinni hluta 6. áratugarins var stór hluti bragganna í þyrpingunni rifinn. Árið 1971 fékk Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey, aðstöðu í hluta bygginganna og er þar enn í dag (2019). Í júlílok 2008 skemmdist austurhluti húsanna í eldi. Húsin voru í umsjón Flugmálastjórnar Íslands til 2010 en þá urðu þau eign Reykjavíkurborgar. Frá 1998 var svæðið ætlað fyrir stríðsminjasafn í deiliskipulagi en því var breytt 2013 og lóðin skilgreind fyrir veitingastað eða aðra starfsemi og þjónustu og leyfð endurbygging á byggingum sem tæki mið af upprunalegri stærð þeirra og útliti. Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 161/2013 var lagt til að húsaþyrpingin yrði hverfisvernduð.

Árið 2016 fékkst leyfi til að taka niður braggann austast í þyrpingunni sem dæmdur var ónýtur og byggja nýjan í sömu mynd og innrétt þar veitingastað, einnig endurbyggja og lyfta þaki svokallaðs náðhús norðan við braggann og innrétt þar fyrirlestrarsal, sem og endurbæta áfasta skemmu vestan við braggann og innrétt þar frumkvöðlasetur, auk þess að byggja nýja tengibyggingu milli húsanna í stað eldri millibyggingar. Breytingarnar hafa verið framkvæmdar að hluta (2019).

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs-hátt gildi. Endurbyggður braggi/herskáli og einföld steinsteypuhús frá hernámsárunum. Hafa hátt gildi sem hluti af íslenskum byggingararfi í dag vegna fágætisgildis.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Hafa mikið gildi sem vitnisburður um sögu hernámsins í Reykjavík og upphaf og sögu Reykjavíkurflugvallar. Tengjast einnig sögu hótelsreksturs í Reykjavík á hernámsárunum og eftirstríðsárunum. Hernámsminjar sem standa á sínum upprunalega stað.

Umhverfisgildi:

Hátt. Hluti af heildstæðri þyrpingu bragga og annarra hernámsmannvirkja í Nauthólsvík. Mikilvægt kennileiti í umhverfinu.

Upprunaleg gerð:

Miðlungs-hátt gildi. Hluti húsanna hefur verið endurbyggður eða endurbættur með hliðsjón af upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:


Húsin hafa hátt varðveislugildi. Þau eru hluti af heildstæðri þyrpingu bragga og annarra mannvirkja frá hernámsárunum sem standa í Nauthólsvík og vísa til upphafs Reykjavíkurflugvallar. **Húsin njóta verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.**

Fyrsti eigandi Breski flugherinn

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Gistibúðir (transit camp)



Upphafleg gerð

Tegund	Stálgrindarhús
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogapak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Upphaflegt útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

<1965	Niðurrif hluta
<1991	Skúrðyr v-gafla
<1995	Dreifistöðvarskúr á lóð

Hönnuðir breytinga

Saga

Stakur braggi af gerðinni BUTLER (bandarísk gerð), matshluti 10 á lóðinni Nauthólsvegi 100 (áður Hlíðarfótur 81).

Þessi braggi, ásamt húsaþyrpingu sunnar á lóðinni, var upphaflega hluti af stærri herskáláþyrpingu sem reist var af breska flughernum í Nauthólsvík veturinn 1944-1945 til að hýsa "transit camp" eða gistibúðir flugáhafna og farþega flughersins. Bretar nefndu gistibúðirnar *Hôtel Winston*. Gistirympi var í bröggum, eins og þessum, sem tengdir voru saman með yfirbyggðum gangi en í syðri húsunum voru eldhús, veitingasalur, setustofur o.fl. Eftir stríð var rekið þarna flughótel á vegum flugmálastjórnar og seinna Ferðaskrifstofu ríkisins (*Flugvallarhótelid*) en árið 1951 var hótelinu lokað fyrir fullt og allt. Á seinni hluta 6. áratugarins var stór hluti bragganna í þyrpingunni rifinn.

Af loftmyndum má sjá að bragginn hefur upphaflega verið um helmingi lengri en hann er í dag (sjá Borgarvefsjá). Í honum munu hafa verið átta herbergi og gangur eftir honum endilöngum. Einhvern tíma á tímabilinu 1954-1965 hefur vesturhelmingur hans verið fjarlægður. Ekki er ljóst hvort þá var komið fyrir stórum skúrðyrum sem eru á vesturgaffli. Að öðru leyti virðist bragginn að mestu óbreyttur að ytra byrði. Á stríðsárunum voru reistir mörghundruð braggar af þessari gerð í Reykjavík. Í dag (2019) stendur þessi braggi eftir sem eini upprunalegi bragginn af þessari gerð á svæðinu.

Svæðið sem bragginn stendur á var frá 1998 ætlað fyrir stríðsminjasafn í deiliskipulagi en því var breytt 2013 og lóðin skilgreind fyrir veitingastað eða aðra starfsemi og þjónustu og leyfð endurbygging á byggingum sem tæki mið af upprunalegri stærð þeirra og útliti. Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 161/2013 var lagt til að þetta hús ásamt húsaþyrpingunni á lóðinni yrði hverfisverndað.

Bragginn hefur undanfarin ár hýst félagsheimili vikingafélagsins Einherja. Við braggann stendur dreifistöðvarskúr, byggður 1990-1995 (loftmyndir Borgarvefsjá).

Varðveislumat

Byggingarlist:	Miðlungs-hátt gildi. Braggi/herskáli af BUTLER-gerð frá hernámsárunum. Hefur hátt gildi sem hluti af íslenskum byggingararfi í dag vegna fágætisgildis.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt. Hefur mikið gildi sem vitnisburður um sögu hernámsins í Reykjavík og upphaf og sögu Reykjavíkurflugvallar. Tengist einnig sögu hótelsreksturs í Reykjavík á hernámsárunum og eftirstríðsárunum. Hernámsminjar sem standa á sínum upprunalega stað.
Umhverfisgildi:	Hátt. Hluti af heildstæðri þyrpingu bragga og annarra hernámsmannvirkja í Nauthólsvík. Mikilvægt kennileiti í umhverfinu.
Upprunaleg gerð:	Hátt gildi. Bragginn hefur verið stytur, en að öðru leyti óbreyttur að gerð og með upprunalegri klæðningu sem einkenndi bragga af BUTLER-gerð (læst báruklæðning).
Varðveislugildi:	Húsið hefur hátt varðveislugildi. Það er hluti af heildstæðri þyrpingu bragga og annarra mannvirkja frá hernámsárunum sem standa í Nauthólsvík og vísa til upphafs Reykjavíkurflugvallar. Húsin njóta verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Fyrsti eigandi Sportkafarafélag Íslands Hönnun Einar Ingimarsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Félagsheimili



Upphafleg gerð

Tegund Timburgrind
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Upphaflegt útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Timburhús við Nauthólsvík, með staðfangið Nauthólsvegur 100a og matshlutanúmer 29.

Um er að ræða hús sem Sportkafarafélag Íslands reisti sem félagsheimili á árunum 1989-1990. Félagið fékk leyfi fyrir byggingu bráðabirgðahúss á lóðinni í júlí 1989, með þeirri kvöð að húsið yrði rífið borgarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist yrði. Húsið teiknaði Einar Ingimarsson arkitekt.

Um byggingu hússins segir á vefsíðu félagsins:

„Árið 1987 var ákveðið að fara í að reisa félagsheimili Sportkafarafélags Íslands. Keypt var notað timbur frá trésmiðjunni Völundi sem þá var verið að rífa og síðan hófst leit að stað. Fleiri en einn staður komu til greina en erfitt var að fá leyfi hjá viðkomandi yfirvöldum. Árið 1989 fékkst fjárstyrkur frá borgaryfirvöldum og fékk félagið úthlutaða lóð í Nauthólsvík og bygging félagsheimilisins hófst. Húsnæðið var tekið í notkun 1994 og hefur verið við haldið af natni síðan“ (www.kofun.is: Um SKFÍ - Sagan, sótt í mars 2019).

Árið 2004 fékk húsið staðfangið Hlíðarfótur 81a en árið 2010 var götuheitinu breytt og húsið fékk þá staðfangið Nauthólsvegur 100a.

Húsinu virðist ekki hafa verið breytt að ráði frá því að það var byggt.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt timburhús frá 9. áratug 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Lágt-miðlungs. Tengist sögu félagsamtaka.

Umhverfisgildi: Lágt. Fyrirferðarlítið hús, byggt sem bráðabirgðahús á bakkanum ofan við Nauthólsvík. Stendur nú við göngustíg, án mikilla tengsla við nærumhverfi og útivistarsvæði.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er óbreytt að gerð.


Varðveislugildi: Húsið hefur lágt-miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Reykjavíkurborg

Hönnun Arkibúllan ehf.

Upphafleg notkun

Þjónustumiðstöð

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Blönduð
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Hellur/gras
Undirstöður	Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

2012 Eimbað (mhl. 02)

Hönnuðir breytinga

Arkibúllan ehf.

Saga

Hús sem byggt var á árunum 2000-2001 sem þjónustumiðstöð fyrir ylströndina í Nauthólsvík, eftir teikningum Arkibúllunnar ehf., matshluti 01 á lóðinni Nauthólsvegi 102.

Húsið var byggt á vegum Reykjavíkurborgar til að hýsa búninga-, sturtu- og salernisaðstöðu fyrir gesti ylstrandarinnar í Nauthólsvík. Teiknistofan Arkibúllan var valin í forvali til að hanna húsið. Leyfi fyrir byggingu þess var samþykkt í október 2000 og það var tekið í notkun í júní 2001. Íþrótt- og tómstundasvið Rvk. hefur séð um rekstur þess og ylstrandarinnar.

Húsið er ein hæð og burðarvirki þess úr steinsteypu. Við hönnun þess var tekið mið af staðháttum og hæðarmun í landinu og útveggir að hluta niðurgrafnir. Samkvæmt byggingarlýsingu (BN021488, sp. 24.10.2000) er yfirborð þeirra útveggja sem eru ofanjarðar ýmist flísalagt, viðarklætt, sjónsteypa eða steypa með grófu yfirborði. Þak er steinsteypt og lagt hellum og grasi. Í austurhluta hússins er afgreiðsla og salerni, en búnings- og sturtuaðstaða í þeim hluta sem snýr mót suðri. Tæknirými og lagnagangur liggur eftir endilangri norðurhlíð. Við suðurhlíð er steinsteypt verönd með steyptri setlaug. Í umsögn arkitekta hússins segir m.a. að með því að fella það inn í Fossvogsbakkann myndist „bein tengsl við ströndina um leið og þak hússins verður áningar- og útsýnisstaður ... Byggingin lætur lítið yfir sér í landinu. Yfirbragð hennar er mismunandi frá vetri til sumars, annars vegar lokað með stórum tréhlerum eða opið út að ströndinni og minnir þá meira á skýli en byggingu“ (sjá <https://www.aarkitektar.is/nautholsvik>).

Árið 2004 fékk húsið staðfangið Hlíðarfótur 79 en 2010 var götuheitinu breytt og staðfangi hússins í Nauthólsvegur 102.

Árið 2012 var reist steinsteypt, að hluta niðurgráfin viðbygging fyrir eimbað við vesturenda þjónustuhússins (mhl. 02).

Áður stóðu á svipuðum stað tvö eldri hús sem tilheyrðu upphaflega herskalahverfinu Corbert Camp og voru byggð um 1941. Annað þeirra var rífið um 1970, hitt þjónaði sem gufubaðshús fyrir Nauthólsvík frá um 1952, en var rífið árið 2000.

Varðveislumat**Byggingarlist:**

Hátt gildi. Sérhæft þjónustuhús hannað í anda póstmóðernisma, þar sem saman fer vönduð útlitshönnun og áhersla á notagildi.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Húsið sjálft á sér ekki langa sögu en hefur tengingu við Nauthólsvík sem þjónað hefur sem baðströnd Reykjavíkinga um áratugi. Hefur gildi fyrir staðaranda í Nauthólsvík.

Umhverfisgildi:

Hátt gildi. Húsið er lágreist og felld inn í landslagið við ströndina og fellur því vel að umhverfinu. Í allri hönnun hússins er hugað sérstaklega að tengslum við nærumhverfi og nýtingu gagnvart útivistarsvæðinu í Nauthólsvík.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsið er óbreytt að gerð.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs-hátt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Æskulýðsráð Reykjavíkur Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Bátaskýli og verkstæði

**Upphafleg gerð**

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

<1975	Viðbygging
2000	Innra skipulagi br.
2002	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Dagný Helgadóttir	arkitekt
Dagný Helgadóttir	arkitekt

Saga

Timburhús við Nauthólsvík, með staðfangið Nauthólsvegur 104 og matshlutanúmer 13 og 28.

Um er að ræða hús sem reist var í Nauthólsvík árið 1967 fyrir siglingaklúbbinn Siglunes. Klúbburinn var stofnaður árið 1962 af Æskulýðsráði Reykjavíkur, í samvinnu við Æskulýðsráð Kópavogs, í því skyni að efla róðra- og siglingaáhuga ungs fólk og beita sér fyrir smíði bátaskýlis og aðstöðu í landi. Árið 1967 keypti Reykjavíkurborg 250 fermetra skýli sem hafði verið selt til niðurrifs og var það sett niður í Nauthólsvík (*Þjóðviljinn* og *Morgunblaðið*, 4. ágúst 1967). Á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá) sést að þar er um að ræða vesturhluta núverandi húss (mhl. 28 og hluta af mhl. 13). Þar fékk Siglunes aðstöðu fyrir starfsemi sína og starfar þar enn, nú undir merkjum ÍTR. Húsinu var skipt í bátasmíðastöð og bátaskýli.

Árið 1968 var búið að gera bryggju út frá húsinu.

Árið 1973 fékk Siglunes leyfi til að reisa nýtt bátaskýli úr timbri í Nauthólsvík. Samkvæmt teikningu hefur það átt að standa norðvestan við eldra húsið en hefur ekki verið byggt. Á loftmynd frá 1975 (Borgarvefsjá) sést að þá var hins vegar búið að lengja eldra húsið til austurs og var það þá komið í núverandi mynd. Í Fasteignaskrá er byggingarár eystri hluta hússins (mhl. 13) skráð 1957 og byggingarár vestari hlutans (mhl. 28) 1974.

Árið 1997 var byggt lítið hús undir starfsmannaaðstöðu norðan við bátaskýlið (sjá óskr. mhl.).

Árið 2000 voru samþykktar teikningar sem sýna innréttingu búningsaðstöðu og kaffistofa í austurhluta hússins.

Árið 2002 var byggður bárujárnsklæddur geymsluskúr úr timbri fyrir björgunarbát við suðurhlíð hússins.

Árið 2004 fékk húsið staðfangið Hlíðarfótur 77 en árið 2010 var götuheitinu breytt og húsið fékk þá staðfangið Nauthólsvegur 104.

Vestan við húsið stóð áður eldra bátaskýli sem byggt var af róðrarklúbbi Ármanns um 1939, en það var rífið um 1975.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt timburskýli.

Menningsögulegt gildi: Miðlungs-hátt. Tengist sögu íþróttá- og tómstundarstarfs í Reykjavík. Sama starfsemi hefur verið í húsinu frá upphafi og hefur gildi fyrir staðaranda í Nauthólsvík.

Umhverfisgildi: Lágt-miðlungs. Lágrest hús, staðsett út frá aðgengi til sjósetningar báta, en hefur að öðru leyti lítil tengsl við nærumhverfi, göngustíga og aðra útivistaraðstöðu á svæðinu.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Húsið er óbreytt að gerð en hefur verið lengt.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt-miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Íþrótt- og tómstundasvið Hönnun Einar Ingimarsson
Reykjavíkurborgar arkitekt

Upphafleg notkun
Bátaskýli



Upphafleg gerð

Tegund Timbur
Klæðning
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Lítið hús sem stendur norðan við bátaskýli siglingaklúbbsins Sigluness við Nauthólsveg 104, óskráð í Fasteignaskrá.

Húsið var byggt eftir teikningu Einars Ingimarssonar arkitekts árið 1997, sem starfsmannaáðstaða í tengslum við Smáþjóðaleikana sem haldnir voru í Reykjavík það ár.

Húsinu virðist ekki hafa verið breytt frá því að það var byggt.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt timburhús.

Menningarsögulegt gildi: Lágt. Tengist sögu íþrótt- og tómstundarstarfs í Reykjavík.

Umhverfisgildi: Lágt.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Óbreytt.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Eignarhaldsfélagið
Fasteign hf

Hönnun Ívar Örn Guðmundsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Veitingahús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Blönduð
Þakgerð Flatt þak/bogaþak
Þakklæðning Blönduð
Undirstöður Steinsteypar

Upphaflegt útlit

Einlyft
Kjallari

Helstu breytingar

<2010 Innra skipulagi br.

Hönnuðir breytinga

Ívar Örn Guðmundsson arkitekt

Saga

Hús sem byggt var undir veitingastaðið Nauthól á árunum 2007-2009, eftir teikningum Ívars Arnar Guðmundssonar arkitekts, mhl. 01 á lóðinni Nauthólsvegi 106.

Leyfi fyrir byggingu hússins var samþykkt í maí 2006. Frá 1998 hafði staðið á lóðinni timburskáli sem hýsti veitingahúsið Nauthól en það hús var flutt til Borgarness í september 2006. Eftir það hófust framkvæmdir við byggingu nýja hússins. Á meðan það var enn í byggingu, í desember 2008, fékkst leyfi til að breyta því og stækka það og voru hlutar þess þá stækkaðir til austurs og norður. Veitingahúsið Nauthóll var opnað í húsinu í janúar 2010 og er enn starfrækt þar.

Samkvæmt byggingarlýsingu (BN038926, sp. 16.12.2008) skiptist húsið í fjóra byggingarhluta, þar sem gert er ráð fyrir kaffihúsi í syðsta hluta (byggingu A), eldhúsi í miðhluta (byggingu B), þjónusturými, snyrtingum og setustofu í norðausturhluta (byggingu C) og veislusal í norðurvesturhluta (byggingu D). Húsið er einlyft (530,5 ferm.) og undir hluta þess er lagna- og geymslukjallari (42 ferm.). Það er byggt úr járnbennti steinsteypu á steiptum sökkli og veggir múrhúðaðir að utanverðu og ýmist þússaðir eða klæddir með steinflisum, sléttum málmplötum eða timbri. Tvenns konar þakgerðir eru á húsinu, annars vegar steinsteyp þak (viðsnúðið) með asfaltþappa og torfi eða fargi og hins vegar loftað sperruþak með zinkklæðningu eða PVC-klæðningu. Hellulögð verönd er vestan við húsið og timburverönd sunnan við það. Árið 2010 voru samþykktar reyndarteikningar sem fólu í sér tilfærslu á salernum, fatahengi og flóttaleiðum.

Í fyrstu var húsið skráð nr. 75 við Hlíðarfót, en árið 2009 var götuheitinu Hlíðarfæti breytt í Nauthólsveg og fékk húsið þá staðfangið Nauthólsvegur 106.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs-hátt gildi. Sérhæft hús fyrir veitingastarfsemi, hannað í póstmóðernískum anda.

Menningsögulegt gildi:

Lágt-miðlungs gildi. Hús sem leysti af hólmi eldra veitingahús með sama nafni, sem dregið er af nafni gamla bæjarins Nauthóls sem stóð á þessum slóðum.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Lágrest hús sem fellur vel að umhverfi sínu við rætur Öskjuhlíðar.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsið er óbreytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

2.4.2 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja eru metnir eftirfarandi þættir:

Byggingarlistalegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki (upprunalegt gildi) og ástand. Niðurstaða varðveislumats, þ.e. varðveislugildi húsa, byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana og skráningu húsa og mannvirkja.¹⁹⁰

Í húsakönnun er gerð grein fyrir verndarstöðu viðkomandi húsa og mannvirkja gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi og/eða húsverndarstefnu sveitarfélags. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem eru 100 ára og eldri byggir á *lögum um menningarminjar nr. 80/2012*. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1925 og fyrr.¹⁹¹

Á grundvelli varðveislumats og niðurstöðu um varðveislugildi eru einnig gerðar tillögur um hverfisverndun húsa eða heilda, en hverfisvernd er skilgreind í *skipulagslögum nr. 123/2010*.¹⁹² Hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík byggir á borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi og tillögum sem settar eru fram í húsakönnunum og hljóta staðfestingu í deiliskipulagi. Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030* er sett fram núgildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndunarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda.¹⁹³ Þar er jafnframt allt svæðið innan gömlu Hringbrautar / Snorrabrautar skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Um verndun á því svæði er auk þess stuðst við eldri húsverndarstefnu í „Húsverndarskrá Reykjavíkur“ sem gefin var út með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.¹⁹⁴

Verndunarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

Friðlýst hús og mannvirki - BLÁR FLOKKUR

Hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹⁹⁵ Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.¹⁹⁶ Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislun menningarminja.“

Friðuð hús og mannvirki - FJÓLUBLÁR FLOKKUR

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/201.¹⁹⁷ Gildir nú um *hús byggð 1919 eða fyrr* samkvæmt

¹⁹⁰ *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019. Bls. 33-34.

¹⁹¹ *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar“. Sótt 6.12.2018.

¹⁹² *Skipulagslög* - nr. 123 - 22.9.2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Skipulagslög“. Sótt 6.12.2018.

¹⁹³ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti: „Borg fyrir fólk“ og C-hluti: „Fylgiskjöl“ - „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

¹⁹⁴ *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

¹⁹⁵ *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013.

¹⁹⁶ Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðuð, sjá: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðlýst hús og mannvirki → Reykjavík.

¹⁹⁷ *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá einnig vef Minjastofnunar Íslands: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðuð hús og mannvirki → Reykjavík.

Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Athuga skal að heimildir geta verið um annað byggingarár en það sem gefið er upp í Fasteignaskrá.¹⁹⁸

Umsagnarskyld hús - APPELSÍNUGULUR FLOKKUR

Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en byggð 1925 eða fyrr, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr, eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr. 123/2010:¹⁹⁹

I. kafli, 2. gr.: „*Hverfisvernd*: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.“

IV. kafli, 12. gr.: „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.“

Verndunarflokkar sem byggja á hverfisvernd skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og borgarverndarstefnu Reykjavíkur í AR 2010-2030:²⁰⁰

Einstök hús, húsaðir og götumyndir - RAUÐUR FLOKKUR

Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.²⁰¹

Samstæður húsa og heildir - GULUR FLOKKUR

Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.²⁰²

¹⁹⁸ Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.

¹⁹⁹ Skipulagslög - nr. 123 - 22.9.2010. Tóku gildi 1.1.2011.

²⁰⁰ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. C-hluti: „Fylgiskjöl“ - „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

²⁰¹ Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

²⁰² Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

Deiliskipulagssvæðið Nauthólsvík

Á deiliskipulagssvæðinu standa í dag átta stakstæð hús, auk þyrpingar sambyggðra húsa sem skráð eru sem margir matshlutar, en í fasteignaskrá eru skráðir alls 15 matshlutar á svæðinu (sjá nánar í húsaskrá).

Ekkert þeirra húsa sem standa á svæðinu í dag er friðlýst eða fellur undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um friðun eða umsagnarskyldu vegna aldurs.²⁰³

Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 161/2013 var lagt til að húsin á lóðinni Nauthólsvegi 100, ásamt bröggum á lóðinni Nauthólsvegi 99, nyti hverfisverndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra*, samkvæmt skilgreiningu verndunarflokka í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.²⁰⁴

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR

Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:

Eftirfarandi eru niðurstöður varðveislumats Borgarsögusafns um verndun húsa og mannvirkja á svæðinu, sem byggja á verndunarflokkum sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og skilgreiningu og ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr. 123/2010.²⁰⁵ Niðurstöðurnar eru samhljóða niðurstöðum fyrra mats í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 161/2013.

GULUR FLOKKUR: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.²⁰⁶

Nauthólsvegur 99 – tveir stakstæðir braggar (mhl. 01 og 02)

Nauthólsvegur 100 – þyrping sambyggðra húsa (mhl. 01, 03, 04, 06, 06 og 07)

Nauthólsvegur 100 – stakur braggi (mhl. 10)

Um er að ræða heildstæða þyrpingu bragga og annarra mannvirkja frá hernámsárunum sem standa í Nauthólsvík. Þessi þyrping er hluti af stærri heild hernámsminja sem finna má í Vatnsmýri (á austanverðum Reykjavíkurflugvelli), Öskjuhlíð og Nauthólsvík og er stærsta og heillegasta heild minja sem varðveittar eru um veru breska og bandaríska setuliðsins í Reykjavík. Húsaþyrpingin sem stendur á lóðinni Nauthólsvegi 100 var upphaflega hluti af stærri herskálapyrpingu sem reist var af breska flughernum í Nauthólsvík veturinn 1944-1945 til að hýsa gistibúðir flugáhafna og farþega og var eftir stríð nýtt sem flugvallarhótel. Þyrpingin hefur, ásamt nærliggjandi bröggum við Nauthólsveg 100, mikið gildi sem vitnisburður um sögu hernámsins í Reykjavík og upphaf og sögu Reykjavíkurflugvallar.

²⁰³ Sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013. VII. kafli. Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja, 29. og 30. gr.

²⁰⁴ Sjá *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti: „Fylgiskjöl“. „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

²⁰⁵ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti: „Fylgiskjöl“. „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334 – Skipulagslög nr. 123/2010. Tóku gildi 1. janúar 2011. I. kafli. Almenn ákvæði, 2. gr. Skilgreiningar.

²⁰⁶ Áður **ljósgulur** flokkur: byggðamynstur og **milligulur** flokkur: verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

Húsin hafa jafnframt hátt gildi sem hluti af íslenskum byggingararfi í dag vegna fágætisgildis og sem kennileiti í Nauthólsvík.

Fyrir þau hús sem vernduð eru í gulum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu²⁰⁷ eiga við um:

- Milligulan flokk: *Svæði sem lagt er til að vernda*
- Ljósgulan flokk: *Byggðamynstur sem lagt er til að vernda*

- *Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*
- *Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.*
- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*

Borgarsögusafn leggur áherslu á áframhaldandi hverfisverndun húsaþyrpingarinnar í gulum flokki og mikilvægi þess að þær breytingar sem kunni að verða gerðar á húsunum rýri ekki varðveislugildi þeirra. Bent er á að gera þarf grein fyrir hverfisverndun húsanna í gulum flokki á deiliskipulagsupprætti.

²⁰⁷ *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.*

HÚSVERNDARKORT Nauthólsvík



Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir / Skjöl

Borgarskjalasafn Reykjavíkur:

Aðfnr. 739. Brunavirðingabók 1917-1920. Brunavirðing dags. 03.06.1919. Haukaland (br.nr: 1430).

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).

Byggðar lóðir í Reykjavík. Spjaldaskrá.

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdrættir.

Skjalasafn um fornleifar.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Minjastofnun Íslands:

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013. Sótt 30.09.2019 af

http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Skipulagsstofnun:

Skipulagsuppdrættir.

Skjalaver Reykjavíkurborgar:

Skipulagsuppdrættir.

Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Aðaluppdrættir.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Örnefnalýsing Skildinganesjarðarinnar nr. 181156-2. Skráð af Guðlaugi R.

Guðmundssyni, heimildamaður Jósefína Eyjólfsdóttir.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur. Reykjavík 2013. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur>.

Anna Lía Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 130. Reykjavík 2013.

Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1917-1928*. Reykjavík 1971.

Arngrímur Sigurðsson: *Annálar íslenskra flugmála 1936-1938*. Reykjavík 1987.

Arnþór Gunnarsson: *Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi*. Isavia. Reykjavík 2018.

- Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, II. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 2. útg. [Ljósprentun]. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn 1982.
- Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrsla nr. 45. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík 1995.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*, XIII. bindi og IX. bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1857-1950.
- Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands 1919-1945*. Reykjavík, 1991.
- Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. Reykjavík 2000.
- Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók). Reykjavík 1989.
- Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti. Reykjavík 1991.
- Guðjón Friðriksson: „Tjörninn og mannlífið.“ *Tjörninn. Saga og lífríki*. Reykjavík 1992, bls. 42-73.
- Guðlaug R. Guðmundson: „Lýsing Skildingarnesjarðarinnar“. *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess* 1. Reykjavík 1983.
- Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Guðmundsdóttir: *Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 161. Reykjavík 2013.
- Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*. Árbæjarsafn og Borgarskipulag. Reykjavík, 1993.
- Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit.
- Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.
- Lýður Björnsson: *Saga Hitaveitu Reykjavíkur 1928-1998*. Orkuveita Reykjavíkur. Reykjavík 2007.
- Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar“. Sótt 6.12.2018.
- Dagblaðið Vísir*, 9.9.1983.
- Lesbók Morgunblaðsins*, 21.10.2000.
- Morgunblaðið*, 26.6.1916; 30.8.1919; 3.9.1919.
- „Nauthólsvík - Deiliskipulag“. Unnið af Yngva Þór Loftssyni landslagsarkitekt / Landmótun efh. Sp. 6.10.1998. Sjá Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar: <http://map.is/skipulag/> → Smella á svæðið: Deiliskipulag Nauthólsvíkur. Sótt 3.4.2019.

Oddgeir Isaksen: *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 1. Reykjavík 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit.

Oscar Aldred: *Excavations at Nauthóll 2007. Framvinduskýrsla/Interim Report*. Skýrsla: FS371-07281. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2017.

Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, A-G. Reykjavík 1986.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi, H-P. Reykjavík 1987.

Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, R-Ö. Reykjavík 1988.

Reykjavík, 11.10.1902.

Skipulagslög - nr. 123 - 22.9.2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Skipulagslög“. Sótt 6.12.2018.

Valsblaðið, 11.5.1961.

Þorleifur Þorleifsson, „Járnbrautin í Reykjavík“, Sagnir 11. árgangur 1973.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*. Vaka-Helgafell. Reykjavík 2002.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Ljósmyndasafn Digital Arkivet í Noregi: <https://foto.digitalarkivet.no/fotoweb/>

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, manntöl 1703-1920. Sótt 11.12.2019 af <http://manntal.is/>

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: <http://sarpur.is/>

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/> → Söfn: Skipulagsuppdrættir. Aðaluppdrættir.

Vefur alþingis: <http://www.althingi.is/>.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur

Vefur Landhelgisgæslu Íslands. Heimasíða: Fréttasafn, fréttayfirlit. „Herdeild 330 frá Konnunglega norskaflughernum heimsækir flugdeild Landhelgisgæslunar“ Sótt 16.12.2019 af <http://www.lhg.is/frettir-og-fjolmidlar/frettasafn/frettayfirlit/nr/1049>

Vefur Landmælinga Íslands. Bæjarteikning: Hluti af korti fyrir Nauthól 1902. Sótt 11.9.2019 https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/baejarteikningar/Baejarteikningar_jpg_veflausn/RVK_myndir/B27LB10.jpg

Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.

Vefur Þjóðskrár Íslands: <http://www.skra.is/>.

Ljósmyndir og teikningar í kafla 2.4.1 Húsaskrá Reykjavíkur:

Teikningar eru fengnar af teikningavef Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Aðaluppdrættir.

Loftmyndir eru fengnar af Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Aðrar ljósmyndir eru teknar á vettvangi í febrúar og mars 2019, af Drífu K. Þrastardóttur, Borgarsögusafni.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð*. Byggðakönnun. *Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdarefirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdarefirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lís Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Borgartún 34-36*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Ellidárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsveggar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar, fornleifarannsókn, áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnarsvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir, Arthur Knut Farestveit, Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir, Gunnar Grímsson, Sigrún Hannesdóttir, Valur Magnússon: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innstíglamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.



Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar, 2020

Efni: Umsögn veitna vegna breytinga á deiliskipulagi við Nauthólsvík

Veitur hafa rýnt tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nauthólsvík. Breytingin felur í sér aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú á 350 m kafla nýrrar tveggja akreina akbrautar fyrir almenningssamgöngur.

Veitur gera eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Rafmagn

Framangreind ný akbraut sem lýst er í breytingu á deiliskipulagi er of nálægt dreifistöðin Veitna við Nauthólsvík og veldur því að Veitur muni þurfa að setja upp nýja dreifistöð verði framangreind breyting á deiliskipulagi samþykkt. Einnig mun þurfa að leggja nýja strengi í átt að nýrri dreifistöð og færa lágspennustrengi sem eru á svæðinu.

Fráveita

Fyrirhuguð landfylling sem kynnt er í framangreindri breytingu á deiliskipulagi raskar útrásarenda fyrir regnvatn vestan við Nauthólsvík. Tvær 600 mm fráveitulagnir þvera stoppistöð Borgarlínu skv. framangreindri tillögu um breytingu á deiliskipulagi. Gerð er krafa um að kvöð fyrir stofnlögn fráveitu á uppdrætti verði 10 m breið í stað 4 metra eins og lýst er í tillögu..

Bendum einnig á að þrýstilögn fráveitu frá Kópavogi liggur þar sem fyrirhuguð er landfylling.

Heitt og kalt vatn og rafmagn

Borgarlínan þverar heitavatns lögn á tveimur stöðum. Tryggja þarf 14 m svæði fyrir lagnir veitna sem gert er ráð fyrir að liggi með fram Borgarlínu á þessum kafla og yfir Fossvogsbrú.

Samráð

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samstarfs á framkvæmdatíma og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri styrkingu kerfisins, færslu lagna þar sem þess er þörf og samþættingu við framkvæmdir á vegum Veitna.

Áhersluatriði við komandi framkvæmdir

Við uppbyggingu svæðisins þarf að huga að uppbygging innviða verði samhliða framkvæmdum á svæðinu.

Helstu þættir eru eftirfarandi:

- Framkvæmdaáðila ber að gera tilheyrandi ráðstafanir tímalega til að koma í veg fyrir að lögnum verði raskað.
- Tryggja þarf rými fyrir blágrænar ofanvatnslausnir.
- Kostnaður við færslu lagna vegna breytinga í skipulagi greiðist samkvæmt samkomulagi Veitna og Reykjavíkurborgar um kostnaðarskiptingu.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Reykjavíkurborg - umhverfis- og skipulagssvið
Bt skrifstofu skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14
101 Reykjavík

Reykjavíkurlugvelli, 29. janúar 2020
2001060KA

Efni: Nauthólsvík í Reykjavík, tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Vísað er til umsagnarbeiðnar dags. 13.12.2019 varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Nauthólsvík. Isavia ohf. ítrekar fyrri ábendingar sínar varðandi fyrirhugaða byggingu brúar og akbrautar vegna Borgarlínu. Einnig er vísað til athugasemda sem gerðar voru við færslu á öryggisgirðingu í tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlugvallar.

Félagið bendir á að hindranafletir Reykjavíkurlugvallar eru skilgreindir sem svæði með hæðartakmörkunum á hvers konar mannvirkjum, farartækjum eða gróðri innan og í nágrenni flugvallarins og á áhrifasvæði hans. Núgildandi hindranafletir eru skilgreindir á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga og reglugerðar nr. 75/2016: Reglugerð um kröfur og stjórnáslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008.

Isavia ohf. bendir á að taka þurfi tillit til helgunarsvæðis aðflugsbúnaðar sem nú er til staðar við flugbrautarendann innan girðingar sem er hluti af búnaði við nákvæmnisaðflug inn á flugbrautina. Umferð ökutækja og vinnuvéla getur truflað sendingar frá búnaðinum til loftfara í aðflugi.

Félagið gerir jafnframt athugasemd við að ekki sé sýndur hindrunarflötur flugvallar á breytingartillögunni og bendir á að ekki megi rjúfa hindrunarflöt. Félagið gerir einnig athugasemd við að ekki liggja fyrir hæðarlega akbrautar ætlaðri almenningssamgöngum og stoppistöðva þar af leiðandi er ekki hægt að meta raunveruleg áhrif af breytingartillögunni.

Isavia ohf. leggur ríka áherslu á í ljósi ofangreindra atriða, að samráð verði haft við félagið við ákvörðun á hæðarlegu akbrautar og toppkóta stoppistöðva, en stærð og hraði ökutækja sem þarna munu fara um geta haft áhrif á búnað flugvallarins og loftfara. Félagið bendir jafnframt á að hindrunarflötir og aðrar takmarkanir sem kveðið er á um í skipulagsreglum flugvallarins gilda einnig á framkvæmdatíma.

Athugasemdir þessar eiga við um allar nýjar akbrautir og girðingar sem liggja meðfram Reykjavíkurlugvelli.

Virðingarfyllst,
f.h. Isavia ohf.


Hafdis Perla Hafsteinsdóttir, lögfræðingur

Afrit: Samgöngustofa

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

***Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna
tillagna að breytingu á deiliskipulagi
Nauthólsvíkur, Reykjavíkurflugvallar og
Ingólfsstræti 1***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 28. janúar 2020 var svohljóðandi umsögn ráðsins um tillögur að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, Reykjavíkurflugvallar og Ingólfsstræti 1 lögð fram sbr. 10. lið fundargerðar s.d:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir því við umhverfis og skipulagssvið að í öllu deiliskipulagi sé liður þar sem algild hönnun og aðgengi fyrir alla sé tekið fyrir. Það vantar að gera grein fyrir aðgengismálum í tillögum að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, Reykjavíkurflugvallar og Ingólfsstræti 1 og óskar íbúaráðið eftir því að það verði gert.

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson

Minnisblað


STAÐUR | DAGS.: Reykjavík | 30.04.2020
VIÐTAKANDI: Reykjavíkurborg
SENDANDI: II / HRH

Um deiliskipulagsbreytingu við Reykjavíkflugvöll

Tillaga að legu Borgarlínu milli Nauthólsvegjar og fyrirhugaðrar Fossvogsbúar rýnd með tilliti til hindranafleta flugvallar og hönnunarforsenda sem notaðar eru við frumdrög Borgarlínu.

Í tillögu EFLU verkfræðistofu varðandi legu nýrrar götu sem notuð er til grundvallar í tillögu að deiliskipulagsbreytingu er gatan sýnd 7,2m og hjólastígur 2,7m.

Í frumdragarvinnu vegna Borgarlínu er unnið með að breidd götu fyrir Borgarlínu sé 7,0m og tvístefnuhjólastígar a.m.k. 3,0m.



Grunnmynd sýnir legu götu og stíga skv. deiliskipulagstillögu við suðurenda flugvallar. Hindranafötur flugvallar sýndur með bláum og rauðum hæðarlínum.

Í tillögu að nýju deiliskipulagi er Borgarlínugata almennt í um 3,5m fjarlægð frá flugvallargirðingu sunnan flugbrautarenda N-S flugbrautar. Þá virðist sem gatan og fyllingin sveigi til norðausturs áður en komið er fyrir horn girðingar austan megin við flugbrautarendann og þar eru aðeins um 2,5m milli götu og girðingar. Æskilegt væri að gatan haldi sömu fjarlægð frá girðingu á þessum kafla og sveigjan færir austar.


Við suðurenda flugbrautar er aðflugsbúnaður sem er með 15m helgunarsvæði, mælt frá miðri undirstöðu búnaðarins. Skv. upplýsingum frá ISAVIA um staðsetningu þessa aðflugsbúnaðar er fjarlægð milli búnaðarins og fyrirhugaðrar götu um 16m, mælt frá uppgefinni staðsetningu aðflugsbúnaðar og að þeim kanti götunnar sem nær er búnaðinum.

Hindranafletir vegna aðflugs/flugtaks eru í hæðarkóta 8,7-9,7m á krífskum stöðum þar sem Borgarlína og stígar eru fyrirhugaðir næst öryggissvæði flugvallar (merkt á mynd) og í hæðarkóta 9,2-9,7m á fyllingu sunnan flugbrautarenda.

Við skoðun á hæðarlegu nýrrar götu fyrir Borgarlínu hefur hér verið miðað við hæðarlega götu verði minnst 5m undir hindranafleti flugvallar, þ.e. sömu fríhæð eins og ef um væri að ræða vegbrú (skv. töflu 2.2-3 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar). Gert er ráð fyrir að lágmarks langhalli götunnar sé 0,5% við kanstein (sbr. kafla 3.4 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar).


Minnsti hæðarkóti Borgarlínugötu verður þannig 3,7m y.s. sem er 0,8m lægra en fyrirhuguð hæð landfyllingar.

Miðað við þessar forsendur verður gatan í skeringu á um 250 m löngum kafla suðaustan við flugbrautina (sjá grunnmynd). Mesta skering yrði allt að 3m og lágpunktur götunnar yrði í skeringunni þar sem hindranafliotur flugvallarins er lægstur.



Snið AA: Í mestu skeringu götu, á krífskum stað mtt. hindranafliotar.

Við flugbrautarenda þarf að aðlagða hæðarlegu að hindranafleti, lágpunkti götunnar og tengingar við fyrirhugaða brú yfir Fossvog.



Snið BB: Sunnan flugbrautar á nýrri landfyllingu.

Á næstu stigum hönnunar þarf að skoða nánar hæðarlegu götunnar með tilliti til sjávarfalla, afvötnunar og fríhæðar undir hindranafleti flugvallar.

Borgarlínu er hægt að koma fyrir milli Nauthólsvegjar og Fossvogsbrúar miðað við tillögu að breyttu deiliskipulagi, en þó með nokkurri landmótun og skeringu í núverandi land auk fyrirhugaðrar landfyllingar.

Taka mætti til athugunar hvort rétt sé að gera ráð fyrir breiðari stígum en gert er í deiliskipulagstillögunni þar sem um er að ræða mikið notaða útvistarstíga og til framtíðar má búast við enn meiri umferð hjólandi og gangandi. Gjarnan mætti vera rými til að breikka bæði hjóla- og göngustíga í a.m.k. 4m.



Reykjavík 15. maí 2020

Varðar: Nauthólsvík, breyting á deiliskipulagi.

Að auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú á um 350 m kafla nýrrar tveggja akreinar akbrautar fyrir almenningssamgöngur sem fellur innan deiliskipulagsins. Kaflinn er hluti af stærri framkvæmd sem er brú yfir Fossvog fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur. Samhliða breytingunni eru gerðar nokkrar fleiri breytingar á skipulaginu og það uppfært miðað við núverandi ástand. Lagðir eru fram uppd. Landmótunar dags. 11. nóvember 2019. Einnig er lögð fram greinargerð Landmótunar dags. 11. nóvember 2019. Jafnframt er lögð fram fornleifaskrá og húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 2019.

Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn:

- 1) Veitur dags. 23. janúar 2020.
- 2) Isavia dags. 29. janúar 2020.
- 3) íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020.

Athugasemdir og svör.

1) Veitur dags. 23. janúar 2020,

Veitur gera athugasemdir í nokkrum liðum varðandi rafmagn, fráveitu, heitt og kalt vatn, samráð o.fl. Veitur telja að ný akbraut sé of nálægt dreifistöð Veitna. Fyrirhuguð landfylling raskar útrásarsenda fyrir regnvatn vestan við Nauthólsvík. Jafnframt að kvöð um stofnlögn fráveitu á uppdrætti verði 10 m breið í stað 4 m. Jafnframt að Borgarlínan þverar heitavatnslögn á tveimur stöðum og að tryggja þarf allt að 14 m svæði fyrir lagnir Veitna sem gert er ráð fyrir að liggi meðfram Borgarlínu á þessum kafla. Veitur óska eftir upplýsingum um áform og tímasetningar, mikilvægi samstarfs varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir.

Svar: Kvaðir um lagnir á uppdrætti hafa verið endurskilgreindar í samráði við Veitur og þeirra athugasemdir við auglýstri tillögu. Sjá nánar uppfærðar kvaðir á uppdrætti.

2) Isaiva, dags. 29. janúar 2020

Isaiva bendir á hindrunarfleti Reykjavíkurflugvallar varðandi hæðartakmarkanir í nágrenni flugvallar og áhrifasvæðis hans, og vill að hindrunarflötum flugvallar sé bætt inn á uppdrátt auk þess sem ekki megi rjúfa hindrunarflöt. Jafnframt að taka þurfi tillit til helgunarsvæðis aðflugsbúnaðar. Auk þess er gerð athugasemd við að ekki liggi fyrir hæðarlega akbrautar ætlaðri almenningssamgöngum.

Svar: Að lokinni auglýsingu þá var tillaga að legu Borgarlínu á svæðinu rýnd af teymi Borgarlínu verkefnisins með tilliti til hindranaflata flugvallar og hönnunarforsenda sem notaðar eru við frumdrög fyrir Borgarlínu. Sjá nánar minnisblað teymis Borgarlínu sem fylgir með, dags. 30. apríl 2020. Við skoðun á hæðarlegu nýrrar götu fyrir Borgarlínu hefur verið miðað við hæðarlegu götu verði minnst 5 m undir hindranaflati flugvallar og verður þá minnsti hæðarkóti götunnar fyrir Borgarlínu í 3,7 m.y.s. sem er 0,8 m lægra en fyrirhuguð hæð landfyllingar. Miðað við þær forsendur þá verður gatan í skeringu á um 250 m löngum kafla suðaustan við flugbraut. Við enda flugbrautar þá þarf að aðlaga hæðarlegu að hindranaflati, lágpunkti götu og tengingar við fyrirhugaða brú yfir Fossvog. Þar sem núna er í gangi vinna við frumhönnun hjá teymi Borgarlínu þá þarf á næstu stigum hönnunar að skoða nánar hæðarlegu götunnar m.t.t. sjávarfalla, afvötnunar og frihæðar undir hindranaflati flugvallar.

Niðurstöður þessarar rýni þá er hægt að koma Borgarlínunni fyrir milli Nauthólsvegar og Fossvogsbrú miðað við auglýsta tillögu að breytta skipulagi, en þó með nokkurri landmótun og skeringu í núverandi auk fyrirhugaðrar landfyllingar. Með því móti þá er hægt að fara þarna um án þess að reglur Ídavia verðir brotnir eða það hafi áhrif á hæðarlegu girðingar m.v. breyttu tillögu að staðsetningu hennar. Borgarlínan verður þannig í minnst 5 m undir aðflugs/ flugtaks hindraunarflötum fyrir flugvöllinn. Sjá nánar snið á minnisblaði sem er lagt fram samhliða samþykkt þessarar umsagnar.

Við útfærslu og hönnun á akbraut fyrir Borgarlínu skal haft samráð við rekstraraðila flugvallar varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir í ljósi þeirra regla sem gilda um og í kringum flugvöllinn auk þess sem vísað verður til skipulagsreglna fyrir Reykjavíkurflygvöll í skilmálum. Taka skal tillit til helgunarsvæðis aðflugsbúnaðar og hindrunarfleta flugvallarins sbr. fjallað er um í minnisblaði teymi Borgarlínu. Fullt samráð skal haft við Ísavia um útfærsluna á næstu stigum hönnunar og svo þegar að framkvæmdum kemur.

Eftirfarandi texta verður bætt við á uppdrátt og í greinargerð skipulagsins.

“Tillaga að legu Borgarlínu á svæðinu var rýnd af Verkefnastofu Borgarlínu með tilliti til hindranaflata flugvallar og þeirra hönnunarforsenda sem stuðst er við í undirbúningi að gerð frumdragarskýrslu fyrir Borgarlínuverkefnið, sjá minnisblað Verkefnastofu Borgarlínu, dags. 30. apríl 2020. Forsendur miða við að hæðarlega akstursleiðar borgarlínu verði minnst 5 m undir hindranaflati flugvallar og jafnvel neðar. Frekari útfærsla og hönnunarviðmið akstursleiðar Borgarlínu að Fossvogsbrú verða hér eftir sem hingað til unnar í samráði við Ísavia”.

3) Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020.

Íbúaráðið óskar eftir því að í öllu skipulagi sé sérliður þar sem algild hönnun og aðgengi fyrir alla sé tekið fyrir. Það vantar að gera grein fyrir aðgengismálum í tillögu skipulagsins.

Svar: Bætt er inn í greinargerð skipulagsins að fylgja skuli leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar varðandi kröfur um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla. Janframt skal bent á markmið í kafla 7 í byggingargeglugerð um útisvæði við mannvirki; að við hönnun útisvæða skal, eftir því sem framast er unnt, beitt algildri hönnun þannig að almennt sé jafnt aðgengi allra að byggingum og lóðum þeirra.

<http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Byggingarsvid/Leidbeiningarblod/6.1.3%20%20%20Kr%C3%B6fur%20um%20algilda%20h%C3%B6nnun-1.2.pdf>

Niðurstaða

Skipulagstillaga og greinargerð er uppfærð í samræmi við svör skipulagsfulltrúa. Bætt er við í skilmála ákveðin atriði sem lýst hér er að framan. Jafnframt er lagt fram minnisblað teymi Borgarlínu, dags. 30. apríl 2020 sem útskýrir einstaka þætti varðandi akbraut og legu fyrirhugaðrar Borgarlínu.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**